FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
264. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR
— MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* —
FIMMTUDAGUR 9. NÓVEMBER 2017



Nýir og ferskir þingmenn sátu á skólabekk í gær og kynntu sér þingstörfin, líkt og venjan er þegar nýtt fólk sest á þing. Enn hefur lítið þokast í viðræðum flokkanna um að mynda ríkisstjórn, eftir að slitnaði upp úr viðræðum vinstri flokkanna á mánudag. Enginn augljós kostur er í stöðunni, en þó nokkrir sækjast eftir stjórnarmyndunarumboði. Sjá síðu 4. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Ferðamenn skulda 160 milljónir í sektir

**Aðeins um helmingur ferðamanna sem myndast í hraðamyndavélum landsins greiðir sektir sínar. Fjöldi slíkra mynda sem teknar eru hefur margfaldast á síðustu árum. Engar formlegar verklagsreglur eru til.**

**LÖGGÆSLA** Um fjórðungur þeirra hraðasekta sem til verða við hraðakstur fram hjá hraðamyndavélum landsins innheimtist ekki. Langstærstan hluta þessa má rekja til erlendra ferðamanna en tæplega helmingur þeirra greiðir sektir sínar.

Í fyrra voru 45.160 brot skráð vegna mynda úr hraðamyndavélum og hafði fjöldinn þrefaldast frá árinu 2013. Af þeim voru 16.447 sektir sem ekki innheimtust. Að sögn Ólafs Guðmundssonar, yfirlögregluþjóns hjá lögreglunni á Vesturlandi, er meðalsektarupphæð vangreiddra sekta um 10 þúsund krónur. Varleg áætlun leiðir því ljós að 160 milljónir króna, hið minnsta, innheimtust ekki á síðasta ári. Talan er tvöfalt hærri en árið 2015.

„Þegar myndavélin smellir af mynd þá flettum við upp skráðum eiganda. Ef sá eigandi reynist vera bílaleiga þá köllum við eftir upplýsingum um það hver var skráður leigutaki á þeim tíma. Sé sektin 30 þúsund krónur eða meira þá sendum við sektarboð til viðkomandi,“ segir Ólafur.

Þrír starfsmenn embættisins sjá um að skrá brot, senda út sektir og samskipti við bílaleigur sé þess þörf. Fjárheimildir fyrir starfið hafa ekki aukist frá 2007 þrátt fyrir launahækkanir og gífurlega fjölgun brota.

„Það eru engar vinnureglur til um hvað skuli gera ef ökumaður reynist ferðamaður. Við settum okkur viðmiðið 30 þúsund krónur sjálf á sínum tíma. Við tókum það upp sjálf að senda sektarboð út,“ segir Ólafur. Hann bætir því við að næsta sekt fyrir neðan, það er þar sem hámarkshraði er 90 km/klst., sé 10 þúsund krónur og það taki því ekki að eltast við slíkar upphæðir. Það að skrá þær sektir inn í kerfið myndi auka vinnuálag til muna, sem þó er mikið fyrir.

Sektarboðsbréf hafa verið þýdd á sex tungumál og eru send heim til viðkomandi. Það að koma fjármunum til embættisins getur þó verið vandkvæðum háð.

„Við höfum kallað eftir því að sett verði upp greiðslugátt sem lögreglan gæti nýtt sér. Það gæti aukið innheimtuhlutfallið,“ segir Ólafur. – **jóe**

## Íslensk kjötsúpa í norskri vegasjoppu

**LÍFIÐ** Fljótlega geta brottfluttir Íslendingar í Noregi fengið sér skál af ilmandi kjötsúpu, hangikjöti, fiskréttum og uppstúf og fleiru í vegasjoppunni Spisekroken eða Matkróknum í smábænum Jessheim. „Er núna að vinna í að fá íslenska hangirúllu og úrbeinað hangikjöt, ætla að reyna að bjóða upp á jólamat fyrir landann með uppstúf og stöppu. Svo verður það gamla góða íslenska kjötsúpan og svo fiskréttir. Annars er þetta erfitt að eiga við, ég er mest með fastakúnna sem vilja bara þetta gamla norska,“ segir veitingamaðurinn Steinar Agnarsson sem reynir fyrir sér í veitingasölu í Noregi ásamt eiginkonu sinni, Kristínu Hjálmarsdóttur. – **áhg** / sjá síðu 56

## Fréttablaðið í dag



**SKOÐUN** Örlygur Hnefill um einelti. 22

**SPORT** Tap hjá strákunum okkar í gær í fyrsta leik Íslands sem HM-þjóð. 32

**MENNING** Blindrahundur, heimildarmynd um líf og list Birgis Andréssonar, í leikstjórn Kristjáns Loðmfjörð komin í Bíó Paradís. 40

**LÍFIÐ** Þau sem hlutu tilnefningar til Hönnunarverðlauna Íslands svara spurningum. 50

**PLÚS SÉRBLAÐ** ● **FÓLK**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015






## Veður




Hvöss norðvestlæg átt um landið austanvert, einkum á annesjum, en mun hægari breytileg átt annars. Él norðaustan til og einnig má gera ráð fyrir stöku éljum suðvestanlands, en víða bjartviðri í öðrum landshlutum.

SJÁ SÍÐU 38

# Pottur gleymdist á eldavél við heimilisstörfin




**Eldur kviknaði í íbúð á Miklubraut í Reykjavík á sjötta tímanum í gærkvöldi en slökkviliðsmenn Slökkviliðsins á höfuðborgarsvæðinu voru fljótir á vettvang og voru þar að störfum eitthvað fram eftir kvöldi, eins og sjá má á myndinni. Samkvæmt upplýsingum frá slökkviliðinu kviknaði í eftir að pottur hafði gleymst á eldavél við heimilisstörfin. Vel gekk að ráða niðurlögum eldsins, en reykræsta þurfti húsnæðið á eftir.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Fleiri ásaka Kevin Spacey

**BANDARÍKIN** Enn í gær bættist í hóp þeirra sem ásaka bandaríska leikarann Kevin Spacey um kynferðislega áreitni og ofbeldi. Fyrrverandi fréttaþulurinn Heather Unruh boðaði til blaðamannafundar í Boston í gær. Sagði hún þar frá því að Spacey hefði beitt son hennar, þá átján ára, kynferðislegu ofbeldi á krá í Nantucket.

Unruh sagði Spacey hafa keypt áfengi fyrir son sinn en í Massachusetts þarf að vera 21 árs til þess að kaupa áfengi. „Þegar Spacey var búinn að hella hann fullan stakk hann hendinni inn undir buxur sonar míns og greip í kynfæri hans,“ sagði Unruh og bætti við:

„Skammastu þín fyrir það sem þú gerðir syni mínum.“ **– þea**



**Kevin Spacey, leikari.** NORDICPHOTOS/GETTY

## LungA hlaut viðurkenningu

**MENNING** Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, veitti í dag LungA – Listahátíð ungs fólks á Austurlandi, heiðursviðurkenningu við hátíðlega athöfn á afmælishátíð Erasmus+, mennta- og æskulýðsáætlun ESB, sem fram fór í Hörpu.

Björt Sigfinnsdóttir, framkvæmdastjóri LungA, og Aðalheiður Borgþórsdóttir, einn af stofnendum LungA, tóku við viðurkenningunni.

LungA hefur í meira en áratug nýtt sér styrki í æskulýðshluta Erasmus+ til að byggja upp listahátíð og LungA skólann. **– srs**

## Ylfingi og Jónsa hleypt í gegn

**SAMFÉLAG** Mannanafnanefnd hefur hafnað beiðni um að tvö börn fái að heita Mia og Zion. Fimm nöfn voru samþykkt.

Hvorki Mia né Zion þótti uppfylla skilyrði íslenskra ritreglna þar sem i er ekki ritað á undan a eða o í ósamsettum íslenskum orðum. Þá þótti hvorugt nafnið hafa unnið sér hefð í tungumálinu.

Kvenmannsnöfnunum Selinu og Alisu var hleypt í gegn athugasemdalaust og sömu sögu er að segja af karlmannsnöfnunum Jónsa og Ylfingi.

Sérstaklega var fjallað um kvenmannsnafnið Aríel en það hefur verið samþykkt hér á landi sem karlmannsnafn. Nefndin vísaði til þess að fordæmi væru fyrir því að nafn gæti verið borið bæði af körlum og konum. Gildir það meðal annars um nöfnin Blær, Júní og Auður. Því var fallist á beiðnina um Aríel. **– jóe**





PFAFF - GRENSÁSVEGI 13 - SÍMI 414 0400 - PFAFF.IS - **Fylgstu með okkur á Facebook**


# Leitar gamals bekkjarbróður síns á Íslandi

**Bandarísk kona leitar manns sem hún þekkti fyrir næstum sextíu árum. Hefur hlýjar minningar um manninn, sem heitir Helgi. Konan er hér á landi á ferðalagi en hefur mikinn áhuga á að nýta tækifærið og hitta þennan gamla vin að nýju.**

**SAMFÉLAG** Bandarísk kona frá Ann Arbor í Michigan leitar að gömlum skólafélaga sínum hér á landi. Manninn þekkti hún þegar þau voru saman í grunnskóla, átta ára gömul. Hún á mynd af manninum en kann ekki önnur deili á honum.

„Þegar ég var átta ára gömul var ég í þriðja bekk í Northside-grunnskólanum árið 1961-62 í Ann Arbor í Michigan. Þá var ég svo heppin að hitta Helga frá Íslandi,“ segir Cherie Lockett. Helgi hafi verið einn af fjölmörgum nemendum sem gengu í skólann í eitt ár eða tvö. Sennilegast hafi foreldrar hans verið í námi við Háskólann í Michigan, en sá skóli er einmitt í Ann Arbor. „Það var alltaf mjög gaman að hitta krakka frá fjarlægum löndum. „Helgi var algjört uppáhald, bjartur yfirlitum, vinalegur og forvitinn. Hann hafði fallegt bros og rautt hár sem greindi hann frá öðrum. Hann kom frá landi sem virtist vera svo óralangt í burtu,“ segir Cherie.

Cherie segir að fyrir átta ára gamla stelpu hafi Ísland virst vera í órafjarlægð og erfitt að átta sig á því hvar það var. „Þetta var ekki eins og með bekkjarfélaga mína frá Egyptalandi eða Brasilíu eða Japan,“ útskýrir hún.

Í hennar huga hafi Helgi verið frá einhverjum virkilega skemmtilegum stað. Sá staður varð alveg einstakur eftir að móðir Helga hafði komið og varið eftirmiðdegi með bekkjarfélögum hans að ræða við þau og fræða þau um Ísland. „Til að toppa þetta allt saman þá kenndi móðir hans okkur spennandi barnalag frá Íslandi,“ segir Cherie. Hún segir Reykjavík alltaf hafa komið upp í hugann þegar hún hugsar um þennan spennandi rauðhærða dreng.




**Cherie segir að það hafi verið öðruvísi að hitta Helga frá Íslandi en aðra félaga frá Egyptalandi eða Brasilíu.**

> **Ég er hérna eins og svo margir aðrir ferðamenn, nema hvað ég er með minningar og skólamynd af þessu fallega og sakleysislega brosi Helga.**
>
> Cherie Lockett, ferðamaður frá Michigan



„Ég er enn með stjörnur í augunum eftir öll þessi ár og ég vonaði að einn góðan veðurdag myndi ég fara til Reykjavíkur. Ég er hérna eins og svo margir aðrir ferðamenn, nema hvað ég er með minningar og skólamynd af þessu fallega og sakleysislega brosi Helga,“ segir Cherie.

Cherie kom til landsins í fyrradag og dvelur hérna á Íslandi fram í næstu viku. Hún óskar þess að hitta þennan gamla vin sinn meðan á dvöl stendur. **jonhakon@frettabladid.is**

得

# 100 ÁRA AFMÆLIS TILBOÐ




Outlander Invite+ PHEV 4x4
**4.590.000**
Verðlistaverð: 4.990.000

Ath! Verð og tilboðsverð kann að vera háð gengi erlendra gjaldmiðla á hverjum tíma og getur því breyst án fyrirvara.

## SVONA VERÐ BÝÐST BARA EINU SINNI Á HUNDRAÐ ÁRA FRESTI

**Outlander PHEV Invite+** er sérlega vel útbúinn, á einstöku verði og með fimm ára ábyrgð. Þessi fjórhjóladrifni gæðingur gengur bæði fyrir rafmagni og bensíni svo þú getur ferðast innanbæjar á rafmagninu eingöngu og nýtt svo bensínið á lengri ferðum. Hagkvæmni í rekstri og þægindi í akstri gera Outlander PHEV Invite+ að frábærum kosti. Komdu í reynsluakstur og finndu hvernig hann leikur við þig!

- Leðurklætt aðgerðastýri fyrir útvarp, hraðastilli og Bluetooth
- Regn- og ljósaskynjarar
- Hæðarstillanlegt bílstjórasæti
- 7 SRS loftpúðar
- ASTC spólvörn
- Brekkuaðstoð (Hill Start Assist)
- Lyklalaus ræsing
- Hiti í sætum og stýri
- 18" álfelgur
- App tenging til að forhita bíl og stýra hleðslu
- Smartlink margmiðlunartæki með tengingu fyrir Android Auto og Apple Carplay
- LED aðalljós, dagljós og þokuljós
- 360° myndavél

FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU 5

MITSUBISHI MOTORS
FYRIR HUGSANDI FÓLK

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ

# Katrín stendur frammi fyrir erfiðri ákvörðun um myndun stjórnar

**STJÓRNMÁL** Kostum í stjórnarmyndun hefur fjölgað og fækkað á víxl þá tíu daga sem þreifingar um stjórnarmyndun hafa staðið. Þrátt fyrir að forystumenn keppist við að segja allt galopið virðist raunin sú að allir kostir eru erfiðleikum bundnir.

Margir spá því að forsetinn fari að hugsa sér til hreyfings og veiti Bjarna Benediktssyni umboð til stjórnarmyndunar. Hins vegar eru flestir þeirrar skoðunar meðal viðmælenda blaðsins að Katrín Jakobsdóttir standi með pálmann í höndunum. Hún á hins vegar bæði völina og kvölina enda stendur hún frammi fyrir þeirri erfiðu ákvörðun hvort mynda eigi ríkisstjórn VG, Framsóknar og Sjálfstæðisflokks í óþökk margra flokksfélaga sinna.

Með stjórnarmyndunarumboði hefði Bjarni hins vegar sterkari stöðu gagnvart Katrínu, sérstaklega varðandi embætti forsætisráðherra enda gerð rík krafa um það í báðum flokkum að formenn þeirra leiði ríkisstjórn. Eins og blaðið greindi frá í gær heyrast raddir innan þingflokks Sjálfstæðismanna um að Bjarni eigi þann kost að gefa Katrínu eftir forsætið gegn því að fá fleiri ráðherrastóla enda margir reyndir stjórnmálamenn í þingflokknum sem Bjarna gæti reynst erfitt að ganga fram hjá við myndun ríkisstjórnar.

Þrátt fyrir að Bjarni hafi orðað viðræður við Framsóknarflokk, Miðflokk og Flokk fólksins í kvöldfréttum Stöðvar 2 í gær, eru skiptar skoðanir um hvort sú stjórn er raunhæfur kostur enda ekki einhugur um samstarf í þá átt, hvorki meðal Sjálfstæðismanna né Framsóknarmanna.

Þrýst er á Katrínu um að reyna aftur viðræður frá vinstri til miðju með þátttöku Viðreisnar, í stað þess að ræða við Sjálfstæðisflokk og Framsókn. Samkvæmt heimildum eru meiri líkur á að Viðreisn taki sæti í stjórn frá vinstri til miðju en með Sjálfstæðisflokki. – aá



**Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna**

# Spennan minnkar í hagkerfinu

**EFNAHAGSMÁL** Greiningardeild Arion banka gerir ráð fyrir 4,2 prósenta hagvexti í ár en að svo taki að hægjast á og að hagvöxtur verði milli tvö og þrjú prósent til 2020. Það þykir eðlilegri hagvöxtur til lengri tíma. Greiningardeildin telur að einkaneysla muni draga vagninn út spátímann, en einnig verði nokkur fjárfesting. Ferðaþjónusta muni áfram vaxa en hægar en áður og sterk króna og mikill kaupmáttur muni styðja við áframhaldandi innflutningsvöxt.

Greiningardeild telur að arðgreiðslur úr bönkunum geti hjálpað ríkinu við að fjármagna uppbyggingu innviða, en þær dragi um leið úr getu ríkisins til að greiða niður skuldir. „Skoða þarf fleiri leiðir til fjármögnunar, skilgreina hlutverk einkaaðila og hvaða verkefni fjármagna má með notendagjöldum," segir í hagspánni. – jhh

# Játar manndráp af gáleysi

**DÓMSMÁL** Karlmaður á fimmtugsaldri hefur játað að hafa með gáleysi orðið erlendum karlmanni á sjötugsaldri að bana á Öxnadalsheiði í júní í fyrra. Maðurinn ók ónýtum bíl sínum á ógnarhraða undir áhrifum lyfja og varð valdur að þriggja bíla árekstri þar sem einn týndi lífi og annar slasaðist.
Áreksturinn varð þannig að maðurinn ók aftan á bíl sem ekið var í sömu átt með þeim afleiðingum að fremri bíllinn kastaðist framan á smárútu sem ekið var í gagnstæða átt.

Málið var þingfest í Héraðsdómi Norðurlands eystra á Akureyri á föstudaginn og játaði maðurinn brot sitt. – ktd

# Lífeyrissjóðir keyptu hlutabréf í Silicor fyrir rúman milljarð

**Fjórir lífeyrissjóðir hafa ásamt Íslandsbanka og Sjóvá hafa lagt um 1.350 milljónir króna inn í sólarkísilverkefni Silicor Materials. Formaður Sunnuvalla segir að fjárfestingin hafi ekki verið afskrifuð en verkefnið er án raforku og lóðar og þarf frekara fjármagn.**



**Silicor hafði fengið lóð á Katanesi á Grundartanga áður en samningum við Faxaflóahafnir var rift.** MYND/AÐSEND

**IÐNAÐUR** Félag sem er að stærstum hluta í eigu íslenskra lífeyrissjóða hefur keypt hlutafé fyrir 1.350 milljónir króna vegna uppbyggingar sólarkísilvers sem Silicor Materials vill reisa hér á landi. Uppsafnað tap íslenska hlutafélagsins Silicor Materials Holding nam 2,7 milljörðum króna í árslok 2016 en fyrirtækið hefur ekki tryggt sér raforku, lóð eða fjármögnun sem upp á vantar.

„Við höfum ekki afskrifað þessa fjárfestingu og það eru góðir möguleikar á borðinu. Einn þeirra, sem við erum að vinna í, er að byggja verksmiðju á Íslandi í annarri útfærslu," segir Ómar Örn Tryggvason, stjórnarformaður samlagshlutafélagsins Sunnuvalla sem er í eigu fjögurra lífeyrissjóða, Íslandsbanka og Sjóvár.

Silicor Materials féll í lok ágúst frá samningum við Faxaflóahafnir um lóð og hafnaraðstöðu á Grundartanga þar sem bandaríska fyrirtækið vill enn byggja sólarkísilverksmiðju. Kom þá fram að fyrirtækinu hefði ekki tekist að loka fjármögnun verkefnisins, sem metið var á 900 milljónir Bandaríkjadala eða um 95 milljarða króna, og að það væri í endurskoðun og hægagangi.

Aðalfundur Silicor Materials Holding var haldinn 23. ágúst eða degi áður en samningunum við Faxaflóahafnir var sagt upp bréfleiðis. Á fundinum var kynnt tap upp á 1.256 milljónir króna á árinu 2016. Samkvæmt ársreikningi félagsins veltur áframhaldandi rekstur og þróun verkefnisins á fjármögnun frá hluthöfum og að án hennar sé framtíð þess óviss.

Sunnuvellir er stærsti einstaki eigandi Silicor Materials Holding með 32 prósenta hlut. Að því félagi koma Lífeyrissjóður verslunarmanna, Birta lífeyrissjóður, Lífeyrissjóður Vestmannaeyja og Festa lífeyrissjóður. Félagið tók þátt í fyrri hluta fjármögnunar kísilversins í ágúst 2015 og skráði sig þá fyrir hlutafé upp á 40 milljónir dollara eða jafnvirði 4,2 milljarða króna. Eins og áður segir hafa Sunnuvellir greitt um 1.350 milljónir en sjóðirnir fjórir eiga alls 80 prósent í félaginu og hafa því reitt fram rúman milljarð. Aðrar hlutafjáraukningar eru háðar ákveðnum skilyrðum um framgang verkefnisins.

Tap Sunnuvalla í fyrra nam 831 milljón króna og þar af voru 715 milljónir vegna eignarinnar í Silicor Materials. Þar var ekki tekið tillit til taps kísilverkefnisins í fyrra þar sem sú niðurstaða lá ekki fyrir þegar aðalfundur Sunnuvalla fór fram í apríl. Eigið fé félagsins var neikvætt um rétt rúman milljarð króna í árslok 2016.

„Það er mat stjórnenda að þrátt fyrir að uppbygging sólarkísilverksmiðjunnar í Hvalfirði hafi tafist og óvissa sé fyrir hendi um framgang fjárfestingarverkefnisins þá standi bókfærð verð eignarhluta í Silicor Materials undir sér," segir í ársreikningi Sunnuvalla fyrir 2016 en þar eru bréfin í kísilverkefninu bókfærð á 963,7 milljónir. Þau eru öll í A-hlutaflokki sem veitir Sunnuvöllum forgang umfram aðra eigendur varðandi arðgreiðslur af hlutafé Silicor Materials Holding eða lækkun þess.

**haraldur@frettabladid.is**







JÓLAKÖTTURINN TEKINN Í GEGN

Skemmtileg bók um íslensku jólafjölskylduna

Einnig á ensku - tilvalin gjöf handa erlendum vinum

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | **www.forlagid.is**
Opið alla virka daga 10–18 | laugardaga 11–15

BETRI NOTAÐIR BÍLAR

# ENN BETRA VERÐ Á NOTUÐUM BÍLUM

TOYOTA

ALWAYS A **BETTER** WAY

## HÉR ERU NOKKUR ENN BETRI DÆMI:

BNB



Toyota Auris Live
Dísel, beinsk.
Á götuna 5/16 ekinn 23.000 km
Verð 2.570.000,- Rn. 991309
Enn betra verð 2.290.000,-

BNB



Toyota RAV4 VX
Bensín, sjálfsk.
Á götuna 11/15 ekinn 48.000 km
Verð 4.950.000,- Rn. 991177
Enn betra verð 4.450.000,-

BNB



Toyota Auris Wagon Live
Bensín, sjálfsk.
Á götuna 5/16 ekinn 33.000 km
Verð 2.970.000,- Rn. 991421
Enn betra verð 2.550.000,-

BNB



Toyota Yaris Live
Dísel, beinsk.
Á götuna 5/17 ekinn 19.500 km
Verð 2.270.000,- Rn. 991392
Enn betra verð 1.990.000,-

BNB



Toyota Auris Active
Bensín, beinsk.
Á götuna 5/17 ekinn 27.000 km
Verð 2.950.000,- Rn. 991435
Enn betra verð 2.580.000,-

BNB



Toyota CHR C-Enter 18” álfelgur
Bensín/rafmagn, sjálsk.
Á götuna 3/17 ekinn 3.000 km
Verð 4.450.00,- Rn. 991331
Enn betra verð 4.150.000,-

BNB



Toyota Auris Wagon Active
Bensín, Sjálfsk.
Á götuna 5/17 ekinn 28.000 km
Verð 3.390.000,- Rn. 991433
Enn betra verð 2.990.000,-

BNB



Toyota Rav4 GX
Bensín, beinsk.
Á götuna 6/17 ekinn 15.500 km
Verð 4.690.000,- Rn. 991502
Enn betra verð 4.350.000,-

BNB



Toyota Land Cruiser 150 GX
Dísel, sjálfsk.
Á götuna 7/16 ekinn 30.800 km
Verð 8.660.000,- Rn. 991496
En betra verð 7.850.000,-

BNB



Toyota Auris Active
Bensín, sjálfsk.
Á götuna 5/17 ekinn 28.000 km
Verð 3.150.000,- Rn. 991469
Enn betra verð 2.760.000,-

BNB



Toyota Verso Live
Dísel, beinsk.
Á götuna 4/16 ekinn 30.200 km
Verð 2.850.000,- Rn. 991370
Enn betra verð 2.590.000,-

BNB



Toyota Corolla Active
Bensín, sjálsk.
Á götuna 05/17 ekinn 29.000 km
Verð 3.470.000,- Rn. 991473
Enn betra verð 3.170.000,-

## BETRI NOTAÐIR BÍLAR VEITA ÞÉR HUGARRÓ

Þeir hafa staðist okkar ströngustu kröfur í 125 punkta gæðaskoðun og eru í fullri verksmiðjuábyrgð hjá Toyota eða Lexus.

Betri notaðir bílar eru á útisvæði okkar og í sýningarsal Toyota Kauptúni.
Renndu við og veldu draumabílinn.

Framúrskarandi Toyota þjónusta. Örugg og áhyggjulaus bílaviðskipti.

Þú getur alltaf selt okkur bílinn þinn aftur.

ergo

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070
www.toyotakauptuni.is

Opið mán - fös:
07.45 -18.00
Laugardaga:
12.00 - 16.00

BNB
Betri notaðir bílar

UB
Umboðssölu-bílar

VERIÐ VELKOMIN Í KAUPTÚN
VIÐ TÖKUM VEL Á MÓTI YKKUR

# Vilja fljúga yfir Jökulsá á Fjöllum og taka sýni úr ánum í dag

**NÁTTÚRA** Allar vísbendingar benda til þess að aukna rafleiðni í Jökulsá á Fjöllum megi rekja til vatnslosunar úr svokölluðu Gengissigi í Kverkfjöllum en ekki þess að jarðhitavatn streymi í ána úr Bárðarbungu. Þetta segir Ármann Höskuldsson eldfjallafræðingur.

Ármann reiknar með því að reynt verði að fljúga yfir svæðið í dag. Þá segir hann einnig eðlilegt að sýnum verði safnað úr ám á svæðinu til að ganga úr skugga um hvaðan jarðhitavatnið kemur.

„Eins og stendur gefa gervihnattarmyndirnar til kynna að vatnið komi úr Kverkfjöllum og ef svo er er þetta bara hefðbundin vatnslosun úr þessu svokallaða Gengissigi,“ segir Ármann.

Leiði mælingar og skoðun úr lofti í ljós að jarðhitavatnið komi úr Gengissiginu segir Ármann að menn muni róast í bili. „Ef það er að koma úr Bárðarbungu vitum við ekki framhaldið. Skjálftarnir sem eru búnir að vera frá því hún lauk sér af úti á sandi benda til þess að hún sé ekki búin að klára sig. Það er mjög ólíklegt annað en að hún komi með annað gos,“ segir Ármann.

Þá segir eldfjallafræðingurinn enn fremur að allur viðbúnaður sé í gangi. „Svæðið er vaktað mjög vel. Menn munu setja sig í meiri viðbragðsstöðu ef þetta reynist vera úr Bárðarbungu, en þetta er mjög líklega úr Kverkfjöllum.

> Svæðið er vaktað mjög vel.
>
> Ármann Höskuldsson eldfjallafræðingur



Breytingar á yfirborði jökuls segir Ármann að þurfi ekki endilega að sjást strax þar sem ekki er um stórhlaup að ræða. „Vatnsmagnið er ekki að aukast neitt svakalega í ánni en ef við erum að mæla aukna leiðni gæti þetta verið fyrirboði þess að það komi einhversstaðar hlaup. Þá þurfum við samt að vita hvaðan vatnið kemur.“ – þea

## Spánn íhugar breytingar á stjórnarskránni

**SPÁNN** Alfonso Dastis, utanríkisráðherra Spánar, segir að stjórnvöld séu að íhuga breytingar á stjórnarskrá landsins, sem myndu gefa héruðum landsins færi á að kjósa um sjálfstæði í þjóðaratkvæðagreiðslu.

„Við höfum skipað þingnefnd til þess að skoða möguleika á stjórnarskrárbreytingu, til þess að koma til móts við fólk í Katalóníu,“ sagði Dastis. Ákvörðunin þyrfti að vera í höndum allra Spánverja. – ig

## Smátölvur fyrir allan sjötta bekk

**MENNTAMÁL** Kristján Þór Júlíusson, mennta- og menningarmálaráðherra, og Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, afhentu nemendum 6. bekkjar í Hólabrekkuskóla og Austurbæjarskóla Microbit smátölvur í gær en tölvurnar verða notaðar í forritunarkennslu. Allir 6. bekkingar í grunnskólum landsins munu fá slíkar tölvur, alls tæplega 5.000 nemendur, en þetta er annað árið í röð sem nemendur fá slíkar tölvur.

Um er að ræða verkefni sem hleypt var af stokkunum síðasta haust af ráðuneytinu, Samtökum iðnaðarins, Menntamálastofnun, KrakkaRúv og fjölda íslenskra fyrirtækja. Er markmiðið að efla þekkingu og áhuga barna á forritun og tækni og segir í tilkynningu á vef stjórnarráðsins að ljóst sé að á næstu árum verði þekking á forritun og tækni forsenda flestra starfa hér á landi eins og annars staðar. – þea



# Segja Hveragerðisbæ brjóta á rétti sínum og sýna valdníðslu

**Hveragerðisbær afturkallaði úthlutun lóðar í Ölfusdal sem Orteka Partners höfðu fengið úthlutað undir starfsemi í ferðaþjónustu. Fyrirtækið segist hafa varið tugum milljóna í hönnun á svæðinu og segir bæjaryfirvöld brjóta með alvarlegum hætti á rétti sínum. Vilja uppbyggilegar samræður við bæinn að nýju.**

**HVERAGERÐI** „Við förum því vinsamlega fram á að bæjarráð dragi til baka öll áform um afturköllun lóða í eigu félagsins og staðfesti með formlegum hætti og að aftur verði teknar upp viðræður milli aðila á uppbyggilegum nótum með framtíðarhagsmuni þessa verkefnis og bæjarfélagsins alls að leiðarljósi,“ segir í bréfi sem Björn Ingi Hrafnsson, talsmaður og einn eigenda Orteka Partners á Íslandi, sendi Hveragerðisbæ í september.

Bærinn varð ekki við þessari umleitan. Nú hafa forsvarsmenn fyrirtækisins sent stjórnsýslukæru til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins vegna ákvörðunar bæjarins um að afturkalla úthlutun á fjórum ferðaþjónustulóðum sem félagið hafði fengið undir starfsemi ferðaþjónustu í Ölfusdal. Stjórnsýslukæran var kynnt á fundi bæjarráðs 2. nóvember.

Forsaga málsins er sú að hinn 18. ágúst 2016 samþykkti Hveragerðisbær að úthluta fyrirtækjunum lóðunum fyrir þjónustuhús, smáhýsi og gistiskála og tjaldsvæði. Hinn 15. júlí síðastliðinn var úthlutunin afturkölluð.

„Forráðamenn kærenda telja að Hveragerðisbær hafi brotið með alvarlegum hætti á rétti kæranda, m.a. með því að sýna af sér valdníðslu og virða ekki jafnræðisreglu gagnvart kæranda en að mati kæranda var Hveragerðisbæ með öllu óheimilt að afturkalla úthlutun lóðanna með þeim hætti sem gert var,“ segir í stjórnsýslukærunni.

Þá segir að félagið hafi frá síðustu áramótum verið í vinnu um gerð rammasamnings við Hveragerðisbæ varðandi lóðirnar ásamt fleiri lóðum



Yfirlitsmynd yfir Hveragerði. Bærinn lætur lögmann sinn um að svara kæru Orteka Partners. FRÉTTABLAÐIÐ/E. ÓL.

sem bærinn hafði gefið vilyrði fyrir. „Þá var félagið búið að leggja út í tugmilljóna króna kostnað vegna hönnunar á svæðinu. Dráttur á að framkvæmdir hæfust orsakast af því að bærinn var ekki búinn að afhenda hinar lóðirnar og samningum um heildarsvæðið ekki lokið.“

Í kærunni segir líka að eftir að sveitarfélagið hafi slitið einhliða viðræðum á milli aðila um rammasamning varðandi uppbyggingu hafi kæranda verið veittur mánaðarfrestur til þess að hefja framkvæmdir. Slíkur frestur sé óeðlilega stuttur samanborið við tímafresti annarra aðila sem hafi fengið úthlutaðar lóðir af hálfu sveitarfélagsins. Frestur til að hefja framkvæmdir sé aldrei styttri en 6 mánuðir eftir úthlutunarhafi



**Björn Ingi Hrafnsson, fjölmiðlamaður og einn eigandi Orteka Partners**

geti raunverulega hafið undirbúning framkvæmda.

Í fyrirtækjaskrá er Orteka Partners á Íslandi skráð í eigu FjBj ehf. og Þjónustu og viðskiptamiðlunarinnar Hóls ehf., en þau fyrirtæki eru bæði skráð í eigu félagsins Maltice Ltd, sem er skráð erlendis. Brynjar Már Magnússon er skráður stjórnarformaður fyrirtækisins og Baldur Jezorski stjórnarmaður. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins er faðir Baldurs, Franz Jezorski, á meðal hluthafa. jonhakon@frettabladid.is




# RISA TAX FREE DAGAR

F&F
20% afsláttur

AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT* AF
**SNYRTIVÖRUM, LEIKFÖNGUM, FATNAÐI**
**BÚSÁHÖLDUM OG RAFTÆKJUM**
9.-12. NÓVEMBER

*Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 19,36% er alfarið á kostnað Hagkaups.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Skilur ekki af hverju álitamál um kjörgengi endar hjá forsætisnefnd

**STJÓRNSÝSLA** Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir borgarfulltrúi segir óskiljanlegt að umræða um kjörgengi Kristínar Soffíu Jónsdóttur fari fram á forsætisnefndarfundum borgarstjórnar en ekki á borgarstjórnarfundum. Fréttablaðið hefur greint frá því undanfarið að vafi leiki á kjörgengi borgarfulltrúans og óskað hafi verið eftir lögfræðiálitum frá tveimur aðilum vegna þess.

Sveinbjörg Birna spurðist fyrir um málið á borgarstjórnarfundi í fyrradag. „18. október 2017 birtist frétt í Fréttablaðinu þar sem sagt var frá vafa um kjörgengi borgarfulltrúans Kristínar Soffíu Jónsdóttur, en deginum áður 17. október hafði hún setið fund borgarstjórnar. Ekkert var rætt um vafa á kjörgengi hennar í sal borgarstjórnar. Ekki er að sjá í fundargerðum forsætisnefndar að neinar umræður hafi farið þar fram um kjörgengi hennar og fyrst er að sjá það í fundargerð 23. október 2017,“ segir Sveinbjörg.

Sveinbjörg segir að verkefni forsætisnefndar séu tiltekin í samþykkt hennar. „Ekki er hægt að sjá hvernig álitamál um kjörgengi sé komið inn á borð forsætisnefndar enda hvergi að sjá að því máli hafi verið vísað til hennar. Því er óskað eftir skriflegu svari frá borgarlögmanni um valdsvið forsætisnefndar til að fjalla um vafa um kjörgengi, sérstaklega þegar haft er í huga að ekki er að sjá að borgarstjórn eða borgarráð, eða aðrir til þess bærir aðilar innan borgarkerfisins hafi vísað málinu til nefndarinnar. Þá er jafnframt óskað eftir að borgarlögmaður taki saman í svari sínu umfjöllun um hvaða stofnun er réttbær til að taka ákvörðun þegar vafi leikur á um almennt hæfi borgarfulltrúa,“ segir Sveinbjörg. **– jhh**



**Priti Patel, þingmaður Íhaldsflokksins.** NORDICPHOTOS/AFP

## Afsögn vegna leynifunda

**BRETLAND** Priti Patel, breskur þingmaður, sagði af sér sem ráðherra þróunarmála hjá breska utanríkisráðuneytinu í gær. Ástæðan er leynifundir sem hún átti með Benjamin Netanjahú, forsætisráðherra Ísraels, og öðrum ísraelskum embættismönnum þegar hún var í fríi þar í landi í ágúst.

Patel baðst afsökunar þegar upp komst um málið á mánudag. Þá var hún í opinberri heimsókn í Keníu en Theresa May, forsætisráðherra Bretlands, skipaði henni að koma heim í gær. **– þea**

## Enginn til Kúbu

**BANDARÍKIN** Ríkisstjórn Donalds Trump forseta Bandaríkjanna birti í gær nýjar reglugerðir sem setja takmörk á viðskipti Bandaríkjamanna við Kúbverja. Flest fyrirtæki í eigu kúbverska ríkisins voru sett á svartan lista, meðal annars hótel og verslanir. Þá munu flestir Bandaríkjamenn ekki geta ferðast til eyjunnar á eigin vegum.

Hinar nýju reglugerðir eru hluti af aðgerðum Bandaríkjastjórnar til að draga til baka hluta þeirra breytinga sem Barack Obama, fyrrverandi Bandaríkjaforseti, gerði til þess að auka samskipti ríkjanna tveggja á sínum tíma.

Bandaríkjamenn neita því hins vegar að þessi skref sem nú eru stigin tengist nýlegum hljóðárásum sem gerðar voru á bandaríska erindreka í kúbversku höfuðborginni Havana og voru þess valdandi að erindrekarnir voru kallaðir heim. **– þea**

# Heilsuspursmál að Sigurbjörg fái að halda hundinum sínum

**Læknir mælir eindregið með því að Sigurbjörg Hlöðversdóttir fái að halda hundinum Hrolli, heilsu sinnar vegna. Hún þarf að óbreyttu að yfirgefa íbúð sína á vegum Brynju, hússjóðs ÖBÍ, í Hátúni 10 um mánaðamótin vegna hundahaldsins. Læknirinn segir Hroll hafa veitt Sigurbjörgu gleði og lífsfyllingu hin síðari ár.**

**SAMFÉLAG** Læknir Sigurbjargar Hlöðversdóttur, íbúa í Hátúni 10, mælir eindregið með því að hún fái að halda hundi sínum og segir það mikilvægt heilsu hennar. Líkt og Fréttablaðið greindi frá á mánudag hefur Brynja, hússjóður Öryrkjabandalags Íslands, tilkynnt Sigurbjörgu að hún þurfi að hafa sig á brott úr íbúð sinni fyrir 1. desember næstkomandi, að hennar sögn vegna þess að hún hefur haldið þar lítinn pomeranian-hund sem heitir Hrollur. Gæludýrahald í öryrkjablokkunum í Hátúni var bannað árið 2015 en dæmi eru þó um að íbúar séu enn með gæludýr.

Sigurbjörg fær ekki flutning í annað húsnæðisúrræði þar sem gæludýr eru leyfð og má ekki til þess hugsa að þurfa að gefa frá sér hundinn, líkt og fram kom í umfjöllun Fréttablaðsins. Í baráttu sinni fyrir að halda Hrolli og íbúðinni hefur hún nú lagt fram vottorð frá heimilislækni þar sem hann mælir eindregið með því að hún fái halda honum, heilsu sinnar vegna.

Í vottorðinu rekur læknirinn að Sigurbjörg hafi um langa hríð glímt við líkamleg og andleg veikindi en að hundurinn hafi veitt henni mikla gleði og lífsfyllingu hin síðari ár og að dýrið sé henni afar kært.

„Ekki skilst mér að mikill ófriður sé vegna dýrsins enda ekki geltandi daga og nætur. Ef kattahald er leyft í húsinu er klárt að þegnum hússins er mismunað þó með tilliti til þess sem ég hef áður sagt. Fer vinsaml. fram á að Sigurbjörg fái að halda dýrinu heilsu sinnar vegna.“

Gæludýrabannið í Hátúni var afar umdeilt þegar það var komið á árið 2015 enda dýrin mikilvæg eigendum og mótmæltu íbúar og dýravinir af því tilefni fyrir utan blokkirnar og var ákvörðunin gagnrýnd harðlega. Fjöldi kvartana var ástæðan sem framkvæmdastjóri Brynju gaf fyrir banninu á sínum tíma.

Fréttablaðið hefur óskað eftir svörum við því hjá framkvæmdastjóra og stjórnarformanni Brynju hvort komið hafi til álita að endurskoða bannið, hvort einhvern tímann hafi verið gerð könnun á viðhorfi íbúa til gæludýrahalds annarra íbúa í blokkinni í ljósi þess að bannið á rætur sínar að rekja til kvartana og loks hversu mörgum íbúum hafi verið gert að yfirgefa íbúðir sínar í Hátúni vegna dýrahalds frá 2015. Ítrekuðum fyrirspurnum blaðsins hefur ekki verið svarað. **mikael@frettabladid.is**





**Sigurbjörg Hlöðversdóttir er með læknisvottorð fyrir því hversu mikilvægur hundurinn Hrollur er henni.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**Hundurinn Hrollur.**

**» Ekki skilst mér að mikill ófriður sé vegna dýrsins enda ekki geltandi daga og nætur.**

Úr vottorði frá heimilislækni




Miðnætur-
sprengja
20% afsláttur
af öllum vörum
í dag til miðnættis
herra
GARÐURINN
-klæðir þig vel
KRINGLAN
568 9234
Mathilda
Kringlunni
552 8600
BOSS
HUGO BOSS
BOSS - KONUR MENN KRINGLUNNI 533 4242

# Þingnefnd sviptir Le Pen þinghelginni

**FRAKKLAND** Franska þingið svipti Marine Le Pen, sem laut í lægra haldi fyrir Emmanuel Macron í forsetakosningum fyrr á árinu, þinghelgi í gær. Þverpólitísk þingnefnd tók þá ákvörðun í gær.

Franskir saksóknarar rannsaka um þessar mundir birtingu Le Pen á grófum myndum af athöfnum skæruliða hryðjuverkasamtakanna sem kenna sig við íslamskt ríki. Le Pen birti myndirnar árið 2015 og sýndi ein myndanna hauslausan líkama bandaríska blaðamannsins James Foley. Önnur mynd sýndi skriðdreka keyra yfir fanga samtakanna og sú þriðja sýndi fanga sem kveikt hafði verið í. Slík myndbirting er ólögleg í Frakklandi en vegna þinghelgi hefur ekki verið hægt að ákæra hana hingað til.

„Það er greinilega betra að vera hryðjuverkamaður sem kemur aftur heim frá Sýrlandi en þingmaður sem fordæmir aðgerðir Íslamska ríkisins,“ sagði Le Pen á Twitter í gær. – þea

> Það er greinilega betra að vera hryðjuverkamaður sem kemur aftur heim frá Sýrlandi en þingmaður sem fordæmir aðgerðir Íslamska ríkisins.
>
> Marine Le Pen








# Prófessor segir skilaboðin frá MDE misvísandi

**DÓMSMÁL** Dómur Mannréttindadómstóls Evrópu (MDE) í máli Egils Einarssonar gegn íslenska ríkinu sendir misvísandi skilaboð til landsdómstóla, segir í grein Davíðs Þórs Björgvinssonar, prófessors í lögfræði. Rökstyður hann mál sitt með því að MDE hafi hafnað miskabótakröfu Egils þrátt fyrir að hafa sakfellt íslenska ríkið. Það heyri til undantekninga og sé ekki sérstaklega rökstutt í dómnum.

Davíð segir málið snúast um hvort ummæli Inga Kristjáns Sigurmarssonar, sem Egill kærði fyrir meiðyrði og var sýknaður, „Fuck you rapist bastard“ fælu í sér gildisdóm eða staðhæfingu um staðreynd. Hæstiréttur taldi þau gildisdóm en MDE staðhæfingu um staðreynd.

> MDE hafi hafnað miskabótakröfu Egils þrátt fyrir að hafa sakfellt íslenska ríkið. Það heyri til undantekninga og sé ekki sérstaklega rökstutt í dómnum.

Þá segir í greininni að tveir dómarar MDE hafi lýst sig ósammála niðurstöðu meirihlutans og sögðu að virða bæri svigrúm Hæstaréttar til mats á ummælunum og var áhersla lögð á „fyrri framkomu Egils í opinberri umræðu sem hefði lotið mjög að kynfrelsi kvenna og með henni hefði hann kallað yfir sig hvöss ummæli í sinn garð“. – þea

# Sjókvíar á Íslandi menga á við óhreinsað skólp Reykvíkinga

**Samkvæmt tölum Landssambands fiskeldisstöðva er mengun frá sjókvíum líkt og óhreinsað skólp Reykjavíkur rynni í sjó fram. Umhverfisráðherra segir þetta mikið en fiskeldismenn eru ekki á sama máli. Svæðisstjóri Arnarlax á Bíldudal segir sér mikið í mun að lágmarka umhverfisáhrif framleiðslunnar eins og hægt er.**

**MENGUN** Úrgangslosun í sjó af völdum sjókvíaeldis á Íslandi samsvarar því ef skólp Reykvíkinga færi óhreinsað í sjóinn. Framkvæmdastjóri Landssambands fiskeldisstöðva segir það ekki mikið miðað við það magn sem Færeyingar og Norðmenn framleiða.

Fram kemur í tölulegum upplýsingum um umhverfisáhrif laxeldis að: „úrgangsefni við framleiðslu á einu tonni af laxi samsvarar klóakrennsli frá átta manns.“ Samkvæmt Kristjáni Davíðssyni, framkvæmdastjóra landssambandsins, segir hann að allt að 14.000 tonn verði framleidd af fiski í ár og að þessi iðnaður sé í stöðugri framþróun og sókn. Því er mjög líklegt að magn framleidds fiskjar úr sjókvíum aukist mjög á næstu árum.

14.000 tonn af framleiddum laxi og urriða í sjó þýðir því að skólp 112.000 manna rynni óhreinsað í sjóinn. Til samanburðar bjuggu í höfuðborginni í byrjun árs rétt um 123 þúsund manns.

Þorsteinn Másson er svæðisstjóri Arnarlax á Bíldudal. Hann segir fyrirtækið leggja gríðarlega áherslu á að framleiðsla þess sé í sátt og samlyndi við náttúruna og valdi engum spjöllum. Mikil verðmæti verði til í sjókvíum fyrirtækisins. „Ef við lítum til þess hversu mikið af mat við framleiðum og hversu góð nýtingin er þá er þetta ekki mikið. Okkur er mikið í mun að lágmarka umhverfisáhrif okkar eins mikið og hægt er með aðstoð Hafrannsóknastofnunar, Umhverfisstofnunar og Skipulagsstofnunar,“ segir Þorsteinn.

Björt Ólafsdóttir umhverfisráðherra telur að óhreinsaður úrgangur frá sjókvíaeldi sé nokkuð mikill séu tölurnar réttar um að þær samsvari óhreinsuðu klóakrennsli Reykjavíkur. „Það er mjög mikið að mínu mati og er ástæða þess að ég og minn flokkur vildum fara leið Norðmanna og skoða lokað sjókvíaeldi sem lágmarkar úrgang frá fiski og lágmarkar hættu á erfðablöndun,“ segir Björt. „Hér hefur umræða um erfðablöndun verið mikil en lítið talað um umhverfisáhrif eins og losun úrgangs í hafið af þessum iðnaði. Því ættum við að fara okkur hægt og taka upp bætta tækni með lokuðum kerfum.“

Kristján Davíðsson, framkvæmdastjóri LF, segir þetta ekki mikið. „Þú getur borið það saman við Færeyjar sem framleiða fjórum sinnum meira og Noreg sem framleiðir 1,3 milljónir tonna árlega. Svo er úrgangur úr fiski eins og úrgangur frá húsdýrum á landi. Þetta er áburður og lífrænt efni. Við þurfum bara að sjá til þess að hann dreifi sér vel með straumum,“ segir Kristján.

sveinn@frettabladid.is



Fiskeldi er svo sannarlega stækkandi atvinnugrein og skapar hundruð starfa á Vest- og Austfjörðum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



Kristján Þ. Davíðsson, framkvæmdastjóri Granda hf



Björt Ólafsdóttir







# Vetur 2017
# Full búð af nýjum vörum

## 30-50% afsláttur af eldri gerðum
## dagana 9.-18. nóvember

MAMMUT
SWIX
alpina
odlo
ziener
made by pros

EVEREST
Skeifunni 6 · Sími 533 4450 · www.everest.is
PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA, FAGLEG RÁÐGJÖF




LYFJA · Heilsuhúsið · Apótekið – einfalt og ódýrt · heilsa – hafðu það gott

Lyfja hf. – Opið söluferli

**Fyrirtækjaráðgjöf Kviku, fyrir hönd Lindarhvols ehf., auglýsir Lyfju hf. til sölu.**

Lyfja er stærsta keðja apóteka og heilsuverslana á Íslandi en samtals rekur félagið 50 apótek, útibú og verslanir um land allt undir merkjum Lyfju, Apóteksins og Heilsuhússins.

Einnig á Lyfja dótturfélagið Heilsu ehf. sem sérhæfir sig í innflutningi og dreifingu á matvörum, vítamínum, snyrtivörum og almennri apóteksvöru. Ríkissjóður er eigandi félagsins en Lindarhvoll ehf. sér um umsýslu þess og hefur falið fyrirtækjaráðgjöf Kviku að selja félagið í opnu söluferli.

Frá og með fimmtudeginum 9. nóvember 2017 geta áhugasamir fjárfestar sem undirrita trúnaðaryfirlýsingu og skila umbeðnum upplýsingum fengið afhent ítarleg sölugögn um félagið.

Áhugasömum bjóðendum er boðið að skila inn óskuldbindandi tilboði fyrir kl. 16 föstudaginn 15. desember. Þeim sem eiga hagstæðustu tilboðin verður boðin áframhaldandi þátttaka í ferlinu og munu þeir fá aðgang að rafrænu gagnaherbergi með ítarlegri gögnum, kynningu á félaginu frá stjórnendum Lyfju hf. og gefst kostur á að framkvæma áreiðanleikakönnun á félaginu.

**Áhugasamir fjárfestar eru beðnir um að hafa samband við fyrirtækjaráðgjöf Kviku með tölvupósti á netfangið lyfja@kvika.is og munu þeir í framhaldinu fá stutta kynningu á félaginu og frekari upplýsingar um söluferlið.**

KVIKA
kvika.is




Transkonan Danica Roem hirti þingsæti í fulltrúadeild Virginíuþings af sjálftitlaða hommahataranum Bob Marshall. NORDICPHOTOS/AFP

# Senda Trump skýr skilaboð

**Demókratar unnu stórsigra í fjölmörgum kosningum á þriðjudag. Kjósendur vildu senda forseta Bandaríkjanna skýr skilaboð. Einna mesta athygli vekur sigur transkonu á Repúblikana sem kallaði sjálfan sig aðalhommahatara Virginíu.**

**BANDARÍKIN** Demókratar sópuðu að sér kosningasigrum í Bandaríkjunum þegar úrslit fjölmargra kosninga fóru að skýrast í fyrrinótt. Unnu frambjóðendur flokksins meðal annars tvo ríkisstjóraslagi og allnokkra borgarstjórastóla. Þá sneri flokkurinn einni öldungadeild ríkisþings á sitt band og bætti við sig einu ríki þar sem flokkurinn er með ríkisstjóra og meirihluta í báðum deildum þingsins.

Einna helst hefur vakið athygli hversu fjölbreyttur hópur Demókrata náði kjöri í hin ýmsu embætti vestanhafs. Til að mynda stefnir í að fyrsta transkonan sem Bandaríkjamenn kusu meðvitandi taki sæti á þingi, fyrsta svarta konan var kjörin borgarstjóri Charlotte og fyrsti síkinn varð borgarstjóri Hoboken.

Kjörsókn Demókrata jókst mikið að meðaltali frá síðustu kosningum í sömu embætti og unnu Demókratar sigra sem þeir höfðu varla gert sér vonir um. Í útgönguspám kemur fram að einna helst hafi kjósendur viljað senda Donald Trump, forseta Bandaríkjanna og Repúblikana, skýr skilaboð.

Miðað við úrslitin stefnir í stórsigur Demókrata þegar kosið verður til þings á næsta ári en kosið verður um öll sæti fulltrúadeildarinnar, þriðjung sæta öldungadeildarinnar og tugi ríkisstjórastóla. Ólíklegt þykir að Repúblikanar missi meirihluta sinn í öldungadeildinni en af þeim 33 sætum sem kosið er um verma Repúblikanar átta í ríkjum sem þykja afar ólíkleg til að kjósa Demókrata.

Kosningasigur Demókratans Danicu Roem í Virginíu þykir einna merkilegastur og var kosningabaráttan hörð. Roem barðist um sæti í fulltrúadeild Virginíuþings við sitjandi þingmann, Repúblikanann Bob Marshall. Roem verður að öllum líkindum fyrsta transkonan, sem vinnur kosningar vestanhafs eftir að hafa komið út úr skápnum sem trans, til að taka sæti á þingi.

Áður hafði Althea Garrison náð kjöri í fulltrúadeild þingsins í Massachusetts. Þá vissu kjósendur hins vegar ekki að frambjóðandinn væri transkona. Einnig náði transkonan Stacie Laughton kjöri í New Hampshire árið 2012 en þáði ekki sætið.

> Hann hefur í tvígang sent frá sér efni þar sem hann ræðst á mig fyrir að vera trans.
>
> Danica Roem, Demókrati

> Samkvæmt útgönguspám vildu kjósendur einna helst senda Donald Trump skýr skilaboð.

Fyrrnefndur Marshall lýsti sér eitt sinn sem „aðalhommahatara“ Virginíu og reyndi, án árangurs, að koma frumvarpi í gegnum Virginíuþing sem hefði sett strangar reglur um notkun transfólks á almenningssalernum í ríkinu. Eins og gefur að skilja var kosningabaráttan á milli Roem og Marshalls því hörð.

Sendi framboð Marshall meðal annars frá sér bæklinga þar sem karlkyns fornöfn voru ítrekað notuð í stað kvenkyns fornafna þegar fjallað var um Roem og var Roem sögð gera kyn sitt að helsta kosningamálinu. „Hræsni þingmannsins á sér engin takmörk. Hann segir að ég hafi gert kyn mitt að kosningamáli þegar hann hefur í tvígang sent frá sér efni þar sem hann ræðst á mig fyrir að vera trans, fyrir að berjast fyrir réttindum hinsegin fólks og notar vitlaus fornöfn,“ sagði í yfirlýsingu sem Roem sendi frá sér í kjölfarið.

Því svaraði Marshall með yfirlýsingu sem í sagði að innihald bæklingsins snerist ekki um að Roem væri trans. Í yfirlýsingunni hélt hann áfram að nota vitlaus fornöfn um Roem. **thorgnyr@frettabladid.is**

LANCÔME
PARIS







NÝTT **TEINT IDOLE ULTRA WEAR**

CONCEALER MEÐ MIKLA ÞEKJU - ALHLIÐA STIFTFARÐI, SEM GEFUR ÞÆGILEGA, NÁTTÚRULEGA EN SAMT ÞEKJANDI OG ENDINGARGÓÐA FLAUELSMJÚKA ÁFERÐ SEM ENDIST ALLAN DAGINN.

# LANCÔME DAGAR

## HAGKAUP KRINGLU, SMÁRA, SKEIFU, GARÐABÆ, SPÖNG, AKUREYRI OG SELFOSSI 9. - 15. NÓVEMBER



## 20% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM LANCÔME VÖRUM

### ERTU TILBÚIN Á STEFNUMÓT MEÐ MONSIEUR BIG?



**MONSIEUR BIG maskarinn þykkir allt að 12X, hefur mjúka áferð og allt að 24 tíma endingu.**

**„MUST-HAVE“ Á STEFNUMÓTI VIÐ MONSIEUR BIG:**

MONSIEUR BIG MARKER svartur eyeliner með tvískiptan sveigðan odd sem er fullkominn til að gera breiða djarfa línu eða mjög nákvæma fína línu.

MONSIEUR BIG BROWS skrúfblýantur sem ekki þarf að ydda ásamt bursta. Augnabrúnaliturinn er með kremaða, púðraða, mjúka áferð, fljótlegur og auðveldur í notkun.



**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

Kringlan

30 ára



# SKEMMTIDAGSKRÁ

## FYRIR BÖRNIN KL. 17–19

Andlitsmálun, blöðrulistamenn og Emmessís í göngugötu.
Opið í Ævintýralandi til kl. 20

## GÖNGUGATAN VERÐUR IÐANDI AF LÍFI, LÉTTAR VEITINGAR, KYNNINGAR, DEKUR OG FRÆÐSLA

# KVÖLDDAGSKRÁ

18.00 **Svenni Þór trúbador á Stjörnutorgi**
19.00 **DJ Jón Gestur**
20.00 **ÁTTAN skemmtir við verslun Cintamani**
20.30 **Góði Úlfurinn tekur lagið**
21.00 **Guðrún Árný flytur ljúfa tónlist**
22.00 **Aðventuhugvekja með Siggu Kling**

## SKEMMTILEGAR FÍGÚRUR Á FERLI FRÁ SIRKUS ÍSLANDS

Ekki láta þig vanta á Miðnætursprengju. Upplagt tækifæri til að hefja jólainnkaupin og skemmta sér konunglega í leiðinni. **Glæsileg tilboð gilda allan daginn og til miðnættis.**

## KAFFITÁR BÝÐUR UPP Á ILMANDI KAFFI OG SÚKKULAÐI






kringlan.is | facebook.com/kringlan.is

PIPAR\TBWA • SÍA


FJÖRUG STEMNING OG SPENNANDI SKEMMTIATRIÐI
MIÐNÆTUR
SPRENGJA
OPIÐ Í DAG 10–24
10 – 70% AFSLÁTTUR Í ALLAN DAG TIL MIÐNÆTTIS
GLÆSILEG TILBOÐ

meba
20% afsláttur af öllum vörum

hrím
20% afsláttur af öllum vörum

ORG
20% afsláttur af öllum vörum

SELECTED
20% afsláttur af öllum vörum

PANDORA
UNFORGETTABLE MOMENTS
20% afsláttur af öllum vörum

GEYSIR
20% afsláttur af öllum vörum

VERO MODA
15% afsláttur af öllum vörum

FREDDY
30% afsláttur af öllum vörum

Leonard
20% afsláttur af öllum vörum

name it
15% afsláttur af öllum vörum nema jólafötum

ÚTILÍF
20% afsláttur af öllum vörum auk annarra tilboða

MOTOR & MIA
30% afsláttur af öllum vörum

NEXUS
20% afsláttur af öllum bollum

AIR
20% afsláttur af öllum vörum

IcePhone
25% afsláttur af SolidSuit-hulstrum frá RhinoShield

INGLOT
3 fyrir 2 af öllum vörum

NEON
KRINGLUNNI
20% afsláttur af öllum vörum

66° NORÐUR
Allt að 20% afsláttur af völdum vörum

MICHELSEN
ÚRSMIÐIR
20% afsláttur af öllum vörum, 10% af TAG Heuer

Lín DESIGN
25% afsláttur af öllum vörum

Spúútnik
20% afsláttur af öllum vörum

KOX
KRINGLUNNI
20% afsláttur af öllum vörum

Pennin Eymundsson
20% vildarafsláttur af öllum vörum auk annarra tilboða

UNDER ARMOUR
20% afsláttur af öllum vörum ásamt dúndursértilboðum

F&F
20% afsláttur af öllum vörum

HAGKAUP
Ein ferð betra verð
Taxfree af snyrti-vörum, leikföngum, búsáhöldum, fatnaði, bókum og jólavöru

Café roma
20% afsláttur af Cappuccino og franskri makkarónu

epal
15-50% afsláttur af öllum vörum

SALT
15% afsláttur af öllum vörum

Vodafone
15% afsláttur af heyrnartólum, 20% af símahulstrum og popsocket

SMASH
20% afsláttur af öllum vörum

TE & KAFFI
20% afsláttur af te- og kaffipokum

BIANCO FOOTWEAR
25% afsláttur af öllum vörum

Galla Buxnabúðin
20% afsláttur af öllum vörum

Kaffitár
25% af hátíðar-drykkjum, 25% af KeepCup ferðamálum

A4
20% afsláttur af öllum vörum

THE BODY SHOP
25% afsláttur af öllum vörum

local
20% afsláttur af öllu - gildir ekki af öðrum tilboðum

KAREN MILLEN
40% afsláttur af öllum vörum

CINTAMANI
25% afsláttur af öllum vörum, Áttan tekur lagið kl. 20

herra GARÐURINN
-klæðir þig vel
20% afsláttur af öllum vörum

Timberland
20% afsláttur af öllum vörum

BEAUTY BAR
SÍMI 511 1315
20% afsláttur af öllum vörum

ecco
20% afsláttur af öllum vörum

Casa
20% afsláttur af öllum vörum

cobra
20% afsláttur af öllum vörum

COMPANYS
20% afsláttur af öllum vörum

DOGMA
20% afsláttur af öllum vörum

Kringlan

30 ára

# 10–70% AFSLÁTTUR

BIRT MEÐ FYRIRVARA UM PRENT- OG/EÐA INNSLÁTTARVILLUR

**Augað**
25% afsláttur af öllum vörum

**Levi's**
20% afsláttur af öllum vörum

**Jens**
20% afsláttur af öllum vörum nema 10% af gulli

**Joe & the Juice**
30% afsláttur af combo (samloka+djús)

**byggtogbúið Kringlunni**
20% af flestum vörum, aðrar vörur á 10-70% afslætti

**JOE BOXER**
20% afsláttur af öllum vörum

**SIX**
3 fyrir 2 af öllum vörum

**URBAN**
20% afsláttur af öllum vörum

**H&M**
Allt að 50% afsláttur af prjónaflíkum

**SHARE womens wear**
20% afsláttur af öllum vörum

**INDISKA**
20% afsláttur af öllum vörum

**ZIK ZAK tískuhús**
20-50% afsláttur af völdum vörum

**GAME STÖÐIN**
20-30% afsláttur af völdum vörum

**SKECHERS**
20% afsláttur af öllum vörum

**Kringlukráin**
Haf og hagi á tilboði, 20% afsláttur af Jóla-Tuborg

**Gleraugað**
25% afsláttur af öllum vörum, 2 fyrir 1 af margskiptum glerjum

**POLARN O. PYRET**
20% afsláttur af öllum vörum

**Kultur menn**
20% afsláttur af öllum vörum

**galleri sautján**
20% afsláttur af öllum vörum

**VILA CLOTHES**
15% afsláttur af öllum vörum

**KÚNÍGÚND**
20% afsláttur af öllum vörum nema 10% afsláttur af Kitchen Aid

**gs skór**
20% afsláttur af öllum vörum

**focus**
20% afsláttur af öllum vörum

**sushibarinn**
24 bita bakki á 2.990 kr., laxa - eða grænmetisrúlla (8 bitar) á 890 kr.

**Kultur**
20% afsláttur af öllum vörum

**LINDEX**
20% afsláttur af öllum vörum

**Íslenska Hamborgarafabrikkan**
2 fyrir 1 af bjór og léttvíni

**JÚNÍK**
20% afsláttur af öllum vörum

**Heilsuhúsið**
25% afsláttur af bætiefnalínum, 20% af snyrti- og húðvörum

**Nophanks**
20% afsláttur af öllu nema snjóvörum

**Borgarbókasafnið Menningarhús**
30% afsláttur af öllum vörum í safnbúðinni. Opið til kl. 18:30

**G-STAR RAW**
20% afsláttur af öllum vörum

**Jón & Óskar**
20% afsláttur af öllum vörum, 10% af trúlofunarhringum

**Englabörnin** – Falleg föt á stelpur og stráka...
20% afsláttur af öllum vörum

**Marc O'Polo**
20% afsláttur af öllum vörum

**STEINAR WAAGE SKÓVERSLUN**
20% afsláttur af öllum vörum

**BOSS HUGO BOSS**
20% afsláttur af öllum vörum

**iittala**
20% afsláttur af öllum vörum

**AVEDA**
20% afsláttur af öllum vörum

**BAST Lífsstíll Kringlan**
20% afsláttur af öllum vörum

**Lyf&heilsa Kringlunni**
20% afsláttur af öllum vörum, gildir ekki af lyfjum

**Mathilda Kringlunni**
20% afsláttur af öllum vörum

**Kaffi Klassík**
20% afsláttur af smurbrauði og tertusneiðum

**Kaupfélagið**
20% afsláttur af öllum vörum

**Eirberg lífstíll**
20% afsláttur af öllum vörum

**FINNSKA BÚÐIN**
20% afsláttur af öllum vörum

**Toys R us**
1.500 kr. afsláttur af hverjum 6.500 kr. sem verslað er fyrir. Hámarkskaup 60.000 kr.

**hrím 1. HÆÐ**
20% afsláttur af öllum vörum

**DÚKA**
20% afsláttur af öllum vörum

**Pizzeria Café Bleu Brasserie**
20% afsláttur af pizzum og kranabjór

## FRÁBÆR TILBOÐ | AFSLÁTTUR Í ALLAN DAG TIL MIÐNÆTTIS

YFIR 100 VERSLANA OG VEITINGASTAÐA

# Bankar lækka kostnað með nýjum kerfum

**Bankastjóri Landsbankans segir ný innlána- og greiðslukerfi, sem bankinn tekur í notkun síðar í mánuðinum, geta leitt til hagræðingar í rekstri bankakerfisins. Forstjóri Reiknistofu bankanna segir kostnað bankanna af upplýsingatækni hærri en gengur og gerist erlendis. Kerfin hafa verið í þróun í þrjú ár.**



Lilja Björk Einarsdóttir, bankastjóri Landsbankans, og Friðrik Þór Snorrason, forstjóri Reiknistofu bankanna. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

Ný innlána- og greiðslukerfi, sem Landsbankinn mun taka í notkun síðar í mánuðinum, geta leitt til hagræðingar í rekstri íslenska bankakerfisins, að sögn Lilju Bjarkar Einarsdóttur, bankastjóra Landsbankans. Bankinn verður sá fyrsti hér á landi sem innleiðir kerfin.

Friðrik Þór Snorrason, forstjóri Reiknistofu bankanna (RB), segir að með tíð og tíma muni kerfin draga talsvert úr rekstrarkostnaði. Það sé mikilvægt, enda sé kostnaðurinn af upplýsingatækni veigamikill þáttur í heildarkostnaði bankanna og hærri en gengur og gerist erlendis.

Nýju kerfin, sem leysa af hólmi mörg eldri tölvukerfi, hafa á undanförnum árum verið þróuð í samstarfi við evrópska hugbúnaðarfyrirtækið Sopra Banking Software.

„Þetta er tvíþætt verkefni. Annars vegar er verið að innleiða ný, stöðluð og alþjóðleg greiðslu- og innlánakerfi fyrir Landsbankann og Íslandsbanka frá Sopra Banking Software og hins vegar er verið að búa til nýtt samskipta- og gagnalag fyrir íslenskan fjármálamarkað sem mun einfalda til muna þróun nýrra lausna og samvinnu banka við þriðja aðila, svo sem fjártæknifyrirtæki,“ segir Friðrik Þór.

„Þrátt fyrir að núverandi grunnkerfi hafi á sínum tíma verið byltingarkennt – sem fyrsta rauntímagreiðslukerfi í heiminum – þá eru hlutar þess orðnir hátt í 40 ára gamlir og kostnaðurinn því af leiðandi orðinn nokkuð hár. Þeir byggja á gamalli tækni sem erfitt er að nýta til þess að mæta kröfum nútímafjármálastarfsemi,“ nefnir hann.

Nýju kerfin verði hagkvæmari og einfaldari í rekstri. „Hagkvæmnin felst í því að um alþjóðlegt, staðlað kerfi er að ræða þar sem fjöldi erlendra fjármálafyrirtækja samnýtir þróunarlausnir og deilir þannig kostnaðinum, en stór hluti nýrra krafna til slíkra kerfa kemur til vegna breytinga á alþjóðlegum lögum,“ bætir Friðrik Þór við.

Lilja Björk segir nýju kerfin gera það að verkum að bankinn muni geta brugðist hraðar við þörfum markaðarins. „Þau munu auðvelda okkur að bregðast við þegar eftirspurn á markaðinum krefst þess eða þegar við sjáum tækifæri á borðinu. Í gamla kerfinu var það ekki einfalt. Á tímum sem þessum, þegar bankaviðskipti eru að taka hröðum breytingum, er afar mikilvægt að við getum boðið upp á nýjungar sem henta markaðinum hverju sinni án þess að þurfa að ráðast í mikla forritunarvinnu eða fjárfestingu í fólki og ferlum.“

Um sé að ræða stöðluð alþjóðleg kerfi sem viðhaldið er af stóru fyrirtæki sem hefur starfsemi víðs vegar í heiminum. Ákveðið öryggi sé fólgið í því.

„Breytingin felur í sér einföldun á tækniumhverfi bankans þar sem hægt verður að fasa út ýmsum kerfum og viðbótum sem bankinn hefur þurft að byggja ofan á eldri grunnkerfi RB. Þetta er eitt af ótal verkefnum sem leggjast öll á eitt um að lækka kostnað í bankakerfinu.“

Lilja Björk segir að takmarkaður fjöldi fólks hafi getað haldið gamla kerfinu við. Það hafi verið orðin áskorun að manna viðhald og þróun til framtíðar. „Við horfum nú fram á breytt umhverfi og þá er mjög gott fyrir bankann að hafa traustan og öflugan grunn sem við getum byggt á til framtíðar. Við erum því í ólíkri stöðu miðað við marga vestræna banka sem hafa búið við sömu kerfin í áratugi og eiga eftir að uppfæra.“

Landsbankinn hyggst innleiða kerfið 20. nóvember en af þeirri ástæðu þarf að skerða þjónustu í netbönkum bankans helgina 18. til 19. nóvember. kristinningi@frettabladid.is

## Rannsókn á meintum innherjasvikum vel á veg komin

Rannsókn embættis héraðssaksóknara á meintum innherjasvikum fyrrverandi yfirmanns hjá Icelandair er nokkuð vel á veg komin, að sögn Ólafs Þórs Haukssonar héraðssaksóknara. Hann getur þó ekki sagt hvenær gert er ráð fyrir að rannsókninni ljúki.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í júlí síðastliðnum beinist rannsókn héraðssaksóknara að umfangsmiklum viðskiptum með hlutabréf í Icelandair Group sem gerð voru í aðdraganda þess að félagið sendi frá sér afkomutilkynningar til Kauphallarinnar.

Er hópur manna grunaður um að hafa nýtt sér í nokkur skipti innherjaupplýsingar sem þeir fengu frá yfirmanni hjá Icelandair. Yfirmaðurinn var sendur í leyfi frá störfum þegar málið komst upp í lok maímánaðar á þessu ári.




Rannsóknin beinist að viðskiptum með hlutabréf í Icelandair.

Mennirnir eru grunaðir um að hafa gert framvirka samninga við innlendar fjármálastofnanir, þar á meðal Landsbankann, en ljóst þykir að þær hafi tapað háum fjárhæðum á samningunum. – kij

## Fjármálageirinn greiðir tæplega þriðjung allra opinberra gjalda

Fyrirtæki í fjármála- og vátryggingastarfsemi greiða tæplega þriðjung allra opinberra gjalda hér á landi, að því er fram kemur í ársriti Samtaka fjármálafyrirtækja sem kemur út í dag. Hefur skattbyrði umræddra fyrirtækja aukist um 233 prósent frá árinu 2010, en á sama tíma hefur tekjuskattsstofninn aðeins aukist um 79 prósent.

Umfjöllun samtakanna er byggð á skýrslu fjármála- og efnahagsráðherra um skatttekjur, skattrannsóknir og skattaeftirlit sem lögð var fyrir síðasta löggjafarþing.

Alls greiddi fjármála- og vátryggingageirinn tæpa 50 milljarða króna í opinber gjöld í fyrra, en þar af greiddu aðildarfélög samtakanna tæpa 40 milljarða. Í ársritinu er auk þess bent á að arðgreiðslur stóru viðskiptabankanna þriggja – Arion banka, Íslandsbanka og Landsbankans – hafi numið um 200 milljörðum frá árinu 2013. Er hluti ríkisins í þeim um 150 milljarðar. Aðildarfélög samtakanna hafi þannig greitt tæplega 400 milljarða króna til ríkisins frá árinu 2009.

Samtökin taka fram að hvergi í Evrópu sé skattlagning á fjármálafyrirtæki hærri en hér á landi. Auk þess sé leitun að ríkjum sem leggi fleiri sérstaka skatta, eins og bankaskatt og fjársýsluskatt, á rekstur slíkra fyrirtækja. Segja samtökin sérstöku skattana rýra að óbreyttu heildarvirði bankakerfisins um allt að 280 milljarða króna en ríkið fer sem kunnugt er með stærstan hluta eignarhalds þess. – kij

**AÐALFUNDUR Sögufélags**

verður haldinn fimmtudaginn 23. nóvember kl. 18.30-19.30 í Gunnarshúsi, Dyngjuvegi 8

**Dagskrá:**

- Venjuleg aðalfundarstörf
- Höfundakvöld kl. 20 með kynningum og spjalli um nýjar bækur Sögufélags

*Stjórnin*

SÖGUFÉLAG 1902






GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# Blóraböggull



**Þorbjörn Þórðarson**
thorbjorn@frettabladid.is

Hæfileikar, velgengni, frægð og vinsældir ýta undir öfund og lítið samfélag eins og hið íslenska virðist hafa ríka tilhneigingu til að brjóta menn niður jafn hratt og það byggir þá upp.

Viðbrögð sumra samstarfsmanna Tómasar Guðbjartssonar, þegar niðurstöður skýrslu rannsóknarnefndar um plastbarkamálið voru kynntar í Norræna húsinu á mánudag, voru brjóstumkennanleg. Sumir þeirra áttu erfitt með að leyna þórðargleði sinni. Eftir útgáfu skýrslunnar virðist eiga að gera Tómas að blóraböggli í plastbarkamálinu. Núna á að setja hann í gapastokkinn eins og gert var við útrásarvíkingana eftir bankahrunið. Við ítarlega yfirferð skýrslunnar kemur hins vegar í ljós að Tómas hagaði sér í langflestum tilvikum eins og góður og ábyrgur læknir í málinu. Þá mega menn ekki velkjast í neinum vafa um að rætur plastbarkamálsins liggja fyrst og fremst í óheiðarleika og blekkingum Paolos Macchiarinis.

Það kemur fram í skýrslunni að formleg tilvísun sem Tómas ritaði vegna meðferðar Andemariam Beyene í Stokkhólmi var eðlileg og í samræmi við skyldur hans sem læknis. Það eru viðbótarskjöl við tilvísun vegna læknisfræðilegrar meðferðar, lýsing og sjúkrasaga sjúklingsins, sem eru gagnrýniverð að mati rannsóknarnefndarinnar. Tómas gerði breytingar á þessum skjölum í góðri trú að beiðni Macchiarinis. Nefndin telur að Macchiarini hafi blekkt Tómas til að gera þessar breytingar á skjölunum undir því yfirskini að fá samþykki siðanefndar í Svíþjóð. Gögnin fóru hins vegar aldrei fyrir siðanefnd en voru notuð til að hraða Andemariam í hina umdeildu plastbarkaígræðslu. Tómas vissi ekki á þeim tíma að Macchiarini hafði sniðgengið sænsk lög og reglur í því skyni að framkvæma aðgerðina.

Ef marka má skýrsluna felast mistök Tómasar meðal annars í því að hafa ekki aflað sér leyfa fyrir vísindarannsóknum á Andemariam vegna ritunar greinarinnar í The Lancet og í því að fegra eigin hlut í viðtölum við fjölmiðla þegar útlit var fyrir að aðgerðin hefði verið mikið afrek á sviði læknavísindanna. Í fyrrnefnda tilvikinu felast alvarleg mistök en Tómas virðist ekki hafa vitað betur. Í því síðarnefnda var hann fórnarlamb eigin hégóma eins og kemur fyrir mörg okkar einhvern tímann á lífsleiðinni.

Það er engum vafa undirorpið að Tómas Guðbjartsson er í hópi færustu skurðlækna þjóðarinnar. Hann hefur bakað sér öfund kollega sinna með því að ræða opinberlega um afrek sín í læknisfræði og bakað sér óvild stjórnenda Landspítalans með því að minna reglulega á vondar aðstæður á spítalanum í fjölmiðlum. Þeir lærdómar sem draga má af plastbarkamálinu snúa ekki eingöngu að Landspítalanum og Háskóla Íslands. Íslenskt samfélag getur dregið lærdóm af málinu og eftirmálum þess um það hvernig við nálgumst afrek og ósigra fólks. Við eigum að fjalla um velgengni hæfileikafólks af sömu hófstillingu og yfirvegun og við nálgumst mistök þeirra. Tómas Guðbjartsson er algjör aukaleikari í plastbarkamálinu og hann á að njóta sannmælis um aðild sína að því eins og aðrir.

**Þá mega menn ekki velkjast í neinum vafa um að rætur plastbarkamálsins liggja fyrst og fremst í óheiðarleika og blekkingum Paolos Macchiarinis.**

## Halldór







## Frá degi til dags

**Zion og Mia**

**Enn og aftur gerir sá sem hér heldur um penna Mannanafnanefnd að umfjöllunarefni sínu en greint var frá því í gær að nefndin hefði hafnað karlmannsnafninu Zion og kvenmannsnafninu Mia. Þótti rithháttur nafnanna ekki samræmast almennum ritreglum íslensks máls. Að sjálfsögðu er ekki við nefndarmenn að sakast enda starfa þeir eftir lögum og reglum. Það hlýtur hins vegar að vera kominn tími á að einstaklingar fái að velja nöfn barna sinna óháð gildismati löggjafans. Engin er verri þótt hún heiti Mia og ólíklegt verður að teljast að Zion litli muni tortíma íslenskunni með nafn sitt að vopni.**

**Forsætisbaráttan**

**Fréttablaðið greindi frá því í gær að forystumenn Vinstri grænna, Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks ræddu nú saman um hver formanna flokkanna eigi að leiða viðræður þeirra og hver sé þar af leiðandi ákjósanlegasta forsætisráðherraefnið. Allir formennirnir þrír geta gert tilkall til stólsins. Bjarni Benediktsson er formaður stærsta flokks landsins, Katrín Jakobsdóttir er sú eina af formönnunum þremur hverrar þingflokkur stækkaði í kosningunum og Sigurður Ingi Jóhannsson er maðurinn í miðjunni, sá sem freistar þess að brúa bilið á milli flokkanna.**

**thorgnyr@frettabladid.is**

# Menntamál í forgang



**Steinn Jóhannsson**
konrektor MH

Umræða um menntamál var ekki í forgangi í liðinni kosningabaráttu þó fullyrða megi að málefnið sé vissulega forgangsmál í samfélaginu. Allir flokkar voru þó sammála um að efla þyrfti menntakerfið og því verður áhugavert að sjá hvað tilvonandi ríkisstjórn muni setja í forgang í þeim málaflokki.

Skólar gegna mikilvægu hlutverki í samfélaginu en í Aðalnámskrá framhaldsskóla segir: „Skólarnir skulu leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við stöðu og þarfir barna og unglinga. Skólastarfið miðar að virkri þátttöku þeirra í lýðræðissamfélagi innan skólans sem utan.“ Þetta er göfugt hlutverk sem framhaldsskólunum ber að uppfylla.

Undanfarin ár hafa fjölmargir skólar þurft að skera niður í stoðþjónustu og tækjakaupum og glíma samhliða við viðvarandi hallarekstur. Nú hefur tilvonandi ríkisstjórn tækifæri til að snúa þessari þróun við og auka fjárframlög til framhaldsskólanna þannig að þeir geti rækt hlutverk sitt með sóma. Einnig er mikilvægt að stjórnvöld haldi því fjármagni inni í framhaldsskólunum sem átti að sparast vegna styttingar námstíma til stúdentsprófs. Fjármagnið þarf að nota í þágu nemenda, sér í lagi að auka við stoðþjónustu og vinna gegn brotthvarfi.

Því miður hefur brotthvarf framhaldsskólanemenda á Íslandi verið hátt í samanburði við önnur OECD-lönd. Til þess að styðja betur við nemendur í framhaldsskólum og vinna gegn brotthvarfi þarf nauðsynlega að greiða fyrir aðgengi að sálfræðiþjónustu inni í skólunum og efla samstarf á milli heilsugæslustöðva og skóla. Einnig þarf að fjölga náms- og starfsráðgjöfum en víða hefur álag verið mikið á þeim síðustu ár. Einnig mætti athuga að koma á námsstyrkjum sem þekkjast annars staðar á Norðurlöndunum og geta haft jákvæð áhrif á skólastarfið og um leið minnkað vinnu nemenda með námi.

Það er ljóst að tækifærin eru til staðar fyrir tilvonandi ríkisstjórn og forvitnilegt að fylgjast með hvort staðið verði við stóru orðin, þ.e. að bæta menntakerfið og búa þannig nemendum betri framtíð í skólum landsins.

**Undanfarin ár hafa fjölmargir skólar þurft að skera niður í stoðþjónustu og tækjakaupum og glíma samhliða við viðvarandi hallarekstur.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kjartan Hreinn Njálssson *kjaranh@frettabladid.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Athafnasögur

Í DAG



Þorvaldur Gylfason

Mér barst fyrir röskum 30 árum bréf frá Guðlaugi Bergmann (1938-2004) sem var betur þekktur sem Gulli í Karnabæ. Hann skrifaði til að segja mér frá glímu sinni við ýmsa fauta í viðskiptalífinu sem gerðu það sem þeir gátu til að bregða fyrir hann fæti þegar hann var að hasla sér völl sem ungur kaupmaður árin eftir 1960. Hann lýsti fyrir mér hvatningunni sem hann og aðrir í svipuðum sporum fundu fyrir í þeim frelsisvindum sem fengu loksins að blása á viðreisnarárunum eftir 1960. Viðreisn var stjórnin sem undir forustu Sjálfstæðisflokksins reis upp gegn gamla heildsala- og helmingaskiptaveldinu, en þó ekki nema til hálfs. Sömu sögu fékk ég að heyra nokkrum árum síðar síðar, 1989, þegar Pálmi Jónsson kaupmaður (1923-1991) kenndur við Hagkaup hringdi í mig til að lýsa því fyrir mér hvernig maður gekk undir manns hönd til að bregða fyrir hann fæti og hvernig menn reyndu með stuðningi vina sinna í stjórnarráðinu að drepa alla hugsanlega samkeppni, helzt í fæðingu. Samráð var reglan, samráð sem varð loksins ólöglegt eftir inngöngu Íslands á Evrópska efnahagssvæðið 1994 og hélt samt áfram sums staðar eins og ekkert hefði í skorizt og kom til kasta dómstóla, t.d. í olíumálinu síðara. Afstaða heildsalanna og bandamanna þeirra til nýherja í viðskiptum markaðist af ótta gömlu innherjanna við að missa þau forréttindi sem helmingaskipti Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar 1936-1960 höfðu fært þeim. Það mátti Sjálfstæðisflokkurinn eiga að hann reis upp gegn sjálfum sér 1959, en þó ekki nema til hálfs, að frumkvæði Alþýðuflokksins.

Guðlaugur Bergmann og Pálmi Jónsson skildu ekki eftir sig bækur þar sem þeir lýstu ástandi viðskiptalífsins en það hafa ýmsir aðrir menn gert. Í bók sinni Alfreðs saga og Loftleiða lýsir Jakob F. Ásgeirsson rithöfundur glæsilegum ferli Alfreðs Elíassonar (1920-1988), eins stofnanda Loftleiða. Þar er því m.a. lýst hvernig Alfreð og félagar hans voru hlunnfarnir við sameiningu félagsins við Flugfélag Íslands 1973. Loftleiðamenn töldu að félaginu hefði beinlínis verið stolið af þeim með fulltingi ríkisvaldsins sem leit á Eimskipafélagið og Flugfélag Íslands eins og „óskabörn á brjósti“ eins og Guðni Þórðarson ferðafrömuður lýsti málinu. Flugfélagsmenn hlunnfóru Loftleiðamenn m.a. með því að minna á að Loftleiðir þurftu flugleyfi frá ríkinu. Þetta var bragðið sem gömlu heildsalarnir höfðu sumir notað áður til að svíkja erlend umboð af keppinautum sínum með því að minna erlendu birgjana á að keppinautarnir þurftu gjaldeyrisleyfi til að kaupa vörur að utan. Og hver veitir leyfin? spurðu erlendu birgjarnir. Þau veitum við, sögðu heildsalarnir og áttu við vini sína í stjórnarráðinu. Þetta var ástandið sem viðreisnarstjórnin var mynduð til að uppræta.

Guðni Þórðarson (1923-2013) hafði stofnað ferðaskrifstofuna Sunnu 1959 og gaf út ævisögu sína 2006, Guðni í Sunnu – Endurminningar og uppgjör, sem Arnþór Gunnarsson skráði. Sögurnar sem hann segir þar af samskiptum sínum við yfirvöld og vini þeirra í viðskiptalífinu ríma vel við frásagnir Guðlaugs Bergmann og Pálma Jónssonar og reynslu Alfreðs Elíassonar. Sama máli gegnir um bók Jóns Óttars Ragnarssonar fv. sjónvarpsstjóra, Á bak við ævintýrið, þar sem hann lýsir þeim andbyr sem þeir Hans Kristján Árnason hagfræðingur, stofnendur Stöðvar 2, sættu fyrstu árin í lífi stöðvarinnar, 1986-1989. Einar Kárason rithöfundur hefur lýst svipuðum aðförum í Jónsbók, sögu Jóns Ólafssonar athafnamanns. Þessar heimildir eiga það sammerkt að þær lýsa allar sömu fautunum, sjálfstæðismönnum sem hamast á mönnum sem eiga minna undir sér í sama flokki. Sem sagt: innanflokksátök eins og t.d. Baugsmálið urðu síðar því enn eimir eftir af þessu öllu.

Mikill fengur er nú að nýrri bók Silju Aðalsteinsdóttur rithöfundar *Allt kann sá er bíða kann* og segir sögu Sveins R. Eyjólfssonar blaðaútgefanda, merks athafnamanns sem var m.a. náinn samstarfsmaður Jónasar Kristjánssonar ritstjóra. Þeir Sveinn og Jónas fengu báðir að kenna á bolabrögðum sjálfstæðismanna eins og Jónas lýsir einnig í bók sinni Frjáls og óháður 2009.

Sveinn segir í bókarlok: „Ég hitti gamlan félaga minn fyrir nokkrum vikum, fyrrverandi forstjóra stórfyrirtækis, mann sem er nokkuð tengdur Sjálfstæðisflokknum. Hann spurði hvort það væri rétt að til stæði að skrifa sögu mína. ... „Gerðu það ekki,“ sagði hann með miklum þunga ... „Og af hverju ekki?“ spurði ég undrandi. „Sveinn minn,“ sagði hann. „Það hefur verið friður um þig í nokkur ár og sumir jafnvel farnir að tala vel um þig. Ef þú gerir þetta seturðu allt á annan endann, ekki gera það.“ Þetta samtal bregður sínu ljósi á ástandið í þjóðfélaginu undanfarna áratugi. Hér hefur ríkt ákveðið hræðsluástand, einhvers konar pólitískur fasismi. Menn hafa ekki þorað að tjá hug sinn af ótta við að blóðhundunum yrði sigað á þá, eins og dæmin sanna. Ég neita að taka þátt í þess konar þöggun.“ Tilvitnun lýkur. Lýsing Sveins ber með sér að við svo búið má ekki lengur standa.

Nú eins og 1959 ber brýna nauðsyn til að landið fái siðbótarstjórn til að hífa það upp úr því spillingarforaði sem hefur gert íslenzk stjórnmál – og kjósendur! – að athlægi um allan heim. Saga Sveins R. Eyjólfssonar er brýn áminning um nauðsyn þess að opna glugga og gættir til að hleypa fersku lofti að og efla traust, m.a. traust fólksins í landinu til Alþingis. Greiðasta leiðin að því marki er að staðfesta nýju stjórnarskrána strax á næstu mánuðum. Nýkjörið þing mun hvort sem er standa stutt eins og hið síðasta.




## VINNINGASKRÁ

**11. FLOKKUR 2017**
**útdráttur 7. nóvember 2017**

## HAPPDRÆTTI

**Happdrætti SÍBS er hornsteinn framkvæmda á Reykjalundi**

**AÐALVINNINGUR** kr. 5.000.000
75110

**AUKAVINNINGAR** kr. 100.000
75109 75111

**PENINGAVINNINGAR** kr. 500.000

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2235 | 15733 | 15942 | 19748 | 21130 | 41128 | 62956 | 63127 | 65799 | 70636 |

**PENINGAVINNINGAR** kr. 50.000

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 455 | 5174 | 12993 | 18791 | 24180 | 29571 | 36436 | 42065 | 46982 | 54019 | 62050 | 73747 |
| 506 | 5180 | 13231 | 19478 | 24205 | 29767 | 36479 | 42095 | 46992 | 54052 | 62202 | 73916 |
| 875 | 5350 | 14358 | 19650 | 24622 | 30812 | 36800 | 42142 | 48679 | 54584 | 62244 | 74008 |
| 990 | 5423 | 14681 | 19869 | 24656 | 32410 | 36845 | 42213 | 49326 | 55016 | 62452 | 74891 |
| 1715 | 5575 | 14753 | 20218 | 24699 | 32557 | 38148 | 42499 | 49894 | 55151 | 65206 | 74969 |
| 1975 | 5883 | 14937 | 20231 | 24776 | 32625 | 38251 | 42613 | 49979 | 55409 | 66404 | 75019 |
| 2066 | 6819 | 15008 | 20422 | 25144 | 32650 | 38367 | 42810 | 50357 | 55443 | 67576 | 75127 |
| 2154 | 7498 | 15327 | 20448 | 25290 | 33054 | 38784 | 43159 | 50850 | 55968 | 68030 | 75376 |
| 2338 | 7634 | 15496 | 20697 | 25487 | 33529 | 38791 | 43173 | 51304 | 56147 | 68032 | 76205 |
| 2746 | 8210 | 15898 | 20991 | 25683 | 33591 | 38848 | 43370 | 51400 | 56589 | 68638 | 76565 |
| 2817 | 8313 | 16075 | 21602 | 25718 | 33687 | 38993 | 43696 | 51434 | 57706 | 68651 | 76701 |
| 3125 | 8450 | 16500 | 21829 | 27014 | 33771 | 39066 | 43834 | 52185 | 58079 | 69196 | 77134 |
| 3373 | 8948 | 16565 | 22621 | 27168 | 33910 | 39529 | 44628 | 52540 | 58218 | 69493 | 77215 |
| 3557 | 10289 | 16642 | 22772 | 27209 | 34507 | 39587 | 44913 | 52658 | 58395 | 69915 | 77971 |
| 4285 | 10409 | 16663 | 23374 | 27293 | 34672 | 39992 | 45714 | 52830 | 59745 | 70073 | 78784 |
| 4387 | 10419 | 17026 | 23437 | 27892 | 35021 | 40024 | 46018 | 52872 | 60294 | 70680 | 79089 |
| 4506 | 11626 | 17054 | 23550 | 28010 | 35233 | 40239 | 46173 | 52885 | 60886 | 71345 | 79242 |
| 4537 | 11919 | 17062 | 23582 | 28173 | 35237 | 40505 | 46395 | 52994 | 60937 | 71431 | 79435 |
| 4693 | 12239 | 17097 | 23647 | 28293 | 35681 | 41062 | 46501 | 53214 | 61450 | 71912 | 79969 |
| 4815 | 12783 | 17904 | 23785 | 28379 | 35891 | 41336 | 46558 | 53492 | 61552 | 72354 | |
| 4918 | 12936 | 17988 | 24016 | 28906 | 36188 | 41832 | 46931 | 53841 | 61721 | 72521 | |

**VÖRUÚTTEKT HJÁ HAGKAUPUM** kr. 30.000

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 402 | 6750 | 12197 | 19063 | 26301 | 34217 | 39767 | 45982 | 51078 | 58005 | 64787 | 72974 |
| 426 | 6895 | 12543 | 19075 | 26361 | 34235 | 39929 | 46081 | 51228 | 58155 | 64926 | 72975 |
| 568 | 6984 | 12557 | 19271 | 26565 | 34268 | 40152 | 46093 | 51356 | 58354 | 65333 | 72985 |
| 728 | 7189 | 12721 | 19311 | 26818 | 34328 | 40210 | 46096 | 51839 | 58417 | 65500 | 73060 |
| 756 | 7254 | 12798 | 19605 | 27044 | 34348 | 40370 | 46232 | 51841 | 58610 | 65659 | 73531 |
| 861 | 7335 | 12873 | 19887 | 27073 | 34571 | 40506 | 46309 | 51909 | 58619 | 65673 | 73720 |
| 893 | 7396 | 13000 | 20060 | 27155 | 34710 | 40560 | 46350 | 51920 | 58706 | 65716 | 73827 |
| 962 | 7554 | 13282 | 20158 | 27310 | 34724 | 40977 | 46417 | 51931 | 58898 | 65795 | 73878 |
| 1303 | 7743 | 13301 | 20261 | 27325 | 34798 | 41206 | 46581 | 52199 | 59310 | 65938 | 74422 |
| 1338 | 7875 | 13562 | 20340 | 27731 | 34801 | 41218 | 46589 | 52327 | 59363 | 66474 | 74424 |
| 1359 | 7989 | 13862 | 20562 | 27783 | 34811 | 41245 | 46626 | 52362 | 59423 | 66926 | 74528 |
| 1377 | 8144 | 13996 | 20575 | 27834 | 35060 | 41400 | 46657 | 52472 | 59447 | 66927 | 75219 |
| 1485 | 8193 | 14013 | 20598 | 27862 | 35115 | 41598 | 46766 | 52542 | 59493 | 67044 | 75312 |
| 1609 | 8262 | 14130 | 20620 | 27940 | 35143 | 41652 | 46768 | 52661 | 59624 | 67186 | 75446 |
| 1957 | 8381 | 14324 | 20665 | 28162 | 35158 | 41866 | 46814 | 52730 | 59731 | 67206 | 75661 |
| 2074 | 8500 | 14469 | 20760 | 28449 | 35371 | 41894 | 46867 | 52744 | 59965 | 67228 | 75747 |
| 2096 | 8528 | 14484 | 21359 | 28822 | 35473 | 42072 | 46999 | 52917 | 60364 | 67407 | 76050 |
| 2322 | 8590 | 14874 | 21612 | 29358 | 35526 | 42129 | 47041 | 52927 | 60548 | 67427 | 76326 |
| 2366 | 8597 | 15185 | 21718 | 29742 | 35574 | 42368 | 47196 | 53069 | 60553 | 67465 | 76347 |
| 2518 | 8735 | 15211 | 21725 | 29753 | 35824 | 42445 | 47221 | 53080 | 60563 | 67491 | 76538 |
| 2553 | 9204 | 15250 | 22129 | 29887 | 36129 | 42656 | 47223 | 53159 | 60941 | 67500 | 76812 |
| 2585 | 9222 | 15406 | 22281 | 30000 | 36198 | 42708 | 47297 | 53256 | 60990 | 67831 | 76831 |
| 2605 | 9236 | 15495 | 22331 | 30018 | 36264 | 42763 | 47383 | 53425 | 61053 | 67956 | 76977 |
| 2683 | 9804 | 15544 | 22712 | 30206 | 36413 | 42977 | 47401 | 53692 | 61093 | 67985 | 77072 |
| 2885 | 9824 | 15769 | 22763 | 30630 | 36445 | 43007 | 47485 | 53718 | 61345 | 68130 | 77245 |
| 2996 | 9899 | 15809 | 22874 | 30632 | 36780 | 43093 | 47581 | 53790 | 61394 | 68146 | 77440 |
| 3160 | 9926 | 15850 | 22897 | 30657 | 36941 | 43135 | 47725 | 53793 | 61479 | 68498 | 77517 |
| 3388 | 9968 | 15924 | 23129 | 30717 | 37041 | 43161 | 47797 | 53914 | 61588 | 68578 | 77557 |
| 3396 | 10109 | 15940 | 23467 | 30848 | 37110 | 43187 | 47891 | 54077 | 61810 | 68970 | 77614 |
| 3451 | 10272 | 16017 | 23475 | 30913 | 37112 | 43282 | 47973 | 54086 | 61812 | 69630 | 77664 |
| 3726 | 10391 | 16048 | 23555 | 31283 | 37187 | 43331 | 48100 | 54298 | 61909 | 69672 | 77862 |
| 3823 | 10460 | 16170 | 23567 | 31361 | 37194 | 43479 | 48320 | 54355 | 61962 | 69692 | 78077 |
| 3925 | 10532 | 16442 | 23625 | 31364 | 37210 | 43528 | 48333 | 54580 | 62065 | 69958 | 78145 |
| 4178 | 10538 | 16678 | 23650 | 31386 | 37274 | 43673 | 48479 | 54753 | 62083 | 69981 | 78428 |
| 4218 | 10609 | 16760 | 23844 | 31465 | 37332 | 43790 | 48676 | 55064 | 62109 | 70113 | 78484 |
| 4322 | 10619 | 16936 | 23848 | 31630 | 37435 | 43820 | 48845 | 55267 | 62398 | 70224 | 78555 |
| 4586 | 10634 | 16975 | 23902 | 31661 | 37750 | 43933 | 48913 | 55312 | 62479 | 70265 | 78616 |
| 4662 | 10723 | 17185 | 23971 | 32049 | 37839 | 43934 | 48969 | 55630 | 62570 | 70390 | 78800 |
| 4845 | 10733 | 17215 | 24093 | 32393 | 37872 | 44035 | 48983 | 55643 | 62731 | 70690 | 78935 |
| 4899 | 10738 | 17323 | 24308 | 32539 | 37914 | 44405 | 49085 | 55731 | 62884 | 70706 | 78967 |
| 4921 | 10772 | 17337 | 24432 | 32580 | 38049 | 44452 | 49143 | 55741 | 62973 | 71118 | 79061 |
| 5371 | 10804 | 17402 | 24498 | 32616 | 38139 | 44469 | 49377 | 55940 | 63276 | 71420 | 79439 |
| 5373 | 10877 | 17685 | 24503 | 32759 | 38158 | 44470 | 49435 | 56361 | 63351 | 71479 | 79514 |
| 5398 | 10987 | 17707 | 24696 | 32829 | 38339 | 44573 | 49504 | 56444 | 63364 | 71791 | 79540 |
| 5582 | 11000 | 17745 | 24972 | 32989 | 38412 | 44709 | 49534 | 56858 | 63412 | 71796 | 79980 |
| 5679 | 11050 | 17802 | 25111 | 33061 | 38650 | 44793 | 50056 | 56970 | 63473 | 71994 | |
| 5828 | 11055 | 18224 | 25181 | 33183 | 39042 | 44795 | 50173 | 57032 | 63643 | 72019 | |
| 5946 | 11057 | 18245 | 25384 | 33312 | 39060 | 44814 | 50290 | 57178 | 63918 | 72075 | |
| 6045 | 11071 | 18252 | 25490 | 33463 | 39124 | 44924 | 50502 | 57204 | 63928 | 72345 | |
| 6092 | 11269 | 18495 | 25541 | 33773 | 39169 | 44931 | 50602 | 57259 | 64014 | 72618 | |
| 6125 | 11687 | 18622 | 25586 | 33781 | 39336 | 45069 | 50708 | 57307 | 64032 | 72622 | |
| 6155 | 11780 | 18840 | 25839 | 33798 | 39486 | 45385 | 50833 | 57600 | 64101 | 72640 | |
| 6258 | 11876 | 18918 | 25978 | 33843 | 39500 | 45534 | 50915 | 57686 | 64295 | 72690 | |
| 6576 | 11887 | 18919 | 26039 | 33974 | 39570 | 45575 | 50943 | 57803 | 64654 | 72845 | |
| 6585 | 11918 | 18977 | 26066 | 34019 | 39703 | 45849 | 51046 | 57845 | 64655 | 72877 | |

**PENINGAVINNINGAR** kr. 20.000

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 286 | 7574 | 13164 | 19725 | 27150 | 33544 | 40045 | 47275 | 54088 | 61084 | 67183 | 73665 |
| 361 | 7641 | 13196 | 20190 | 27236 | 33612 | 40059 | 47391 | 54176 | 61201 | 67220 | 73732 |
| 532 | 7783 | 13382 | 20198 | 27319 | 33634 | 40065 | 47409 | 54201 | 61413 | 67333 | 73756 |
| 592 | 7852 | 13414 | 20239 | 27491 | 33721 | 40115 | 47543 | 54394 | 61416 | 67441 | 73853 |
| 612 | 7927 | 13420 | 20302 | 27517 | 33786 | 40136 | 47580 | 54491 | 61700 | 67768 | 73952 |
| 722 | 8108 | 13564 | 20306 | 27528 | 33916 | 40206 | 47601 | 54526 | 61911 | 67792 | 73992 |
| 773 | 8167 | 13590 | 20431 | 27661 | 33972 | 40405 | 47638 | 54606 | 62169 | 67846 | 74063 |
| 906 | 8178 | 13604 | 20545 | 27682 | 34003 | 40840 | 47666 | 54662 | 62194 | 67920 | 74098 |
| 911 | 8195 | 13680 | 20595 | 27805 | 34050 | 40842 | 47750 | 54678 | 62314 | 68022 | 74235 |
| 991 | 8272 | 13805 | 20746 | 27952 | 34062 | 40943 | 47852 | 54881 | 62456 | 68157 | 74360 |
| 1282 | 8277 | 13818 | 20747 | 28101 | 34172 | 40978 | 47910 | 54973 | 62528 | 68357 | 74605 |
| 1335 | 8453 | 13911 | 20751 | 28116 | 34197 | 41259 | 47936 | 55080 | 62628 | 68385 | 74780 |
| 1438 | 8468 | 13928 | 20940 | 28159 | 34208 | 41263 | 47979 | 55104 | 62672 | 68445 | 74800 |
| 1487 | 8634 | 14035 | 20999 | 28261 | 34353 | 41517 | 48233 | 55141 | 62679 | 68592 | 74815 |
| 1770 | 8648 | 14059 | 21173 | 28396 | 34490 | 41626 | 48390 | 55200 | 62775 | 68632 | 74855 |
| 1881 | 8846 | 14109 | 21350 | 28474 | 34544 | 41826 | 48410 | 55211 | 62857 | 68672 | 74876 |
| 1927 | 8988 | 14168 | 21411 | 28488 | 34653 | 41862 | 48594 | 55393 | 62861 | 68761 | 75178 |
| 1973 | 9011 | 14195 | 21557 | 28603 | 34682 | 42022 | 48626 | 55506 | 62863 | 68792 | 75251 |
| 1987 | 9065 | 14384 | 21634 | 28646 | 34921 | 42078 | 48851 | 55733 | 62945 | 68815 | 75299 |
| 2035 | 9107 | 14778 | 21658 | 28713 | 34925 | 42154 | 49062 | 56124 | 63021 | 68992 | 75382 |
| 2115 | 9116 | 14831 | 21659 | 28905 | 34998 | 42302 | 49065 | 56468 | 63035 | 69081 | 75455 |
| 2567 | 9259 | 14914 | 21760 | 28910 | 35086 | 42338 | 49066 | 56613 | 63150 | 69114 | 75618 |
| 2658 | 9315 | 15041 | 21812 | 29122 | 35263 | 42467 | 49184 | 56886 | 63173 | 69120 | 75623 |
| 2859 | 9378 | 15269 | 21939 | 29162 | 35317 | 42547 | 49553 | 57070 | 63329 | 69277 | 75718 |
| 2903 | 9394 | 15318 | 22086 | 29355 | 35485 | 42568 | 49577 | 57176 | 63361 | 69289 | 75877 |
| 3037 | 9433 | 15322 | 22222 | 29434 | 35590 | 42593 | 49588 | 57263 | 63382 | 69350 | 76085 |
| 3085 | 9592 | 15717 | 22389 | 29503 | 35660 | 42788 | 49645 | 57290 | 63383 | 69391 | 76100 |
| 3132 | 9607 | 15910 | 22523 | 29558 | 35683 | 42794 | 49691 | 57352 | 63391 | 69425 | 76275 |
| 3239 | 9685 | 15933 | 22628 | 29678 | 35786 | 42804 | 49722 | 57426 | 63437 | 69521 | 76441 |
| 3257 | 9746 | 16140 | 22989 | 29773 | 35864 | 42937 | 49779 | 57462 | 63455 | 69985 | 76489 |
| 3286 | 9881 | 16193 | 23113 | 29932 | 36000 | 43054 | 49877 | 57640 | 63622 | 70064 | 76537 |
| 3333 | 9918 | 16292 | 23326 | 29952 | 36076 | 43058 | 49992 | 57770 | 63631 | 70093 | 76768 |
| 3468 | 10125 | 16412 | 23409 | 29964 | 36179 | 43152 | 50194 | 57771 | 63679 | 70141 | 77040 |
| 3658 | 10214 | 16425 | 23443 | 30134 | 36534 | 43367 | 50233 | 57774 | 63912 | 70244 | 77081 |
| 3865 | 10256 | 16476 | 23488 | 30172 | 36555 | 43793 | 50274 | 57829 | 63986 | 70256 | 77200 |
| 3879 | 10416 | 16501 | 23506 | 30247 | 36586 | 44258 | 50304 | 57872 | 64000 | 70321 | 77353 |
| 4042 | 10489 | 16648 | 23584 | 30310 | 36678 | 44341 | 50351 | 57932 | 64029 | 70339 | 77383 |
| 4099 | 10558 | 16657 | 23595 | 30342 | 36954 | 44403 | 50427 | 57949 | 64065 | 70356 | 77518 |
| 4148 | 10686 | 16779 | 23704 | 30347 | 37062 | 44413 | 50511 | 58118 | 64113 | 70510 | 77548 |
| 4152 | 10739 | 16883 | 23801 | 30352 | 37177 | 44546 | 50774 | 58197 | 64164 | 70522 | 77568 |
| 4161 | 10838 | 17056 | 23805 | 30376 | 37464 | 44602 | 50808 | 58256 | 64252 | 70681 | 77574 |
| 4333 | 10898 | 17132 | 23961 | 30435 | 37510 | 44958 | 50882 | 58377 | 64463 | 70705 | 77815 |
| 4396 | 10907 | 17151 | 24235 | 30721 | 37560 | 45123 | 51052 | 58378 | 64533 | 70978 | 77894 |
| 4429 | 10911 | 17247 | 24240 | 30789 | 37573 | 45158 | 51147 | 58488 | 64538 | 71091 | 78124 |
| 4573 | 10949 | 17263 | 24358 | 30868 | 37576 | 45232 | 51464 | 58648 | 64692 | 71180 | 78185 |
| 4649 | 10986 | 17340 | 24520 | 30896 | 37603 | 45328 | 51558 | 58720 | 64698 | 71449 | 78342 |
| 4698 | 10988 | 17365 | 24523 | 31187 | 37798 | 45362 | 51602 | 58820 | 64703 | 71600 | 78670 |
| 5206 | 11043 | 17492 | 24568 | 31242 | 37826 | 45432 | 51628 | 58823 | 64770 | 71659 | 78737 |
| 5263 | 11202 | 17542 | 24781 | 31405 | 37829 | 45592 | 51651 | 58931 | 64780 | 71735 | 78739 |
| 5284 | 11229 | 17584 | 24899 | 31496 | 37842 | 45618 | 51754 | 58954 | 64828 | 71753 | 78742 |
| 5299 | 11336 | 17663 | 25039 | 31551 | 38010 | 45637 | 51811 | 59042 | 64890 | 71789 | 78877 |
| 5421 | 11355 | 17687 | 25056 | 31581 | 38053 | 45698 | 52031 | 59138 | 64953 | 71825 | 78887 |
| 5430 | 11407 | 17718 | 25140 | 31604 | 38123 | 45919 | 52045 | 59591 | 65077 | 71900 | 78953 |
| 5433 | 11477 | 17885 | 25465 | 31660 | 38189 | 46020 | 52144 | 59607 | 65186 | 71989 | 78982 |
| 5476 | 11610 | 17918 | 25485 | 31789 | 38219 | 46130 | 52171 | 59621 | 65295 | 72098 | 79240 |
| 5504 | 11642 | 18010 | 25499 | 31871 | 38239 | 46171 | 52283 | 59672 | 65346 | 72264 | 79310 |
| 5563 | 11833 | 18174 | 25726 | 31923 | 38268 | 46180 | 52361 | 59707 | 65416 | 72313 | 79430 |
| 5681 | 11839 | 18197 | 25773 | 31951 | 38465 | 46188 | 52645 | 59767 | 65518 | 72369 | 79464 |
| 5726 | 11988 | 18307 | 25870 | 31994 | 38582 | 46249 | 52648 | 59787 | 65520 | 72413 | 79592 |
| 5731 | 11992 | 18328 | 25938 | 32016 | 38635 | 46253 | 52704 | 59815 | 65589 | 72446 | 79600 |
| 5986 | 12034 | 18543 | 26015 | 32046 | 38730 | 46255 | 52810 | 60362 | 65738 | 72607 | 79667 |
| 6020 | 12102 | 18619 | 26038 | 32074 | 38850 | 46307 | 52874 | 60391 | 65821 | 72764 | 79714 |
| 6132 | 12201 | 18729 | 26062 | 32106 | 38854 | 46310 | 53157 | 60422 | 66015 | 72765 | 79785 |
| 6254 | 12268 | 18857 | 26160 | 32195 | 38904 | 46360 | 53207 | 60424 | 66053 | 72848 | 79836 |
| 6465 | 12272 | 18921 | 26196 | 32228 | 38961 | 46403 | 53212 | 60524 | 66111 | 73047 | 79967 |
| 6496 | 12316 | 18978 | 26248 | 32317 | 39132 | 46439 | 53323 | 60655 | 66146 | 73061 | |
| 6725 | 12397 | 19022 | 26641 | 32565 | 39148 | 46512 | 53420 | 60689 | 66227 | 73129 | |
| 6810 | 12506 | 19132 | 26654 | 32642 | 39408 | 46634 | 53421 | 60692 | 66455 | 73187 | |
| 6883 | 12597 | 19309 | 26672 | 32664 | 39588 | 46663 | 53427 | 60800 | 66536 | 73206 | |
| 6947 | 12609 | 19322 | 26759 | 32728 | 39605 | 46721 | 53428 | 60858 | 66565 | 73389 | |
| 7023 | 12710 | 19342 | 26828 | 33008 | 39639 | 46869 | 53632 | 60909 | 66675 | 73496 | |
| 7112 | 12739 | 19397 | 26879 | 33230 | 39711 | 46880 | 53808 | 60991 | 66796 | 73528 | |
| 7120 | 12758 | 19450 | 26918 | 33357 | 39741 | 46918 | 53813 | 61019 | 66951 | 73543 | |
| 7239 | 12969 | 19482 | 27000 | 33396 | 39925 | 47174 | 53840 | 61054 | 67059 | 73627 | |
| 7494 | 13086 | 19601 | 27021 | 33536 | 39967 | 47237 | 53898 | 61083 | 67073 | 73644 | |

H:N Markaðssamskipti / SÍA

Tryggðu þér miða á sibs.is eða í síma 560 4800

Afgreiðsla vinninga hefst þann 20. nóvember 2017
Birt án ábyrgðar um prentvillur


# Það hefði ekki þurft að fara svona



**Karl Andersen**
prófessor og formaður stjórnar Hjartaverndar

Það hefði ekki þurft að fara svona. Luther var 55 ára og við ágæta heilsu. Hann var í góðu starfi, átti ástríka eiginkonu og tvö uppkomin börn. Hann stóð í skilum við guð og menn og var í stuttu máli hamingjusamur. Ekkert sem hann þurfti að hafa áhyggjur af í sjálfu sér. Álagið var að vísu mikið og hann vann allt of langan vinnudag en brátt sá fyrir endann á afborgunum á húsnæðislánunum og hann var farinn að hlakka til að setjast í helgan stein og sinna áhugamálunum. Fyrsta barnabarnið var á leiðinni.

Luther hafði verið að finna fyrir þreytu og orkuleysi undanfarið. Það gæti nú bara verið vegna álagsins en einhvern veginn var eins og öll orka væri úr honum eftir vinnudaginn og þetta fór alltaf versnandi. Hann var ekkert að ræða það sérstaklega við fjölskylduna en ákvað að fara út og reyna svolítið á sig. Sjá hvort þetta væri nokkuð. Það gekk í sjálfu sér ágætlega en hann varð talsvert móður og fannst hann ætti að komast hraðar yfir. Svo var ekki laust við að það væri einhver verkur þarna sem leiddi upp í hálsinn en hann hvarf fljótt og fór ekki út í handlegginn svo þetta hlaut nú að vera í lagi. Hann hafði aldrei reykt og notaði áfengi hóflega. Hann hafði að vísu bætt talsvert á sig á seinni árum og það var talsvert um hjartasjúkdóma í fjölskyldunni. En hann leiddi þetta hjá sér og gleymdi þessu bara.

Luther vaknaði um nótt. Verkurinn var vondur. Hann var kaldsveittur og varð flökurt. Hann gat engan veginn losnað við þessi ónot. Þegar sjúkrabíllinn kom missti hann meðvitund. Hann frétti síðar að hann hefði dáið en verið endurlífgaður með rafstuði. Þegar hann kom á Hjartagáttina á Landspítalanum var hann strax tekinn í hjartaþræðingu þar sem stífluð kransæð kom í ljós. Hún var opnuð með belg og stoðnet sett í æðina. Hann þurfti að liggja á hjartadeildinni í fimm daga. Þegar hann kom heim var ekkert eins og áður. Hann mátti ekki fara í vinnuna fyrr en eftir 6 vikur og utanlandsferðin sem hann hafði verið að undirbúa varð að bíða betri tíma. Hann þurfti að huga að mataræðinu og hreyfa sig reglulega og taka einar fimm mismunandi tegundir hjartalyfja. Verst var þó að sætta sig við að vera orðinn hjartasjúklingur. Þessi stífla hafði skilið eftir sig drep í hjartanu. Skemmd sem ekki mundi ganga til baka. Hann varð þó að teljast heppinn. Hann var þó lifandi. En ekkert var eins og áður.

**Á Íslandi eru um 25 þúsund einstaklingar sem lifa við afleiðingar sjúkdóma í hjarta og æðakerfi. Þetta eru hjartaáföll og heilablóðföll, kransæðaskurðaðgerðir og kransæðavíkkanir.**

### Algengasta ástæða ótímabærra dauðsfalla

Á Íslandi eru um 25 þúsund einstaklingar sem lifa við afleiðingar sjúkdóma í hjarta og æðakerfi. Þetta eru hjartaáföll og heilablóðföll, kransæðaskurðaðgerðir og kransæðavíkkanir. Þrátt fyrir miklar framfarir í greiningu og meðferð hjartasjúkdóma leiða þessi áföll til langvinnra sjúkdóma sem draga úr starfsþreki og lífsgæðum þeirra sem fyrir þeim verða. Í langflestum tilvikum hefði verið hægt að koma í veg fyrir þessi áföll. Af fimmtíu ára rannsóknarstarfi vitum við að mestu leyti hvað veldur hjarta- og æðasjúkdómum. Við þekkjum áhættuþættina, vitum hvernig er hægt að forðast þá og meðhöndla. Engu að síður eru hjarta- og æðasjúkdómar ennþá algengasta ástæða ótímabærra dauðsfalla á Íslandi.

Í Hjartavernd er nú að hefjast átak í forvörnum sem við köllum „Heilbrigt hjarta á nýrri öld“. Í samstarfi við heilsugæslustöðvar um allt land hyggjumst við nýta þá þekkingu sem rannsóknir okkar hafa skapað til að koma í veg fyrir stóran hluta þessara ótímabæru áfalla. Endurbætt áhættureiknivél sem þróuð hefur verið í Hjartavernd mun verða notuð á heilsugæslustöðvum um allt land og einnig verða aðgengileg fyrir almenning á netinu. Í völdum tilvikum verða einstaklingar rannsakaðir nánar með ómskoðun af hálsæðum. Þannig má greina æðakölkunarsjúkdóm á frumstigi og beita fyrirbyggjandi meðferð til að hindra framgang sjúkdómsins þegar það á við.

Luther er kominn aftur til vinnu. Eftir endurhæfingu hefur hann endurheimt starfsþrekið að miklu leyti. Hann fær þó ekki að sinna sömu krefjandi verkefnum og áður. Hann vildi óska að hann hefði farið í skoðun áður en áfallið kom. Betra er heilt en vel gróið segir einhvers staðar. Aðallega óskar hann þess þó að barnabörnin hans sleppi við að veikjast fyrir aldur fram af sjúkdómi sem hefði auðveldlega mátt koma í veg fyrir.

# Einelti



**Örlygur Hnefill Örlygsson**
forseti sveitarstjórnar Norðurþings

Í liðinni viku stigu fram foreldrar og barn og sögðu sára sögu sína af einelti í samfélagi okkar á Húsavík. Mikið hugrekki þarf til að stíga það skref. Ég veit það vel því ég á sjálfur sögu sem þolandi eineltis, sögu sem ég hef aldrei sagt og bar lengi með mér skömm vegna hennar.

Einelti er landlægt vandamál. Það er ekki meira eða verra hér á Húsavík og samfélagið okkar er hvorki betra né verra en önnur samfélög hringinn um landið. Eineltið kann að virka stærra á þolanda í litlu samfélagi þar sem honum finnst eins og allt samfélagið sé gerandi eða óvirkur þátttakandi, þegar raunin er að fæstir vita af því sem á sér stað.

Vandinn er stærri í dag en áður þar sem eineltið hefur að stórum hluta færst úr raunheimum yfir á samfélagsmiðla og enn auðveldara er fyrir gerendur að fela verknaðinn fyrir aðstandendum og skóla. Þess vegna er svo ótrúlega mikilvægt að taka þessa umræðu og færa þessi mál upp á yfirborðið. Það gerist ekki nema þolendur og aðstandendur þori og vilji stíga fram. Þá opnast málið öllu nærsamfélaginu og viðbrögð þess geta ráðið miklu um hvernig mál þróast eftir það.

### Ótrúlegt hugrekki

Foreldrar stúlkunnar og hún sjálf sýndu ótrúlegt hugrekki með því að opna þessa umræðu. Einlæg frásögn þeirra vakti athygli um land allt. Því miður, en nokkuð fyrirsjáanlega, framkallaði það hins vegar viðbrögð sem einnig eru ofbeldi. Fjöldi fólks víðs vegar um landið steig fram til að fordæma alla íbúa Húsavíkur og orð voru rituð sem var hálf lamandi að lesa. Orð sem munu lifa á netinu um langa tíð. Mikið og vandað starf í skólunum okkar var að engu gert. Þegar það gerist fer hluti af samfélaginu í vörn. Þannig skapar sú ljóta umræða sem á sér stað á samfélagsmiðlum gjá milli þolandans og þess samfélags sem þarf að skerast í leikinn og þolandinn er að kalla til. Samfélagið hér er enn frekar en önnur samfélög í vörn vegna atburða úr fortíðinni.

**Hér á Húsavík voru gerð mörg mistök í því hvernig tekið var á máli sem upp kom fyrir hátt í 20 árum. Nú stöndum við aftur frammi fyrir máli sem samfélagið okkar þarf að taka á. Hvernig við tökum á því mun segja mikið um hvernig samfélag við höfum skapað og hvernig samfélag við viljum vera.**

### Gefur mér mikla von

Í skólunum á Húsavík er unnið með uppeldisstefnu sem nefnist Jákvæður agi. Ég fæ í starfi mínu að fylgjast með unga fólkinu okkar leysa mál á svo magnaðan hátt að það gefur mér mikla von um framtíð þessa samfélags. Þau skiptast á að standa vinavaktina og passa að enginn sé skilinn útundan. Skipulega er unnið með eineltismál sem koma upp í skólunum okkar og er það gert í góðu samstarfi kennara, skólastjórnenda, aðstandenda, sálfræðinga og annars fagfólks sem kallað er að málum. Oftast tekst að uppræta málin, en því miður ekki alltaf.

Jane Nelsen, einn af frumkvöðlum Jákvæðs aga, spurði eitt sinn hvernig í ósköpunum fólki hafi dottið í hug að til þess að okkur gangi betur þurfi okkur fyrst að líða illa. Jákvæður agi kennir einnig að mistök eru tækifæri til að læra. Hér á Húsavík voru gerð mörg mistök í því hvernig tekið var á máli sem upp kom fyrir hátt í 20 árum. Nú stöndum við aftur frammi fyrir máli sem samfélagið okkar þarf að taka á. Hvernig við tökum á því mun segja mikið um hvernig samfélag við höfum skapað og hvernig samfélag við viljum vera.

HÉÐAN ER ENGIN LEIÐ TIL BAKA
HÉÐAN ER ENGIN LEIÐ AFTUR HEIM




NÝ BÓK EFTIR
METSÖLUHÖFUNDINN
STEFÁN MÁNA

sögur ÚTGÁFA

# Evrópa er miðstöð menningar, framfara og velferðar heimsins; það fylgir því hætta



**Ole Anton Bieltvedt**
alþjóðlegur kaupsýslumaður

Fyrir 90 árum voru jarðarbúar 2 milljarðar, og voru Evrópubúar þá 500 milljónir eða 25% jarðarbúa. Í dag eru þessar tölur 7,5 milljarðar jarðarbúa, en Evrópubúum hefur ekki fjölgað, og eru þeir enn 500 milljónir. Er hlutfallið þannig komið niður í 7%. Um næstu aldamót er reiknað með, að jarðarbúar verði komnir í 11 milljarða, en ekki er búizt við fjölgun Evrópubúa. Verður hlutfall Evrópubúa því um næstu aldamót aðeins um 4,5%.

Á sama tíma er Evrópa miðstöð menningar, framfara og – umfram allt – velferðar heimsins. Er ljóst, að margur maðurinn í Suður-Ameríku, Afríku eða Asíu muni renna hýru auga til Evrópu og þeirrar velferðar, sem hér ríkir. Er þessi staða auðvitað nú þegar komin upp í formi flóttamanna frá Asíu og Afríku. En, enn eru þetta bara einstaklingar, sem eru að flýja stríðshörmungar, atvinnuleysi, fátækt og vonleysi, ekki öflug lið eða fylkingar trúarhópa eða þjóða.

Mannkynssagan einkennist af baráttu um auðæfi, land og kosti þess, völd og trúarbrögð. Þrátt fyrir viðleitni til samskipta og samstarfs á grundvelli skilnings og samhjálpar, er hætt við, að mannkynssagan muni endurtaka sig. Eitt er sjálfsbjargarhvöt manna og endalaus leit að betra lífi, annað er valda- og yfirráðaleit valdagráðugra manna og ofstækisfullra trúarbragðaleiðtoga.

Það væri mikill og hörmulegur barnaskapur, í raun forheimska, ef við Evrópubúar héldum, að við gætum setið að velsæld okkar og allsnægtum, í ró og friði, meðan aðrir hlutar mannkyns svelta og þjást, og, að hinir líðandi muni einfaldlega nema staðar við línu á landakortinu.

Það er illt til þess að vita, að ýmsir – jafnvel leiðandi menn – í Evrópu skuli ekki sjá og skilja þessar staðreyndir og þá ógn fyrir Evrópu og börn okkar og afkomendur, sem þessi augljósa en óstöðvanlega þróun er.

Þessir menn virðast halda, að Evrópa sé bezt komin í uppskiptingu og ágreiningi, og er það hryggilegt, að jafnvel íslenzkir forystumenn skuli vegna þjóðerniskenndar sinnar og þröngsýni aðhyllast og beinlínis styðja þessi sjónarmið og tilraunir til niðurrifs og uppskiptingar Evrópu.

Því miður eru Brexit-menn víða, líka hér, og finnast þeir fljótt í forystuliði Sjálfstæðismanna. Ótrúlegir blindingjar það.

Það er ekki nema ein leið til að tryggja hagsmuni og öryggi Evrópu. Í fyrsta lagi, skilningur á þessari stöðu og þeirri hættu, sem fram undan er. Í öðru lagi, fullkomin samstaða og bezta möguleg samvinna allra þjóða og afla innan Evrópu. Vettvangur fyrir þetta lífsnauðsynlega samstarf er vitaskuld Evrópusambandið, ESB, sem, Guði sé lof, er komið vel á veg með að friða, sameina og styrkja Evrópu viðskiptalega og efnahagslega, og nú sér þörfina á hernaðarlegri styrkingu og sjálfstæði. Í þriðja lagi, þarf Evrópa að fara af stað með öfluga áætlun og aðgerðaplan til að styrkja og byggja upp fátækar þjóðir heims, einkum í Afríku og Asíu, og hjálpa þeim þannig til sjálfsbjargar.

Menn hafa í sambandi við öryggi Evrópu talið, að NATO myndi tryggja hagsmuni hennar og sjálfstæði, en, því miður hafa Evrópubúar treyst um of á hernaðarmátt Bandríkjanna og þar með vanrækt sjálfstæðar varnir sínar og hernaðarmátt Evrópu sjálfar.

Sagan sýnir, að Bandaríkin hafa engan raunverulegan bardagamátt, þegar á hólminn er komið: Illa vopnaður bændaher rak þá út úr Víetnam, nánast eins og halaklippta hunda, með öll sín gjöreyðingarvopn, eftir að þeir höfðu nánast eytt yfirborði jarðar í Norður-Víetnam. Ekki gekk vel í Kóreu, og ráða þeir vart við stöðu mála þar. Ekki er árangurinn miklu skárri í Afganistan, Írak eða Austurlöndum nær.

Þetta er allt ein hörmungarsaga, og bætist nú við, að erfitt verður yfirhöfuð að treysta mikið á Bandaríkjamenn í framtíðinni, eftir að þjóðin kaus sér Donald Trump sem forseta, en hann er óútreiknanlegur sýndarmennskupési og hrokagikkur, og einskis trausts verður, eins og dæmin sanna.




# Lítill áhugi á kjarabótum aldraðra!



**Björgvin Guðmundsson**
viðskiptafræðingur

Alþingiskosningar 2017 eru afstaðnar. Það sem vakti mesta athygli mína í kosningabaráttunni var það, að lítið var rætt um kjör aldraðra og öryrkja. Og þegar rætt var um þessi málefni var það yfirleitt með almennum orðum en ekki minnst á beinar aðgerðir eða tillögur. Flestir flokkanna vildu halda lífeyri óbreyttum en að hann ætti í framtíðinni að hækka í samræmi við hækkun lágmarkslauna. Með öðrum orðum: Flokkarnir vildu ekki, að lífeyrir aldraðra og öryrja yrði hærri en lágmarkslaun.

Í dag eru lágmarkslaun 230 þúsund kr. á mánuði eftir skatt hjá einstaklingum. Lífeyrir er sá sami hjá einstaklingum. Sem betur fer eru aðeins 5% verkafólks á lágmarkslaunum; hinir eru á hærri töxtum. Samt vilja menn miða lífeyri við lágmarkslaun. Það er þá verið að miða við pappírslaun, sem fáir eru á. Það er undarlegt.

**Aldraða úr fátæktargildrunni**

Félag eldri borgara í Reykjavík hélt opinn fund í Háskólabíói í október til þess að fjalla um kjör aldraðra. Yfirskrift fundarins var að ná öldruðum úr fátæktargildrunni. Með öðrum orðum: Félagið vildi koma öldruðum upp úr lágmarkslífeyri sem væri sá sami og lágmarkslaun. Það er enginn ágreiningur um það, að lífeyrir er of lágur; sá lífeyrir dugar ekki fyrir nauðsynlegum útgjöldum, dugar ekki fyrir framfærslukostnaði. Kjör aldraðra, sem eingöngu hafa tekjur frá almannatryggingum, duga ekki. En samt vilja flokkarnir ekki, að lífeyrir sé hærri en lágmarkslaun. Ég tel, að þessu verði að breyta.

Eðlilegt er að baráttumenn aldraðra, félög eldri borgara, Landssamband eldri borgara, stjórnmálaflokkar sem berjast fyrir bættum kjörum aldraðra og aðrir baráttumen fyrir aldraða knýi fram hærri lífeyri aldraðra en það er síðan verkefni verkalýðshreyfingarinnar að berjast fyrir hækkun lágmarkslauna. Eldri borgarar geta ekki borið ábyrgð á lágmarkslaununum.

**Dugar ekki fyrir framfærslu**

Miðað við stefnu stjórnmálaflokkanna í málefnum aldraðra fyrir kosningar er ég svartsýnn á, að Alþingi geri stóra hluti í þágu aldraðra. Í rauninni bind ég einkum vonir við tvo flokka í því efni, þ.e. Flokk fólksins og Pírata. Flokkur fólksins boðaði 300 þúsund kr. skattleysismörk. Það jafngildir 300 þúsund kr. lífeyri eftir skatta hjá einstaklingi á mánuði. Píratar vilja einnig hækka persónuafsláttinn en auk þess vilja þeir afnema skerðingu lífeyris aldraðra hjá almannatryggingum vegna allra tekna (tekna af atvinnu, fjármagni og greiðslum úr lífeyrissjóði).

Það kann að vera að erfitt verði að framkvæma þessa róttæku stefnu þessara flokka í einum áfanga en þá má gera það í áföngum. Það er hins vegar ekkert vitað hvort eða hvað VG og Samfylking vilja gera til þess að bæta kjör aldraðra og öryrkja. Það eina, sem er handfast í því efni er, að lífeyrir eigi að fylgja lágmarkslaunum og duga fyrir framfærslukostnaði. En það er ekki nóg. Það er hvergi nærri nóg.

**Í velferðarþjóðfélaginu Íslandi á að vera unnt að gera vel við eldri borgara, sem byggt hafa upp þetta þjóðfélag.**

Fram til þessa hafa stjórnmálaflokkarnir ekki gætt þess nógu vel, að lífeyrir aldraðra og öryrkja frá almannatryggingum dugi fyrir framfærslukostnaði. Stjórnmálaflokkarnir hafa verið skeytingarlausir í þessu efni. Væntanlega verður breyting á í því efni. Það er þó ekki sjálfgefið. Flokkarnir þurfa mikið aðhald.

**Hættum smáskammtalækningum!**

Ég hef sagt, að tími væri kominn til þess að veita öldruðum og öryrkjum myndarlegar kjarabætur; ekki smáskammtalækningar, heldur svo myndarlega hækkun lífeyris, að aldraðir og öryrkjar gætu lifað með reisn. Þessir aðilar eiga ekki að þurfa stöðugt að kvíða morgundeginum. Í velferðarþjóðfélaginu Íslandi á að vera unnt að gera vel við eldri borgara, sem byggt hafa upp þetta þjóðfélag. Og það á einnig að gera vel við öryrkja. Úrbætur í málefnum þessa fólks eiga að vera fyrsta verkefni nýs Alþingis.

# Skóli með og án aðgreiningar



**Kristín Arnardóttir**
deildarstjóri sérkennslu

Skólastefnan „skóli án aðgreiningar“ hefur verið hin opinbera stefna á Íslandi um nokkurt skeið. Henni hefur verið fylgt eftir af miklum þunga innan stjórnkerfis margra sveitarfélaga og við menntun kennara.

**„Án aðgreiningar“**

Í nafni stefnunnar „skóli án aðgreiningar“ hafa mörg úrvals sérúrræði verið aflögð og myndast hefur þöggun um ágæti þeirra. Meira að segja eru orðin sérkennari og sérkennsla orðin tabú í ýmsum opinberum gögnum. Stefnan er að allir kennarar kunni til verka við að kenna öllum nemendum. Gott og vel. Margt þarfnast úrbóta í almennu kennaranámi. En er sérhæfing og sérþekking í málefnum barna með fjölbreyttar sérþarfir orðin óþörf og jafnvel af hinu illa?

**Ólíkar þarfir og kennsluaðferðir**

Aðferðir, námsefni og markmið í kennslu barna með skerta námsgetu eru að mörgu leyti ólík því sem gerist í almennri kennslu. Vanda þarf til verka svo að nemandinn hafi viðfangsefni við hæfi sem veita fjölbreytt tækifæri til náms. Bók, blað og blýantur eru ekki endilega þau námsgögn sem best henta. Almennir kennarar hafa hingað til ekki fengið kennslu á þessu sviði og kjarasamningar veita ekki svigrúm til aukins undirbúnings sem með þarf.

Til eru börn sem þurfa markvissa hjálp við að stilla skap sitt og fylgja reglum. Ef breyta á óæskilegri hegðun þarf að setja skýr mörk og vera reiðubúinn að fylgja þeim eftir. Slík vinna þarf að fara fram í aðstæðum sem henta.

**... verða undir í goggunarröðinni**

Hið gamla orðatiltæki „líkur sækir líkan heim“ felur í sér mikinn sannleik. Öll sækjumst við eftir samveru og vináttu við fólk sem við finnum til samkenndar með. Sumir nemendur eru vinsælir, sumir eiga einn góðan vin og aðrir eru hafðir útundan. Þrátt fyrir góðan vilja kennara eru margir þættir félagstengsla sem ekki er unnt að stýra. Þú getur gert tvö börn að sessunautum en þú gerir þau ekki að vinum. Félagslega óþroskaðir nemendur ná iðulega ekki að fóta sig í hópnum, heldur eru einungis umbornir. Þessi börn vaxa úr grasi án þess að eignast vini. Þau skilja ekki leikreglur jafnaldra sem eru á öðru þroskastigi.

Í smærri hópum er oft auðveldara að aðstoða nemendur við að mynda tengsl, efla félagsþroska þeirra og sjálfsvirðingu. Takist vel til á nemandinn auðveldara með að spjara sig í stærri hópi og að vera sáttur við sjálfan sig eins og hann er. Þess vegna er mikill missir að mörgum góðum sérdeildum sem lagðar hafa verið niður undanfarin ár.

**„Skóli fjölbreytileikans“ – að vera fremstur meðal jafningja**

Þeirri skoðun hefur verið fleygt fram að nemendur í sérskólum og í öðrum sérúrræðum læri bara að apa eftir kæki og slæma hegðun hver af öðrum. Þetta eru örgustu fordómar. Nemendur með skerta námshæfni finna oft til mikillar samkenndar hver með öðrum og með þeim tekst djúp og innileg vinátta.

**Við náum aldrei að sinna öllum nemendum eftir þeirra þörfum, nema bjóða upp á fjölbreytt úrræði þar sem fagmennska og sérhæfing er til staðar. Við þurfum að brjótast út úr ákveðinni þöggun sem fylgt hefur skólastefnunni „skóli án aðgreiningar“ og setja markið hærra.**

Margir nemendur sem hafa verið í sérúrræðum eiga sinn vinahóp til að deila með gleði og sorgum, bjóða í merkisafmæli og upplifa saman merka áfanga. Samfélag þroskaheftra er minnihlutahópur sem sætir fordómum og vanþekkingu. Þar er að finna fólk með reisn og sjálfsvirðingu sem er sátt við eigin stöðu. Þetta er fólk sem alist hefur upp við virðingu og var gert kleift að þroskast og eflast á eigin forsendum í stað þess að þurfa sífellt að mistakast á mælikvarða hinna ófötluðu.

Við náum aldrei að sinna öllum nemendum eftir þeirra þörfum, nema bjóða upp á fjölbreytt úrræði þar sem fagmennska og sérhæfing er til staðar. Við þurfum að brjótast út úr ákveðinni þöggun sem fylgt hefur skólastefnunni „skóli án aðgreiningar“ og setja markið hærra.

*Höfundur var deildarstjóri í Öskjuhlíðarskóla og hefur unnið sem sérkennari og deildarstjóri sérkennslu í almennum skólum, leikskóla og á framhaldsstigi.*



# JÓLAVÖRURNAR ERU KOMNAR

**MUNICH sjónvarpskápur**
verð áður kr. 99.900
**verð nú kr. 79.920**





**MUNICH stofuborð**
verð áður kr. 89.900
**verð nú kr. 71.920**




# 20% KYNNINGARAFSLÁTTUR AF MUNICH HÚSGAGNALÍNU




**MUNICH borðstofuborð**
verð áður kr. 129.900
**verð nú kr. 103.920**









**HAAG sófi 20% afsláttur**
verð áður kr. 199.900
**verð nú kr. 159.920**



the PIER

Gildir dagana 9. til 15. nóvember.
Gildir ekki með öðrum tilboðum.

Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880 • Selfossi 522 7890


KRÓNAN
LÍFRÆNT VOTTAÐ
organic
GRØN BALANCE
ØKOLOGI
Økologisk Frugt
399 kr. pk.
Grön Balance klementínur 750 g, Ítalía
of snemmt?
Klementínur 950 g, Spánn
399 kr. pk.
Clementinen
Ódýrt
CAL./SIZE
L
CLEMENTINA I
Klementínur 2,3 kg, Spánn
699 kr. pk.
Afgreiðslutímar á www.kronan.is
Tilboðin gilda til 13. nóvember. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.


KRÓNAN
-20%
Folaldasnitsel og folaldagúllas
1999 kr. kg
Verð áður 2499 kr. kg
Íslenskt folaldakjöt
-25%
Folaldalundir
3699 kr. kg
Verð áður 4999 kr. kg
-25%
Folaldafile
3339 kr. kg
Verð áður 4499 kr. kg
-25%
Folalda piparsteik innralæri
2699 kr. kg
Verð áður 3599 kr. kg
-50%
Folaldahakk
350 kr. kg
Verð áður 699 kr. kg
Afgreiðslutímar á www.kronan.is
Tilboðin gilda til 13. nóvember. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

# KRÓNAN

# Indversk veisla í kvöld?

Korter í 4
Hvað er í kvöldmatinn?

Nýtt!



Krónu Indverskar lambahakkbollur, 580 g

**1299** kr. pk.




**199** kr. stk.

Gestus kókosmjólk, 400ml




**240** kr. stk.

Tikka Masala sósa

## KVÖLDMATUR FYRIR 4

## FYRIR 1738 KR.*

*Miðað við 580 g af bollum

Kóríander, hrísgrjón og Tzatziki ...ef þú ert í stuði




þessi uppskrift og miklu fleiri á

kronan.is/uppskriftir

Afgreiðslutímar á www.kronan.is

Tilboðin gilda til 13. nóvember. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

# KRÓNAN




Kinder súkkulaði jóladagatal

**1999** kr. stk.




VEGAN
vegan

Vegan súkkulaði jóladagatal

**799** kr. stk.



Ódýrt

Súkkulaði jóladagatal

**169** kr. stk.




Ódýrt

1094 kr. kg

**875** kr. pk.

After Eight 800 g



# Stóru tíðindin



**Sverrir Björnsson**
hönnunarstjóri

> **Krafan um að upplýsa um uppruna auglýsingafjár er talin besta leiðin til að stemma stigu við falsauglýsingum og falsfréttum.**

Frá sjónarhóli fólks sem vinnur að markaðs- og kynningarmálum, eins og ég hef gert í áratugi, eru tíðindi nýliðinnar kosningabaráttu að í fyrsta skipti var keyrð árásaauglýsingaherferð í opinberum fjölmiðlum, sjónvarpi og útvarpi.

Við höfum áður séð nafnlausar netsíður sem dreifa árásum og lygum á netinu en árásaherferð Samtaka skattgreiðenda er annars eðlis. Þessi aðferð, árásir samtaka sem eru sérstaklega stofnuð í áróðursskyni til hliðar við flokkana, eru stór hluti af kosningabaráttu í Bandaríkjunum en lítið beitt í Evrópu nema af hægri öfgaflokkum. Innleiðing þeirra á Íslandi eru nýjar fréttir og vekur spurningar.

**Hvaðan koma peningarnir?**

Herferð Samtaka skattgreiðenda hafði greinilega mikið fjármagn á bak við sig. Kostnaðurinn nam örugglega milljónum jafnvel tugum milljóna. Það er sjálfsagt að Samtökin birti kostnaðinn og hverjir greiddu hann. Krafan um að upplýsa um uppruna auglýsingafjár er talin besta leiðin til að stemma stigu við falsauglýsingum og falsfréttum, samanber fyrirhugaðar aðgerðir Evrópusambandsins, Facebook og Twitter. Í lögum er þess krafist að stjórnmálaflokkar upplýsi hvaðan fjármagn þeirra er upprunnið. Þarf ekki sama að gilda um samtök sem beita sér í kosningabaráttu? Alþingi og fjölmiðlanefnd ættu að taka á því.

**Hvaða stjórnmálafl stendur að baki herferðinni?**

Góð vísbending um það er að skoða að hverjum árásin beinist. Herferð Samtaka skattgreiðenda beindist gegn Vinstri grænum og miðja stjórnmálanna vill yfirleitt ekki beita svona harkalegum aðferðum. Helgi Hrafn, þingmaður Pírata, ályktaði í viðtali á Hringbraut að Sjálfstæðisflokkurinn stæði að baki þessu. Einnig má leita vísbendinga um hvaða stjórnmálaflokkur eða stuðningsmenn hvaða flokks hafa fjárhagslegt bolmagn í þetta? Sjálfstæðisflokkurinn er eini flokkurinn sem hefur það fjársterka bakhjarla að þeir geti kostað auka auglýsingaherferð – til hliðar við stóra opinbera auglýsingaherferð flokksins.

Þá er vert að athuga hvaða fólk stendur að baki Samtökum skattgreiðanda. Síðasta dag herferðarinnar var nafn formanns samtakanna birt í auglýsingu. Þá kom í ljós Sjálfstæðismaðurinn Skafti Harðarson.

**Borga árásaauglýsingar sig?**

Gefum Sjálfstæðismanninum Eyþóri Arnalds orðið í Silfrinu: „... reynslan hefur sýnt, t.d. í Bandaríkjunum að neikvæðar auglýsingar virka betur en jákvæðar ...“

Fylgi VG féll mikið á meðan á herferðinni stóð. Virkaði níðherferðin svona vel? Munu þá ekki allir fara í þetta? Mun Skafti stofna Félag útsvarsgreiðenda fyrir sveitarstjórnarkosningarnar? Munum við sjá Félag fátæks fólks ráðast á Sjálfstæðisflokkinn með auglýsingum? Ég efast um að þau hafi efni á því og það er dapurlegt ef kosningabarátta framtíðar verður á jafn lágu plani og Samtök skattgreiðenda innleiddi núna.

**Löglegt eða siðlaust?**

Ég veit ekki hvort aðferðin sem slík er ólögleg, en það er allavega ólöglegt að birta ósannindi í auglýsingum. Sumar fullyrðingar í auglýsingum Samtaka skattgreiðenda birtu mjög bjagaðan sannleika.

Önnur spurning er hvort níð sé siðlaust? Dæmi nú hver fyrir sig.

**Lýðræðislegt?**

Jafnræði þegnanna er ein af undirstöðum lýðræðisríkja. Er lýðræðislegt að þeir sem hafa mikla fjármuni valti yfir aðra með árásaauglýsingum fyrir kosningar? Þeir sem hafa vald ættu að fara með það af tillitsemi gagnvart þeim sem ekki hafa það – líka þeir sem hafa auðvald.




# Tímamót í stjórnsýslu byggingarmála



**Björn Karlsson**
forstjóri Mannvirkjastofnunar

Talsverð tímamót verða í innleiðingu rafrænnar stjórnsýslu byggingarmála í landinu þegar tekin verður í notkun rafræn byggingargátt. Unnið hefur verið að gerð gáttarinnar mörg undanfarin ár og standa vonir til þess að hún verði að fullu komin í notkun innan fárra mánaða. Markmið byggingargáttarinnar er að gera stjórnsýslu byggingarmála gagnsærri og skilvirkari og tryggja að gæða- og eftirlitskerfið virki.

Gerð gagnagrunna og innleiðing rafrænnar stjórnsýslu er eitt mikilvægasta verkefni Mannvirkjastofnunar þessi misserin. Vinna við byggingargátt byggir að vissu leyti á vinnu og útboðum vegna rafmagnsöryggisgáttar sem er komin í víðtæka notkun meðal rafverktaka, dreifiveitna og skoðunarstofa um allt land. Um er að ræða heildstætt upplýsingakerfi með nokkrum sjálfstæðum kerfiseiningum sem tengja rafverktaka, rafveitur og skoðunarstofur saman við upplýsingakerfi Mannvirkjastofnunar í ferlum sem varða rafmagnsöryggi. Rafmagnsöryggisgáttin hefur auðveldað öll rafræn skil á upplýsingum og á sama tíma auðveldað mjög samskipti á milli fyrrgreindra aðila.

Mikilvægir áfangasigrar hafa unnist í innleiðingu rafrænnar stjórnsýslu á undanförnum misserum. Reynsla af notkun rafmagnsöryggisgáttar er góð. Sömu sögu er að segja af Brunaverði, rafrænni gátt fyrir eldvarnaeftirlit. Brunavörður auðveldar mjög störf eldvarnaeftirlitsmanna en í hann eru vistaðar úttektir slökkviliða og þjónustuaðila og gögn sem tengjast þeim. Enn má nefna rafrænar gáttir sem halda utan um vatnsúðakerfi og viðvörunarkerfi. Allar auðvelda þessar gáttir störf eftirlitsaðila og hagsmunaaðila í senn.

**Öll gögn vistuð**

Í rafrænu byggingargáttinni verða vistuð öll gögn vegna mannvirkja, allt frá umsókn um byggingarleyfi til lokaúttektar. Þar verða vistaðar umsóknir og útgefin byggingarleyfi, öll gögn sem leyfin byggjast á, hönnunargögn, teikningar og skoðunarskýrslur. Þar verður að finna lista yfir löggilta hönnuði og iðnmeistara og byggingarstjóra með starfsleyfi ásamt reglum um gæðastjórnunarkerfi byggingarstjóra, hönnuða og iðnmeistara. Þar verða ennfremur skoðunarhandbækur og verklagsreglur faggiltra skoðunarstofa.

Mannvirkjastofnun hefur lokið við gerð skoðunarhandbóka en þær gegna lykilhlutverki í því að tryggja einsleitt eftirlit. Þær stórauka einnig möguleika framkvæmdaaðila til að stunda eigið eftirlit. Lokið hefur verið við gerð smáforrits fyrir snjallsíma sem nýtist skoðunarmönnum þannig að þeir skrá niðurstöður skoðunar með stöðluðum hætti samkvæmt skoðunarhandbókum.

Smíði byggingargáttarinnar er mjög umfangsmikið og fjárfrekt verkefni. Það er sannarlega tilhlökkunarefni fyrir okkur sem störfum að mannvirkjamálum að geta tekið hana að fullu í notkun.

# Frumframleiðendur og sérstaða Íslands í alþjóðasamhengi



**Sveinn Margeirsson**
forstjóri Matís



**Rakel Halldórsdóttir**
annar stofnenda Frú Laugu bændamarkaðar, stjórnarmaður SLOW FOOD Reykjavík og ráðgjafi hjá Matís



**Páll Gunnar Pálsson**
sérfræðingur hjá Matís

Frumframleiðendur er samheiti yfir matvælaframleiðendur sem vinna afurðir beint úr auðlindum lands og sjávar. Um er að ræða framleiðendur með leyfi til áframsölu, sem útvega afurðir til manneldis frá fyrstu hendi, yrkja landið, rækta dýr og afurðir þeirra (svo sem egg, hunang og fleira), sækja föng í sjó og vötn, eða sækja og safna afurðum beint úr villtri náttúru (svo sem jurtum, berjum, eggjum villtra fugla og annars sem nýta má til manneldis).

Hugtakið frumframleiðandi kemur fyrir í búvörulögum nr. 99/1993 með síðari breytingum, og er aðgreint frá hugtakinu „afurðastöð“, sem nær yfir hvern þann aðila sem vinnur úr afurðum frá frumframleiðanda, en frumframleiðandi getur að auki verið afurðastöð og unnið úr eigin frumframleiðslu sjálfur.

Frumframleiðendur gegna gífurlega mikilvægu hlutverki í möguleikum samfélags til sjálfbærni, viðhalds og framþróunar, þar sem þeir eru þeir aðilar sem útvega samfélaginu afurðir til að matast á eða vinna mat úr. Ísland er gjöfult land og á sér sterkar og langar hefðir í frumframleiðslu á flestum sviðum þeirrar framleiðslu. Mikilvægt er að halda áfram því góða starfi sem unnist hefur í átt að aukinni sjálfbærni á öllum sviðum frumframleiðslu (og um leið endurvakningu sjálfbærni fyrri tíma, með þróaðri hætti), til lands og sjávar. Í því samhengi er áríðandi að huga gaumgæfilega að þeim áhrifum sem stórvægilegar aðgerðir geta haft á náttúruleg vistkerfi, svo sem stóriðja, orkuver og virkjanir, geta hugsanlega haft á auðlindir og frumframleiðslu.

Samfara aukinni sjálfbærni á öllum sviðum frumframleiðslu, er mikilvægt að finna leiðir sem minnka kostnað og skapa aðstæður sem auka möguleika á því að frumframleiðendur fái sanngjarnt verð fyrir þær afurðir sem þeir framleiða. Að öðrum kosti má vænta þess að kerfið falli um sjálft sig á endanum.

Skv. upplýsingum frá Landssamtökum sauðfjárbænda er algengt að íslenskir sauðfjárbændur fái í sinn hlut um 25-41% af endanlegu markaðsverði þeirra afurða sem þeir framleiða. Þróunin undanfarið veldur áhyggjum um frekari lækkun á þessu hlutfalli. Þó hefur verið bent á að það hlutfall sé jafnvel lægra en kollegar þeirra víða annars staðar í Evrópu eru að fá, en breskir bændur séu til að mynda að fá nær 50% af endanlegu verði.

**Gróðahugsun**

Afleiðing þeirrar hugsunar sem stýrt hefur framleiðslu að miklu leyti frá iðnvæðingu og leiðir af sér síaukinn ágang á auðlindir með auðsöfnun að markmiði í nafni auðsöfnunar, er sú að frumframleiðendum fer fækkandi. Carlo Petrini, einn stofnenda SLOW FOOD samtakanna og formaður þeirra frá upphafi, benti á í fyrirlestri sínum hérlendis í maí síðastliðnum, að bændur væru í dag um 3% þegna á Ítalíu. Eftir seinni heimsstyrjöld hafi hlutfall þeirra hins vegar verið um 50%. Erfiður rekstrargrundvöllur sökum sífelldrar lækkunar afurðaverðs til bænda í krafti innkaupastefnu stórfyrirtækja, veldur því að æ fleiri bændur sjá ekki tilgang í og hafa ekki getu til áframhaldandi starfs. Sjá má fyrir sér að gróðahugsun, þar sem auðsöfnun auðsöfnunarinnar vegna er markmið, verði á endanum að víkja fyrir sjónarmiðum sem einkennast fremur af virðingu og vernd.

Tekin hafa verið mikilvæg skref á ýmsum sviðum frumframleiðslu til að tryggja sjálfbærni auðlinda Íslands, miklar framfarir hafa orðið í vinnsluaðferðum í sjávarútvegi, ekki síst hvað stærri fyrirtæki og útgerð varðar. Framfarir til aukinnar sjálfbærni og fyrirhyggja einkennir í auknum mæli einnig landbúnað og önnur svið, en komið hafa fram mikilvæg verkefni þar sem grasrótin er virkjuð, sem stuðla markvisst að aukinni sjálfbærni, svo sem aðgerðir sem færa landgræðslu heim í héruð, eins og verkefnið Bændur græða landið og styrkir Landbótasjóðs Landgræðslunnar til umráðahafa lands til uppgræðsluverkefna.

Þá má nefna verkefni eins og Gæðastýrða sauðfjárrækt og Gæðastýringu í hrossarækt, sem taka til landnota, búfjáreftirlits, lyfjanotkunar, áburðarnotkunar og uppskeru, fóðrunar dýranna og fleiri þátta. Þá hafa verið tekin jákvæð skref með aukinni vinnslu heima á býlum, svo sem sjálfbærum og vistvænum býlum, t.m.a. á Þorvaldseyri Hvolsvelli, Vallanesi á Fljótsdalshéraði, Erpsstöðum í Dölum og Sólheimum í Grímsnesi og handverkssláturhúsi á Seglbúðum Kirkjubæjarklaustri, sem eru fyrirmyndir sem horfa ber til.

Ekki síst eru mikilvæg þau skref sem hinn almenni neytandi virðist í auknum mæli taka í átt að sjálfbærari og vistvænni lífsstíl, sem greina má í auknum áhuga á bændamörkuðum, auknum áhuga á afurðum beint frá frumframleiðendum og áhuga á meðvitaðri neyslu, minnkun matarsóunar og umhyggju fyrir náttúrunni.

*Greinin er annar hluti greinaraðarinnar Sjálfbært Ísland – sjálfbær jörð.*

# Fólk

Tíska

FIMMTUDAGUR 9. NÓVEMBER 2017



Dagný Lind Draupnisdóttir segir húðflúr geta verið þokkafull og ögrandi í senn. Þau sýni sígildar og eilífar táknmyndir en elti líka tískustrauma. →4








Ívar Þórður Ívarsson er verslunarstjóri í nýrri og glæsilegri verslun Rúmfatalagersins sem opnar næsta laugardag á Bíldshöfða. MYNDIR/STEFÁN

# Stærsta

## Rúmfatalagersverslun í heimi

Flottasta og stærsta verslun Rúmfatalagersins verður opnuð næsta laugardag á Bíldshöfða 20. Boðið verður upp á frábær opnunartilboð um helgina auk þess sem fullt af nýjum jólavörum er komið í hillurnar. →2

Framhald af forsíðu ➜

Mikið verður um dýrðir næsta laugardag þegar Rúmfatalagerinn opnar nýja og glæsilega verslun að Bíldshöfða 20 í Reykjavík, húsnæði sem flestir tengja við Krónuna, Húsgagnahöllina og Intersport. Á opnunardeginum og raunar alla helgina verður boðið upp á glæsileg tilboð og ýmsar uppákomur fyrir gesti segir Ívar Þórður Ívarsson, verslunarstjóri nýju verslunarinnar. „Það verða svakaleg opnunartilboð í gangi hjá okkur þar sem við munum m.a. bjóða upp á vörur sem ekki eru í boði í öðrum verslunum okkar. Ég vil ekki gefa allt upp því við viljum líka koma viðskiptavinum okkar á óvart, en meðal nýrra vara er þó hægt að nefna arna, skemmtilegar bastkörfur og alls konar skemmtilega hluti. Við höfum keypt þessar vörur í miklu magni og getum því boðið upp á frábær verð um helgina enda eiga þær vafalaust eftir að klárast.“

## Frábær staðsetning

Nýja verslunin mun að öðru leyti bjóða upp á hefðbundið vöruúrval en verslanir Rúmfatalagersins eru þekktar fyrir mjög breitt vöruúrval að sögn Ívars. „Við bjóðum upp á glæsilegt úrval, allt frá stærri húsgögnum niður í fatarúllur og allt þar á milli. Einnig má ég til með að nefna sængurnar okkar en Rúmfatalagerinn stærir sig af alveg frábærum sængum og geta viðskiptavinir okkar sannarlega stólað á frábær gæði þar.“

Nokkrir mánuðir eru síðan Rúmfatalagerinn lokaði verslun sinni á Korputorgi en Íslensk ameríska festi kaup á Korputorgi nýlega. „Við finnum fyrir því að mjög margir sakna verslunar okkar við Korputorg. Ég er reglulega stoppaður og spurður hvers vegna henni var lokað og hvar við munum opna næstu verslun. Því hvet ég bara sem flesta til að mæta á laugardaginn á opnun okkar, skoða nýjar vörur og upplifa eitthvað sem þeir hafa aldrei gert áður. Nýja verslunin okkar er líka til húsa á einum besta hugsanlega stað sem í boði er og við erum mjög ánægð með að vera komin hingað enda stendur húsið við ein fjölmennustu gatnamót landsins.“

» Auk þess fá fyrstu 150 gestirnir sérstakan gjafapoka en fimmtán gjafapokar innihalda auka 30.000 kr. gjafabréf.

## Jólastemning framundan

Jólavertíðin er að hefjast og Ívar segist mjög spenntur fyrir næstu vikum. „Við dettum nánast beint í jólavertína með opnuninni. Því verður mikið fjör þessar fyrstu vikur, fallega skreytt borð og svo munum við bjóða upp á eina nýjung sem er lítil Rúmfatalagersíbúð sem verður staðsett í versluninni. Þar geta viðskiptavinir skoðað þær vörur sem við bjóðum upp á í rými sem er eins og lítil íbúð. Þessi nýjung á án vafa eftir að vekja mikla lukku.“

Verslunin að Bíldshöfða verður opnuð kl. 9 á laugardagsmorgun og biður Ívar gesti um að mæta tímanlega. „Þetta verður sannkallað risapartí. Ég mun klippa á borðann kl. 9 og segja nokkur orð. Svo bjóðum við gestum inn til okkar þar sem m.a. verður boðið upp á léttar veitingar og skemmtilega leiki. Við ætlum t.d. að vera með leik á Instagram-síðunni okkar þar sem hægt er að vinna rúm. Auk þess fá fyrstu 150 gestirnir sérstakan gjafapoka en fimmtán gjafapokar innihalda auka 30.000 kr. gjafabréf.“



Verslanir Rúmfatalagersins eru fullar af glænýju og spennandi jólaskrauti fyrir fólk á öllum aldri.



Mikið úrval fallegra stóla í ýmsum ólíkum litum.



Fallegar körfur og kassar sem henta við ýmis ólík tilefni.



Gott úrval af púðum í ólíkum litum og með skemmtilegum myndum.



Fallegir gjafapokar eiga við um stór og smá tilefni.



Það verður enginn svikinn af úrvalinu af jólavörum í Rúmfatalagernum.

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** 365 miðlar
**Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351 **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357

**Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atlib@365.Is, s. 512 5457 | **Jóhann Waage,** johannwaage@365.Is, s. 512 5439 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.Is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.Is, s. 512 5433




20%
afsláttur af
ZEITLOS by LUANA®
yoek
Stærðir 38-52







hjá Hrafnhildi

Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is




# Flúrið lifir og deyr með mér

Suðurnesjamærin Dagný Lind Draupnisdóttir er að læra húðflúrun. Hún segir húðflúr geta verið þokkafull og ögrandi í senn. Þau sýni sígildar og eilífar táknmyndir en elti líka tískustrauma.

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@365.is



Fyrsta húðflúrið mitt var minningartattú um pabba minn. Þegar ég fékk fréttirnar um að hann væri dáinn teiknaði ég kross og fann seinna hvernig hann varð mér þýðingarmikið tákn sem ég vildi fá flúrað á bakið,“ segir Dagný Lind Draupnisdóttir frá Sandgerði.

Síðan hafa mörg húðflúr bæst við hjá Dagnýju sem hefur ekki lengur tölu á þeim.

„Húðflúr eru oftar en ekki mjög persónuleg. Eftir fyrsta flúrið kemur oft annað, og svo annað, og annað. Djúp merking liggur að baki húðflúra hjá mörgum; það geta verið minningar eða nöfn foreldra og barna sem hverjum og einum er kærastur; jafnvel mynd af heimilishundinum. Aðrir fá sér flúr til að skreyta líkamann með fallegum myndum, táknum eða letri,“ segir Dagný og bætir við að æ fleiri velji sér stór húðflúr.

„Munstur og myndir eru háðar tískustraumum. Nú er vinsælt að tattúvera heilu ermarnar á handleggi karla og kvenna, og víkingauppruninn togar í marga. Galdrastafurinn Ægishjálmur er vinsæll sem og rúnaletur. Þá er mikið um svarthvít portrett af mönnum og dýrum, og bæði kyn vilja fá flúraðan kross eða rós á hörund sitt. Breiddin er mikil og afar fjölbreyttur hópur fólks sem vill skreyta sig með flúri.“

Aldurstakmark fyrir húðflúr er 18 ár.

„Margir koma þó til okkar sextán ára í von um tattú en við fylgjum reglum. Húðin er enn að vaxa á sextán ára unglingum og enn vantar upp á þroska til að taka ákvarðanir sem varða alla framtíð. Húðflúr situr á líkamanum um aldur og ævi.“



Dagný segir nám í húðflúrun vera krefjandi og skemmtilegt. MYND/EYÞÓR



Hér gefur að líta nokkur glæsileg húðflúr sem Dagný hefur teiknað og flúrað eftir að hún hóf nám í húðflúrun í mars.

## Draumur sem rættist

Frá því Dagný var lítil hnáta hefur hún teiknað. Hún fór á listnámsbraut Fjölbrautaskóla Suðurnesja og hefur einnig stundað nám við Myndlistaskólann í Reykjavík.

„Undir niðri blundaði í mér draumur um að verða húðflúrari. Hins vegar eru fáar stofur sem taka inn nema og hægara sagt en gert,“ segir Dagný sem fékk langþráðan draum sinn uppfylltan í mars þegar hún fékk inni sem lærlingur á Tattoo & Skarti í Hafnarfirði, þar sem húðflúrmeistarinn Svanur Guðrúnarson sér um þjálfun hennar og kennslu.

„Námið er ótrúlega skemmtilegt og krefjandi. Maður fer hægt og rólega af stað, fylgist með meisturunum vinna og fer svo hægt og bítandi að æfa sig á vinum og vandamönnum, en alls tekur námið tvö ár. Ég hef meðal annars þurft að sækja námskeið í sótthreinsun og meðferðum sára en með einnota nálum hefur hætta á smiti og sýkingum minnkað til muna,“ segir Dagný og húðflúrun leikur í höndunum á henni.

„Ég er þegar farin að flúra minni verk, letur og fingerðar myndir, en bíð enn með stærri húðflúr. Ég er alltaf krotandi á blað og búandi til tattú, en á Tattoo & Skart erum við ekki með uppflettimöppur með fjöldaframleiddum myndum heldur mætum óskum og hugmyndum fólks með einstöku flúri sem það sér ekki á næsta manni.“

## Ögrandi og þokkafull

Dagný segist mun oftar upplifa aðdáun og jákvæðni gagnvart húðflúrum sínum.

„Það dást líka margir að því að ég þori að skreyta mig þetta mikið því maður losnar ekki svo glatt við húðflúr. Því er mikilvægt að skoða vel hver húðflúrar mann og hvernig útkoman er. Maður þarf að treysta manneskjunni sem flúrar mann því það er auðvelt að gera mistök ef ekki er farið af stað með vandvirkni að vopni.“

Oft kemur fyrir að ókunnugt fólk stoppar Dagnýju til að forvitnast um flúrin og skoða handleggi hennar.

„Heimur tattúlistar er gríðarstór og merkilegur. Húðflúr geta verið þokkafull og ögrandi, en mér finnst það fara eftir hverju og einu flúri, og þeim skilaboðum eða yfirlýsingu í þeim felst. Persónulega lít ég á mín flúr sem list. List sem lifir og deyr með mér.“




Dagný hefur ekki lengur tölu á húðflúrum sínum en segir eitt tattú gjarnan kalla á annað, og svo annað og annað. Stór húðflúr og svokallaðar ermar njóti mikilla vinsælda hjá báðum kynjum. MYND/EYÞÓR



Svarthvítar, raunverulegar myndir af dýrum og mönnum eru nú hæstmóðins í tattútískunni, sem og rósir, krossar og orð. MYND/EYÞÓR






www.Facebook.com/zikzakkringlan Tískuhús Zik Zak Kringlan 551-1314 Glerártorg 559-1314




KRINGLUNNI | 588 2300 INDISKA






Toppinn keypti Ester í Goodwill í Halifax en pilsið í Kaupmannahöfn. Skóna fékk hún í Zöru. MYND/ERNIR



„Með bestu kaupum sem ég hef gert er fjólublár silkikjóll frá GuST sem ég er búin að nota mörg jól í röð.“ MYND/ERNIR

# Tekur skvísuviku öðru hverju

**Ester Auður Elíasdóttir hefur fjölbreyttan og litríkan fatastíl. Hún keypti sér armbönd fyrir fyrstu launin sem hún vann sér inn á sínum tíma, aðeins ellefu ára að aldri.**

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@365.is

Það er ekki mikið um að fólk klæði sig upp á í vinnunni minni eða í skólanum en ég fer oft á tónleika og aðrar uppákomur og þá nýt ég þess að punta mig,“ segir Ester Auður Elíasdóttir, sem er í skrifstofuvinnu í ferðabransanum og í leiðsögunámi. „Ég hef líka öðru hverju tekið skvísuviku þar sem ég vanda mig sérstaklega við fata-, skó- og skartval og set svo myndir á Facebook. Ég hafði unun af því að punta mig þegar ég var yngri. Ég klæddi mig í notuð föt strax og ég varð unglingur, reif út úr fataskápum mömmu, pabba og ömmu. Svo þegar ég byrjaði að vinna mér inn peninga fór stór hluti launanna í föt og skart. Fyrir allra, allra fyrstu launin mín keypti ég sjö hringlandi armbönd í indversku búðinni Jasmin. Ég var ellefu ára,“ rifjar Ester upp og bætir við að núna tími hún ekki að eyða eins miklu í föt og áður. „En leitin að vandaðri, óvenjulegri flík á góðu verði er alltaf jafn spennandi. Þegar ég fer til útlanda er ég alltaf búin að finna allar „second hand“ búðir á svæðinu áður en ég kem þangað. Svo er farið á stjá. Ég kaupi ekki nærri alltaf eitthvað en þetta er eins og að fara í veiði, stundum veiðir maður vel og stundum ekki neitt.“

*Spáir þú mikið í tískustrauma?* Ég kaupi oft tískublaðið In Style og skoða hvað er í tísku. Þaðan fæ ég oft hugmyndir.

*Hvernig myndir þú lýsa þínum fatastíl?* Hann er fjölbreyttur og litríkur.

*Hvar kaupir þú helst fötin þín?* Á flóamörkuðum og í búðum sem selja notuð föt. Mest spennandi eru finni „second hand“ búðir erlendis.



Pelsinn erfði Ester eftir ömmu sína. „Þegar ég fékk pelsinn voru sápustykki í vösunum á honum til að halda frá möl.“ MYND/ERNIR



„Ég er mjög hrifin af kokteilhring frá ömmu minni þótt ég hafi fá tækifæri til að bera hann.“ MYND/ERNIR

*Áttu þér uppáhaldsfataverslun?* Flóamarkað Konukots.

*Hvaða föt eru í mestu uppáhaldi hjá þér?* Það er mjög erfitt að gera upp á milli, það fer alveg eftir því í hvaða skapi ég er og hvert tilefnið er. Ég er auðvitað alltaf eins og drottning í minkapelsinum sem ég erfði frá ömmu minni.

*Uppáhaldshönnuður?* Úff, nei, eiginlega ekki. Ef ég ætti nóga peninga, myndi ég sennilega kaupa fullt hjá Dolce & Gabbana.

*Notar þú fylgihluti sem eiga sér sögu?* Já, ég á heilmikið af skartgripum með sögu. Það sem ég nota mest eru tvö kóralhálsmen frá ömmu minni. Annað er úr slípuðum kóral og hitt óslípuðum og ég set þau saman. Ég er líka mjög hrifin af kokteilhring frá ömmu minni þótt ég hafi fá tækifæri til að bera hann.

*Áttu þér tískufyrirmynd?* Iris Apfel, Dita von Teese, Miroslava Duma, Ulyana Sergeenko, konurnar í blogginu Advanced Style.

*Bestu og verstu fatakaupin?* Með bestu kaupum sem ég hef gert er fjólublár silkikjóll frá GuST sem ég er búin að nota mörg jól í röð. Ég man ekki eftir neinum „verstu kaupum“ en það kemur þó fyrir að ég kaupi eitthvað sem ég nota svo aldrei, einhverra hluta vegna. Ég reyni yfirleitt að gefa slík föt fljótlega.

*Finnst þér gaman að klæða þig upp á?* Já, og ég hef einsett mér að gera það oftar.

*Hvaða flíkur gætir þú ekki verið án?* Það er nú ekki tískuflík, en nýjustu Nike-skórnir mínir eru algert æði og ég er mjög oft í þeim.

*Færðu þér nýja flík fyrir veturinn?* Nei, ekki gagngert.

*Klæðir þú þig öðruvísi á sumrin en á veturna?* Já, að sjálfsögðu. Ég er mikið berfætt á sumrin, í fallegum sandölum, léttum toppum og pilsi eða kjól.

# VANDAÐAR YFIRHAFNIR
# FRÁ HEIMSÞEKKTUM FRALEIÐENDUM
# CINZIA ROCCA - CREENSTONE OG FL.

skoðið laxdal.is/yfirhafnir














BERNHARÐ
LAXDAL
SÍGILD KÁPUBÚÐ

**Skipholti 29b • Sími 551 4422 • www.laxdal.is**


Nanni Jakki með satin kraga
Kr. 9.800.-
Str. S-2XL - 2 litir: svart, dökkblátt
Ríta
Við erum á Facebook
Bæjarlind 6 • S. 554 7030



Stærðir 38-52
My Style tískuhús
Holtasmára 1
201 Kópavogur
(Hjartaverndarhúsið)
Sími 571 5464

MARAÞON NOW OG 11GB Á 3.990 KR.*
Fáðu 11 gígabæt í símann, endalaust mörg símtöl og sms ásamt aðgangi að Maraþon Now.
Nánari upplýsingar um tilboðið á 365.is eða í síma 1817.
*á mánuði
MARAÞON NOW + 11GB
365.is 365


# Tískuheimurinn á YouTube

Á YouTube er hægt að finna vinsæla tískuvita sem tala um og kenna allt sem viðkemur tísku. Þeir allra vinsælustu hafa áskrifendafjölda sem flestar sjónvarpsstöðvar væru stoltar af.

Á YouTube eru margir stílistar og tískuvitar sem luma á ráðum fyrir þá sem vilja tolla í tískunni. YouTube-rásir þeirra allra vinsælustu hafa milljónir áskrifenda, svo framleiðendurnir geta lifað af auglýsingatekjum.

## Mikil tækifæri

Talið er að þeir sem koma sér í góða stöðu á YouTube í dag standi vel að vígi þegar fram líða stundir, því eftirspurn eftir myndbandsefni eykst sífellt. Yngri kynslóðir eru líka mun vanari að sækja sér afþreyingu á YouTube og aðra streymismiðla en þær eldri, svo neyslan á slíku efni er líkleg til að aukast.

YouTube býður upp á ýmis tækifæri. Þar er meðal annars hægt sýna persónuleika sinn og vera einlægur, sem er mikilvægt á markaði þar sem samkeppnin er hörð og margir að gera svipað efni.

## Einlægni borgar sig

Einlægni skilar árangri á YouTube. Það getur verið erfitt fyrir tískubloggara sem koma úr blogg- og Instagram-heiminum og eru vanir að sýna glansmynd af sér að sýna að þeir séu ekki fullkomnir, en það vekur athygli. Glansmyndin sem sumir tískuvitar sýna getur líka farið illa í sumt fólk sem vill ekki hlusta á fólk sem býr í einhverjum glamúrheimi og það tengir ekki við.

Þá getur verið mjög gagnlegt að nota miðil eins og YouTube til að sýna sinn innri mann og tala um áskoranir sínar og fortíð, svo fólk sjái ekki innantóma glansmynd. Það er því fjárhagslegur hvati til að vera einlægur.

## Alls kyns efni

Efnið sem tískubloggarar framleiða er fjölbreytt. Sumir gera myndbönd með alls kyns tískuráðum og brellum, sumir fjalla um fatakaup, aðrir gera ferðadagbækur, sumir tala um daglegt líf og aðrir einbeita sér að kennslumyndböndum þar sem þeir kenna til dæmis förðun eða sýna fólki hvernig á að klæða sig við ýmis tækifæri.

Slík myndbönd, svokölluð „outfit of the day“ eða „klæðnaður dagsins“ myndbönd, eru mjög vinsæl. Svo eru líka til „outfit of the night“ myndbönd sem sýna klæðnað sem hentar fyrir skemmtanir og stefnumót og svokölluð „lookbook“ myndbönd, sem sýna klæðnað fyrir marga daga í einu.

Um leið og notendur finna einn tískuvita sem þeim líkar verður mjög auðvelt að finna fleiri við sitt hæfi í gegnum þjónustu YouTube og fá alls kyns hugmyndir um hvað hentar líkama manns og útliti.

## Fimm fræknir YouTube-arar

Hér eru fimm tískubloggarar sem hafa gert góða hluti á YouTube. Auðvitað er þetta bara brot af þeim sem hafa náð langt.

Zoella er með 12 milljónir áskrifenda. Hún fjallar aðallega um tísku og fegurð. Hún vinnur mikið með ASOS og stofnaði sinn eigin bókaklúbb með bókabúðinni WHSmith.

Bethany Mota er með rúmlega 10 milljónir áskrifenda og talar mikið um föt en er líka með alls kyns ráð og brellur. Hún stofnaði sína eigin fatalínu og hefur vakið athygli fyrir léttan persónuleika og fagmennsku.

Michelle Phan er með 9 milljónir áskrifenda og er af mörgum talin ein sú allra besta. Hún hefur verið á YouTube í áratug og var líklega fyrsti fegurðargúrúinn þar. Hún stofnaði svo fyrirtækið Ipsy, sem hefur malað gull. Fyrir um ári hætti hún hins vegar á YouTube vegna persónulegra vandamála.

Ingrid Nilsen er með 4 milljónir áskrifenda. Hún fjallar mikið um snyrtivörur og málefni samkynhneigðra og er líka með vinsælan hlaðvarpsþátt. Í fyrra fékk hún að taka viðtal við Barack Obama, þáverandi Bandaríkjaforseta.

Kathleen Lights er með rúmlega 3 milljónir áskrifenda og fjallar aðallega um förðun. Hún er þekkt fyrir kennslumyndböndin sín og selur líka sinn eigin varalit.


Zoella, réttu nafni Zoe Sugg, er einn allra vinsælasti fegurðarbloggarinn á YouTube. MYNDIR/NORDICPHOTOS/GETTY


Michelle Phan var frumkvöðull í fegurðarbloggi á YouTube.


Bethany Mota er ein þeirra sem hafa slegið í gegn með myndböndum um tísku á YouTube.



YouTube hefur haft gríðarleg áhrif á neysluhætti og fjölmiðlun.

# MEST LESNA DAGBLAÐ LANDSINS




**Þú getur einnig lesið Fréttablaðið í heild sinni á Vísi og í Fréttablaðs-appinu.**

FRÉTTABLAÐIÐ
... allt sem þú þarft

Þú færð appið á visir.is/fbl eða beint í gegnum

Download on the App Store | GET IT ON Google Play | Get it from Microsoft



Glæsilegur þýskur náttfatnaður

- Náttföt
- Náttkjólar
- Sloppar

Selena

Bláu húsin v/ Faxafen.
sími 553 7355.
www.selena.is

selena undirfataverslun




Svolítið magnaður kjóll frá Giorgio Armani.



Síð rauð peysa við víðar buxur í jólalegum litum. Þetta dress var sýnt á tískuviku í Peking.



Glæsilegur síðkjóll frá Alexander McQueen.

# Litríkt í vetur

**Þegar vetrartískan 2017-2018 er skoðuð kemur glögglega í ljós að tískuhönnuðir eru frjálslegir í sniðum og litum. Sterkir litir eiga að veita birtu í skammdeginu.**

Það er gaman að skoða vetrartískuna því hún er svo ótrúlega margbreytileg. Allt virðist vera leyfilegt. Frá skínandi silfurlitum í djúpan appelsínugulan, bleikan eða rauðan lit. Kjólar eru hvort heldur mjög stuttir eða alveg síðir. Samfestingar eru vinsælir og þeir mega vera bæði litríkir og mynstraðir. Peysur eru hlýjar og miklar eins og kápurnar. Sokkabuxur í björtum litum lífga upp á dimma vetrarmánuði. Fylgihlutir eru áberandi og skartgripir stórir. Þá eru klassískar buxnadragtir að koma aftur í tísku og verða trúlega áberandi í vetur.

Nú fara jólahlaðborðin að byrja og þá er upplagt að skoða hvað tískuhönnuðirnir voru að sýna fyrir vetrartískuna. Það er sem sagt allt í góðu að klæðast litum í jólaveislunum.



Valentino er ófeiminn við að blanda saman sterkum litum.

Demma Gvasalia sýndi þessa hönnun á tískuviku í París. Sokkabuxur mega vera í áberandi litum.



Miu Miu er frumleg þegar kemur að tískunni.




Pels (gervi) á 33.900 kr.

- einn litur
- stærð: 36 - 46

Kíkið á myndir og verð á Facebook

black pepper FASHION
Laugavegi 178 | Sími 555 1516
Opið: Virkir dagar 11-18 | Laugardagar 11-15



Flott föt, fyrir flottar konur
Stærðir 38-58

Verslunin Belladonna
belladonna
Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

# Smáauglýsingar

512 5000
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími
er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

**BÍLAHÖLLIN**
**S: 567-4949**



SUZUKI Grand vitara. Árgerð 2004, ekinn 203 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Dráttarkrókur. Verð 490.000. Rnr.152033.



NISSAN Qashqai+2. Árgerð 2011, ekinn 98 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.990.000. Rnr.152053.



CHEVROLET Cruze ltz lux. Árgerð 2012, ekinn 59 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.790.000. Rnr.288572.



TOYOTA Corolla verso. Árgerð 2004, ekinn 157 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 490.000. Rnr.289334.



TOYOTA Avensis wagon active. Árgerð 2015, ekinn 92 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.890.000. Rnr.152055.

**Bílahöllin**
**Bíldshöfða 5, 112 Rvk**
**Sími: 567 4949**
**www.bilahollin.is**

**Bílalíf**



**100% LÁN MÖGULEGT!!!**

LAND ROVER Freelander 2 S. Árgerð 2008, ekinn 176þ.km, dísel, sjálfskiptur, LEÐUR, KRÓKUR o.fl. Flott eintak! Verð 1.575þ. Rnr.245986. Til sýnis og sölu á Bílalíf, Kletthálsi, s:562-1717.

**Bílalíf**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið 10-18 virka daga**
**www.bilalif.is**

**SUZUKI**



Suzuki fjórgengis utanborðsmótorar Nettir, léttir, sparneytnir, hljóðlátir og áreiðanlegir. Eigum flestar stærðir á lager.

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

**SPA R bíll**



**TOYOTA COROLLA ÚTSALA**

Nýr 2017 Active Diesel. Álfelgur. Bakkmyndavél. Leiðsögubúnaður ofl lúxus. Á aðeins 2.990.000,-

**Sparibíll ehf**
**Hátún 6A, 105 Reykjavík**
**Sími: 577 3344**
**www.sparibill.is**

### Bílar til sölu



**BESTA VERÐIÐ !!!**

AUDI Q7 3.0 DISEL árg. 2013 ek. 82 Þkm, 7 manna, Leður, Krókur ofl, 1 eigandi, 100% Þjónusta, vetrardekk fylgja, tilboðsverð 6490 Þús, gsm 893-9500



Lítið keyrður Kia Sportage árg. 2011, ekinn 88 þ.km. Vel með farinn, í reglul. viðhaldi hjá Öskju og ennþá í ábyrgð. Sjálfskiptur, diesel vél og á nýjum vetrardekkjum. Verð: 2.490 þús. Uppl. í s. 896-0747.

### Hjólbarðar

**VAKA**



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**

Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

## Þjónusta

### Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Ráðgjöf

**REKSTRARRÁÐGJÖF**
Sölu og markaðsráðgjöf.

Viðsnúningur í rekstri.

Mikil reynsla.

Trúnaði heitið.

Hafðu samband á:

gkradgjof@gmail.com

### Málarar

**REGNBOGALITIR**
Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Nýmálun, endurmálun, spörtlun, lökkun og fl. Vönduð vinnubrögð og snyrtileg umgengni. Hrólfur Ingi Skagfjörð löggiltur málarameistari Upplýs, malarar@simnet.is, Sími 891 9890

**MÁLARI**
Get bætt við mig verkum fyrir veturinn í allri almennri málningavinnu. S:841-0490

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

### Nudd

Unaðsnudd 105 Reykjavík. S. 781 2666 Natalia

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna.

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is











# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407












Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@365.is sigrunh@365.is

# Keypt & Selt

## Til sölu



**LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.**

Stærðir í cm: 200x200, 210x210, 220x220, 235x235, 235x217, 217x174, 8 hyrnd lok. Lokin þola 1000 kg jafnarðarþunga af snjó. Vel einangruð og koma með 10 cm svuntu. Sterkustu lokin á markaðnum. Litir: Brúnt eða Grátt. Opnarar til þess að auðvelda opnun á loki. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000 Haffi og 777 2001 Grétar

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar

**jonogoskar.is s.552-4910**

# Húsnæði

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 133 - 1.000 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í REYKJAVÍK**

133 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.

**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

Ný stúdíóíbúð fyrir 1-2 til leigu í Keflavík. Uppl. í s. 611 4614

## Húsnæði óskast

Óska eftir litilli íbúð á höfuðborgarsv. í langtimaleigu. Skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í s: 783 6006

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**

á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## Hönnun

KG HÖNNUN

**VERKFRÆÐITEIKNINGAR**

Tek að mér að gera verkfræðiteikningar af íbúðarhúsum og sumarhúsum. Fast verð. Upplýsingar í síma 783 4180 eða kjartangardars@gmail.com

# Atvinna

## Atvinna óskast

**SMIÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR- LAGERSTARFSMENN**

Erum með vana smiði,verkamenn, múrara, pípara og lagerstarfsmenn sem eru klárir í mikla vinnu. HANDAFL STARFSMANNAVEITA s. 780 1444

Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**

TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU

SAFT

## Tilkynningar

### Skipulagslýsing á deiliskipulagi fyrir Vegamót, Eyja og Miklaholtshreppi

Á fundi hreppsnefndar Eyja og Miklaholtshrepps þann 21. september sl. var ákveðið að auglýsa skipulagslýsingu á deiliskipulagi fyrir Vegamót í Eyja-og Miklaholtshreppi. Er það gert í samræmi við gr. 5.2.4. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013

Lýsingin er aðgengileg á vef sveitarfélagsins www.eyjaogmikla.is. Athugasemdum skal skila til Skipulags og byggingarfulltrúa Eyja og Miklaholtshrepps á netfangið bygg@eyjaogmikla.is til og með 24. nóvember n.k

*Skipulags og byggingarfulltrúi*
*Eyja og Miklaholtshrepps*

### AUGLÝSING UM SAMÞYKKT Á AÐALSKIPULAGI GARÐABÆJAR 2016-2030

Aðalskipulag Garðabæjar sem gildir fyrir tímabilið 2016-2030 var samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar þann 5. október síðastliðinn. Við samþykkt aðalskipulagsins voru gerðar nokkrar minniháttar breytingar á auglýstri tillögu í kjölfar athugasemda og umsagna sem bárust innan tilskilins frests.

Svör bæjarstjórnar hafa verið send þeim aðilum sem gerðu athugasemdir og veittu umsagnir.

Aðalskipulagið hefur verið sent Skipulagsstofnun til athugunar og gerður er fyrirvari um afgreiðslu stofnunarinnar þar til það hefur verið staðfest.

Aðalskipulagið ásamt svörum bæjarstjórnar við athugasemdum og umsögnum ásamt lýsingu á innihaldi þeirra er nú aðgengilegt á heimasíðu Garðabæjar www.gardabaer.is

Garðabæ 7. nóvember 2017

Arinbjörn Vilhjálmsson
skipulagsstjóri Garðabæjar.

GARÐABÆR
GARÐATORGI 7 • SÍMI 525 8500 • GARDABAER.IS

## Fasteignir

TRAUSTI fasteignasala



**Kristján Baldursson hdl.**
Löggiltur fasteignasali og leigumiðlari
S: 867-3040



**Guðbjörg G. Sveinbjörnsdóttir**
Sölustjóri. Viðskiptafr. lögg. fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali, leigumiðlari.
S: 899-5949

### Látraströnd 3 – 170 Seltjarnarnes

**OPIÐ HÚS Í DAG FIMMTUDAG KL. 17:30 - 18:00**




Virðulegt og fallegt 372,6 fm. einbýlishús á tveimur hæðum með auka íbúð í kjallara við sjávarsíðuna á Seltjarnarnesi. Kjallaraíbúðin er með sérinngangi. Eignin er laus við kaupsamning. **Verð: Tilboð**

**Trausti fasteignasala, trausti@trausti.is, s.546-5050, Vegmúla 4, 108 Reykjavík**

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

### Hraunás 10 - Garðabæ

**Glæsilegt parhús á frábærum útsýnisstað**

**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45**






Mjög vandað 267,5 fm. parhús á tveimur hæðum með fjórum svefnherbergjum, glæsilegum stofum, þremur baðherbergjum og innbyggðum bílskúr á frábærum útsýnisstað innst í götu við Hraunás. Eignin er innréttuð á afar vandaðan og smekklegan hátt úr vönduðum byggingarefnum. Verulega aukin lofthæð er á efri hæð hússins. Gólfsíðir gluggar að hluta í stofum á efri hæð og mjög stórar svalir til suðurs og vesturs. Lofthæð á neðri hæð hússins er meiri en gengur og gerist. Skjólsælar viðarverandir vestan við húsið með miklum steyptum stoðveggjum.
**Verð 114,9 millj.**

## Atvinna

# SMIÐIR - VERKAMENN – MÚRARAR – LAGERSTARFSMENN

Erum með vana smiði,verkamenn,
múrara, pípara og lagerstarfsmenn
sem eru klárir í mikla vinnu.

**HANDAFL STARFSMANNAVEITA s. 780 1444**


MIÐNÆTUROPNUN Í KRINGLUNNI
20% VILDARAFSLÁTTUR AF ÖLLU – JAFNVEL MEIRI!
ALLAR FERÐATÖSKUR
30% afsláttur
30% afsláttur
Vandaðir LAMY pennar (3 teg.)
TILBOÐSVERÐ FRÁ: 3.359.-
Verð áður frá: 4.799.-
ÖLL TÍMARIT
20% vildar-afsláttur
Hönnun
VILDARVERÐ: 7.599.-
Verð áður: 9.999.-
Mamma, ég er á lífi
VILDARVERÐ: 4.999.-
Verð áður: 6.999.-
Norrænar goðsagnir
VILDARVERÐ: 4.499.-
Verð áður: 5.999.-
ERLENDAR STRÍÐSBÆKUR
ERLEND BÓKASETT
40% vildar-afsláttur
40% vildar-afsláttur
ALLAR AÐRAR ERLENDAR BÆKUR Á 25% VILDARAFSLÆTTI
Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9
Penninn
Eymundsson
540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is
Tilboð og vildartilboð gilda einungis í Kringlunni. Gildistími vildarverða og tilboða er 9. nóvember eða meðan birgðir endast. Tilboð á LAMY pennum er gildir út nóvember. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# Kjartan Henry tékkaði sig inn

**Íslenska fótboltalandsliðið tapaði sínum fyrsta landsleik sem HM-lið þegar liðið lá 2-1 á móti Tékkum á vináttumótinu í Katar í gær. Landsliðsþjálfarinn hefur ekki miklar áhyggjur af úrslitunum.**

**FÓTBOLTI** Þriggja leikja sigurgöngu íslenska karlalandsliðsins í fótbolta lauk í gær í fyrsta leik liðsins eftir að HM-sætið var í höfn. Það var breytt landslið sem mætti Tékkum í gær og tapaði 2-1 en aðeins fjórir af ellefu byrjunarliðsmönnum frá því í sigrinum sögulega á Kósóvó í síðasta mánuði voru með.

„Þetta var svona leikur eins og við bjuggumst við. Við erum að gefa mörgum mönnum spilatíma og eðlilega er liðið ekki fínslípað. Mér fannst það þó lagast eftir því sem leið á leikinn,“ sagði landsliðsþjálfarinn Heimir Hallgrímsson við íþróttadeild 365 eftir leikinn.

„Við höfum bara haft eina alvöru æfingu fyrir þennan leik til að slípa liðið eitthvað saman. Eðlilega var því aðeins um samskiptaörðugleika á milli manna og annað. Það er eðlilegt þegar menn hafa ekki leikið saman,“ sagði Heimir.

**Fengum betri færi en Tékkarnir**

Íslenska liðið var undir úti á velli stóran hluta leiksins en tókst engu að síður að skapa sér nokkur góð færi. „Við vorum ánægðir með það og óheppnir að vera ekki með tvö til þrjú mörk í fyrri hálfleik. Við fengum betri færi í þessum leik heldur en Tékkarnir. Þeir voru betri að klára sín færi,“ sagði Heimir.

Íslenska liðið hefur oft tapað vináttulandsleikjum sínum á síðustu árum og landsliðsþjálfarinn hefur ekki miklar áhyggjur þrátt fyrir tap.

„Við vorum búnir að segja það fyrir þennan leik að þetta væri ekki endilega spurning um úrslitin heldur bara frammistöðu. Menn fengu þarna tækifæri sem hafa fengið fá tækifæri hjá okkur. Þeir fengu að sýna sig og það var aðalmálið. Við erum að reyna að stækka hópinn,“ sagði Heimir.

Kjartan Henry Finnbogason skoraði eina mark Íslands í leiknum og var besti maður liðsins. Segja má að hann hafi verið sá eini af nýju mönnunum sem tékkaði sig almennilega inn í hópinn nú þegar marga dreymir um að komast með á HM í Rússlandi næsta sumar.

„Við ætlum ekki að fara að taka einhverja leikmenn út í fjölmiðlum. Þetta var erfiður leikur að mörgu leyti af því að það var lítill undirbúningur, langt ferðalag og tímamismunur. Við vissum að þessi leikur gæti orðið svolítið sundurtættur,“ sagði Heimir.

**Ætla að tala saman um næsta ár**

Íslenska liðið spilar ekki seinni leik sinn í ferðinni fyrr en eftir sex daga en í millitíðinni mætast lið Tékklands og Katar.

„Nú fáum við marga góða daga til þess að njóta þess að vera hérna. Við ætlum að tala um næsta ár hjá okkur. Hvað við lærðum af Frakklandi og dvölinni á Evrópumótinu og svo hvað við viljum gera betur í mótinu og í aðdragandanum. Við höfum góðan tíma og ætlum að nýta hann vel,“ segir Heimir. Nýir menn munu fá tækifærið í þessari ferð á meðan það er rólegt hjá lykilmönnum eins og Gylfa Sigurðssyni, Aroni Einari og Ragnari Sigurðssyni.

„Það var alltaf tilgangurinn með verkefninu og við látum ekkert úrslitin trufla það. Við munum sjá leikmann eins og Jón Guðna (Fjóluson) sem spilaði á sunnudaginn og var mjög þreyttur og gat ekki spilað í dag (í gær). Við sjáum hann vonandi spila í 90 mínútur í næsta leik. Það var tilgangurinn með verkefninu að sjá menn í heilum leik og sjá hvernig þeir koma út úr því. Það breytist ekkert þótt við höfum ekki unnið í dag,“ segir Heimir.

Heimir var með margar af stærstu stjörnum liðsins við hlið sér á varamannabekknum í gær. „Það er bara fínt að sitja á varamannabekknum, hlýtt og gott,“ sagði Heimir léttur.

ooj@frettabladid.is


Kjartan Henry Finnbogason fagnar marki sínu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Tólfta tapið á fjórum árum í vináttulandsleik

Íslenska karlalandsliðið í fótbolta hefur aðeins tapað 5 af 25 keppnisleikjum sínum frá árinu 2014 og hefur með því komist inn á bæði EM 2016 og HM 2018. Það er aftur á móti allt aðra sögu að segja af vináttulandsleikjum íslenska liðsins á sama tíma. Tapið fyrir Tékkum í gær var tólfta tapið í vináttulandsleik á síðustu fjórum árum.

Heimir Hallgrímsson og Lars Lagerbäck hafa alltaf verið óhræddir við að prófa nýja hluti í þessum leikjum liðsins sem skipta ekki máli og undirbúið íslenska liðið um leið enn betur undir þá leiki sem skiptu máli.


**Heimir Hallgrímsson, landsliðsþjálfari Íslands.**

Tapið í Dóha í gær er því væntanlega enn eitt dæmið um það og því ekki mikil ástæða til að hafa áhyggjur þó að sigurganga haustsins hafi endað á móti liði sem verður ólíkt Íslandi ekki á meðal þátttökuliða á HM í Rússlandi næsta sumar.

**Töp Íslands í keppnislandsleikjum 2014-17**



25 leikir í heildina

**Töp Íslands í vináttulandsleikjum 2014-17**



23 leikir í heildina

**Olís-deild kvenna í handbolta**

**Valur - Haukar 23-23**

**Markahæstar: Valur:** Díana Dögg Magnúsdóttir 6, Kristín Arndís Ólafsdóttir 4/4, Vigdís Birna Þorsteinsdóttir 3, Ragnhildur Edda Þórðardóttir 3 - **Haukar:** Guðrún Erla Bjarnadóttir12/2, Maria Pereira 7. Elín Jóna Þorsteinsdóttirvarði 19 skot. Haukar voru fimm mörkum yfir í hálfleik, 14-9.

**Staðan**

| Efst | | Neðst | |
|---|---|---|---|
| Valur | 14 | Stjarnan | 9 |
| Haukar | 11 | Selfoss | 5 |
| Fram | 10 | Grótta | 2 |
| ÍBV | 9 | Fjölnir | 2 |

**Vináttulandsleikur í fótbolta**

**Ísland - Tékkland 1-2**

**Mörkin:** 0-1 Soucek (19.), 0-2 Jan Sykora (65.), 1-2 Kjartan Henry Finnbogason (77.)

**Lið Íslands:** Rúnar Alex Rúnarsson - Hjörtur Hermannsson, Kári Árnason (46., Rúrik Gíslason), Sverrir Ingi Ingason, Hörður Björgvin Magnússon (46., Rúnar Már Sigurjónsson) - Jóhann Berg Guðmundsson (46., Theodór Elmar Bjarnason), Ólafur Ingi Skúlason (83., Diego Jóhannesson), Birkir Bjarnason (60., Arnór Ingvi Traustason), Ari Freyr Skúlason - Kjartan Henry Finnbogason, (86., Kristján Flóki Finnbogason), Viðar Örn Kjartansson.

**ÓLAFÍA Í 38. SÆTI EFTIR FYRSTA DAGINN Á HAINAN-EYJU**

Ólafía Þórunn Kristinsdóttir spilaði í nótt annan hringinn sinn á Blu Bay LPGA-mótinu sem fram fer á Hainan-eyju í Kína. Ólafía Þórunn var í 38. sæti af 81 kylfingi eftir fyrsta daginn þrátt fyrir að fá skramba á fyrstu holu. Ólafía náði fjórum fuglum á næstu tíu holum og kom á endanum inn í hús á pari vallarins. Það má finna upplýsingar um spilamennsku hennar í nótt inn á Vísi og þá er mótið sýnt í beinni útsendingu á Golfstöðinni.

**SARA BJÖRK MEÐ TVÖ MÖRK Í MEISTARADEILDINNI Í GÆR**

Sara Björk Gunnarsdóttir skoraði tvö mörk þegar Wolfsburg vann 4-0 útisigur á Fiorentina í fyrri leik liðanna í sextán liða úrslitum Meistaradeildar kvenna í fótbolta í gærkvöldi. Sara kom þýska liðinu í 1-0 á 49. mínútu og í 3-0 á 60. mínútu. Danski landsliðsfyrirliðinn Pernille Harder átti stoðsendingarnar í báðum mörkum Söru Bjarkar. Sara Björk Gunnarsdóttir hefur þar með skorað þrjú mörk í fyrstu þremur Meistaradeildarleikjunum sínum á þessu tímabili.



## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 18.00 | OHL Classic | Golfstöðin |
| 19.05 | Keflavík - Tindastóll | Sport 3 |
| 19.35 | Króatía - Grikkland | Sport |
| 19.35 | Norður-Írland - Sviss | Sport 2 |
| 04.00 | Blue Bay LPGA | Golfstöðin |

**Dominos-deild karla:**
19.15 Þór Ak. - Njarðvík
19.15 Haukar - Höttur
19.15 Keflavík - Tindastóll
19.15 Þór Þ. - ÍR

**Olís-deild kvenna:**
18.30 ÍBV - Fjölnir

**Coca Cola-bikarinn í handbolta:**
18.30 ÍBV 2 - Afturelding
19.30 ÍR - Stjarnan
20.00 Víkingur - Fjölnir

Varmadælur & loftkæling
Kælitækni


• Kyndir húsið á veturna og kælir á sumrin
• Fyrir norðlægar slóðir
• Fjarstýring fylgir
• Hægt að fá WiFi
Verð frá aðeins kr. 155.000 m.vsk
Midea MOB12
Max 4,92 kW
2,19 kW við -7° úti og 20° inni hita (COP 2,44)
f. íbúð ca 60m2.

markhönnun ehf

# nettó

*Girnilegt!*



**KALKÚNN 1/1**
FRANSKUR
**998 KR KG**



-20%

**DROTTNINGARSKINKA**
1 KG
**2.798 KR KG**
~~ÁÐUR: 3.498~~

**MELÓNA**
GUL
**109 KR KG**
~~ÁÐUR: 218 KR/KG~~



-50%

ÓDÝRT Í nettó



**SÚPUKJÖT**
**599 KR KG**
~~ÁÐUR: 689 KR/KG~~




-30%




**OKKAR LAUFABRAUÐ**
8 STK
**998 KR PK**
~~ÁÐUR: 1.367 KR/PK~~

-27%




**CELEBRATIONS DÓS**
680 GR.
**1.698 KR STK**
~~ÁÐUR: 1.998 KR/STK~~

**LB KARAMELLUTERTA**
STÓR
**1.329 KR STK**
~~ÁÐUR: 1.898 KR/STK~~

*Gott í matinn*

**URBAN SKIN**
**898 KR STK**






**DUNI SERVÉTTUR**
33X33CM
**498 KR PK**




-100KR

-200KR

**ORGANIC PIZZA**
MARGHERITA 340 GR.
**398 KR PK**
~~ÁÐUR: 498 KR/PK~~

**ORGANIC PIZZA**
MOZZARELLA & PESTO 340 GR.
**398 KR PK**
~~ÁÐUR: 598 KR/PK~~




-200KR

**ORGANIC PIZZA**
RUCOLA SALAMI 340 GR.
**398 KR PK**
~~ÁÐUR: 598 KR/PK~~

nettó

Á NETINU

**Tilboðin gilda 9. - 12. nóvember 2017**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Búðakór • Grandi • Mjódd • Salavegur • Hafnarfjörður • Hrísalundur • Glerártorg • Húsavík • Höfn • Iðavellir • Grindavík • Krossmói • Borgarnes • Ísafjörður • Egilsstaðir • Selfoss

**www.netto.is**

# Vitum að við getum farið enn lengra

**Katrín Ásbjörnsdóttir, fyrirliði Stjörnunnar, telur að liðið eigi góða möguleika gegn Slavia Prag í 16-liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu. Margir leikmenn Slavia Prag spila með tékkneska landsliðinu sem mætti því íslenska fyrir rúmum tveimur vikum.**

**FÓTBOLTI** Stjarnan tekur á móti Tékklandsmeisturum Slavia Prag í fyrri leik liðanna í 16-liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu í kvöld.

Stjörnukonur unnu sinn riðil í forkeppni Meistaradeildarinnar örugglega og drógust svo eins og venjulega á móti rússnesku liði, Rossiyanka, í 32-liða úrslitum. Fyrri leiknum í Garðabænum lyktaði með 1-1 jafntefli en Stjarnan gerði sér lítið fyrir og vann útileikinn 0-4 og tryggði sér sæti í 16-liða úrslitum í fyrsta sinn. Og þar drógust Garðbæingar á móti Slavia Prag sem hefur orðið tékkneskur meistari undanfarin fjögur ár.

„Við erum spenntar fyrir verkefninu og teljum að við eigum alveg möguleika á að fara í 8-liða úrslit. En við þurfum að gera allt rétt, spila okkar leik og vonast eftir góðum úrslitum,“ sagði Katrín Ásbjörnsdóttir, fyrirliði Stjörnunnar, í samtali við Fréttablaðið.

Þótt Slavia Prag sé sterkt lið hefði Stjarnan getað fengi mun erfiðari mótherja, eins og Frakklands- og Evrópumeistara Lyon eða Söru Björk Gunnarsdóttur og stöllur hennar í Wolfsburg.

„Þetta hefði getað verið verra. Það voru þrjú lið sem við töldum okkur eiga einhverja möguleika gegn og þetta lið var eitt þeirra. Við vorum alveg ánægðar með það og það er gaman að fara inn í 16-liða úrslit og eiga möguleika,“ sagði Katrín sem segir Slavia Prag vera með öflugt lið, enda með marga landsliðsmenn innan sinna raða.

„Þær eru flestar í tékkneska landsliðinu og margar í byrjunarliðinu. Þær eru líkamlega sterkar og pressa hátt uppi á vellinum. Við höfum séð Slavia Prag spila þannig og þær opna vörnina og svæðið milli varnar og miðju. Við þurfum að nýta okkur það og keyra á þær þegar við fáum tækifæri til,“ sagði Katrín sem var í íslenska landsliðinu sem mætti því tékkneska í undankeppni HM í síðasta mánuði. Leikar fóru 1-1.

Katrín segir að það hjálpi Stjörnunni að Ísland og Tékkland hafi mæst fyrir rúmum tveimur vikum.

„Það hjálpar. Það eru margar í Slavia Prag sem spila fyrir landsliðið. Varnarleikurinn er þeirra veikleiki og við höfum farið yfir hvernig við getum sótt á þær. Við höfum leikgreint þær vel og erum tilbúnar,“ sagði Katrín.



Stjörnukonan Lorina White á æfingu með Stjörnunni í gærkvöldi en það er ekki á hverju ári sem það er Evrópuleikur í nóvember á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> **Síðustu tvær vikur höfum við æft á fullu og tekið æfingaleiki við stráka.**
>
> Katrín Ásbjörnsdóttir, Stjörnunni

Pepsi-deild kvenna kláraðist í lok september og því er leikformið ekki mikið hjá leikmönnum Stjörnunnar, nema hjá þeim sem voru í landsliðinu. Katrín segir þó að það hafi gengið ágætlega hjá Stjörnukonum að halda sér við og undirbúningurinn fyrir leikina gegn Slavia Prag hafi verið góður.

„Það hefur gengið vel. Stelpurnar fengu tvisvar sinnum gott helgarfrí og æfðu vel þar á milli. Síðustu tvær vikur höfum við æft á fullu og tekið æfingaleiki við stráka. Það er hátt tempó á æfingu og allir einbeittir. Ég er mjög ánægð með hvernig æfingarnar hafa gengið,“ sagði Katrín.

Slavia Prag vinnur alla leiki heima fyrir með miklum yfirburðum en liðið er á toppi tékknesku deildarinnar með 28 stig eftir 10 leiki og markatöluna 77-9.

„Það er mjög erfitt að bera deildina hjá þeim og deildina hér heima saman. Við höfum aðallega skoðað leikina þeirra við Minsk í 32-liða úrslitunum. Við styðjumst mest við þá,“ sagði Katrín.

Hún segir að Evrópuleikirnir gefi tímabilinu, þar sem enginn titill kom í hús í Garðabænum, smá lit.

„Við vissum snemma í september að Íslandsmeistaratitillinn væri genginn okkur úr greipum og bikarinn líka en þetta kórónar sumarið að vera komnar svona langt. Og við vitum að við getum farið enn lengra. Þetta heldur okkur gangandi. Þetta er skemmtileg tilbreyting í nóvember,“ sagði Katrín að lokum.

ingvithor@365.is






# Mega vera kokhraustari

**KÖRFUBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið í körfubolta mætir Svartfjallalandi í fyrsta leiknum í undankeppni EM 2019 í Laugardalshöllinni á laugardaginn. Stelpurnar eiga svo leik gegn Slóvakíu í næstu viku en þær ráðast ekki á garðinn þar sem hann er lægstur. Báðar þessar þjóðir voru á EM síðast og eru gríðarlega sterkar.

Íslenska liðið sýndi að það er á góðri leið í undankeppni HM þegar það lagði Ungverjaland hér heima og það er leikur sem stelpurnar horfa til fyrir þessa tvo hrikalega erfiðu leiki.

„Sá leikur gaf okkur mjög mikið og það er gott fyrir okkur að rifja upp hvernig þetta var. Það var gaman í Höllinni fyrir framan íslenska áhorfendur með fullt hjarta af baráttu. Ef skotin detta þá getum við gert ýmsa hluti,“ segir Helena Sverrisdóttir.

„Við lendum á móti svakalegum liðum en það er engin ástæða til að vera hræddar við þetta. Þvert á móti förum við óhræddar inn í verkefnið og gerum okkar allra besta.“

Helena er óumdeilanlega besta körfuboltakona Íslands fyrr og síðar en inn í liðið undanfarin misseri hafa verið að koma gríðarlega efnilegar ungar stúlkur sem gætu seinna meir gert tilkall til titils Helenu sem sú besta. Lætur hún þessar stelpur samt ekki vita á æfingum hver er enn þá númer eitt?

„Þær eru eiginlega of kurteisar. Ég þarf frekar að reka þær í hina áttina svo þær verði aðeins kokhraustari. Við þurfum líka að vera svolítið kokhraustar á laugardaginn á móti Svartfjallalandi ef við ætlum að gera eitthvað,“ segir Helena og hlær við, en þessar ungu stelpur eru nú reyndari og styrkja liðið mikið.



Helena Sverrisdóttir er komin aftur í landsliðið. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

„Það er búið að vinna hægt og rólega í því að koma þessum ungu stelpum inn í þetta. Nú eru þær búnar að fá eitt til þrjú ár með A-landsliðinu og það er stórt fyrir þær. Svo erum við eldri í bland við þær. Einnig erum við komnar aftur með Hildi Björgu úr háskólaboltanum þannig að blandan er góð,“ segir Helena Sverrisdóttir. tomas@365.is












# OBH NORDICA TILBOÐSDAGAR

# 50%

## VALDAR VÖRUR Á HÁLFVIRÐI

OBH NORDICA

DESIGNING GOOD LIFE

**byggtogbúið**

KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTOGBUID.IS

FRÉTTABLAÐIÐ
# TÍMAMÓT
9. NÓVEMBER 2017 FIMMTUDAGUR



†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Sigríður Ingveldur Sigurðardóttir**

Gunnarsundi 7, Hafnarfirði,

lést á Hrafnistu 5. nóvember sl. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði miðvikudaginn 15. nóvember kl. 13.00.

**Börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**Eggert Þorfinnsson**

skipstjóri, Kirkjusandi 1,

lést af slysförum mánudaginn 6. nóvember.

**Kristín Ólafsdóttir**
**Þorfinnur P. Eggertsson Sara Halldórsdóttir**
**Sigurður J. Eggertsson Friðrika K. Stefánsdóttir**
**barnabörn og aðrir aðstandendur.**



†

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Ólína Anna Guðjónsdóttir**

frá Eiðhúsum, Miklaholtshreppi, síðast til heimilis að Björtuhlíð 33,

lést á hjúkrunarheimilinu Hömrum í Mosfellsbæ föstudaginn 3. nóvember. Hún verður jarðsungin föstudaginn 10. nóvember 2017 frá Lágafellskirkju í Mosfellsbæ klukkan 13.00.

**Erling Jóhannesson**
**Eva Erlingsdóttir Lárus Björnsson**
**Una Erlingsdóttir Vagn Ingólfsson**
**Jóhannes Erlingsson Valborg Guðmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Bergur Jónsson**

rennismiður, Aflagranda 40,

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni mánudaginn 30. október. Útförin fer fram í Neskirkju föstudaginn 24. nóvember kl. 13.00.

**Jón Bergsson Guðrún Sederholm**
**Björn Bergsson**
**Kristjana Bergsdóttir Atli Árnason**
**Elín Bergsdóttir Sveinbjörn Jónsson**
**Arndís Bergsdóttir Björn Þorláksson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Elskulegur eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Steinarr Guðjónsson**

bókaútgefandi, Hvassaleiti 56,

lést á hjúkrunarheimilinu Mörk í Reykjavík laugardaginn 4. nóvember. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 14. nóvember klukkan 13. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á góðgerðarfélög.

**Elsa Pétursdóttir**
**Björg Steinarsdóttir Gísli Viðar Guðlaugsson**
**Rakel Steinarsdóttir**
**Bryndís Steinarsdóttir Hermann Hermannsson**
**Sigurbjörn Magnússon**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

ÞETTA GERÐIST 9. NÓVEMBER 1986

## Sökktu hvalveiðibátunum í Reykjavíkurhöfn

Á þessum kalda nóvembermorgni 1986 vöknuðu starfsmenn Hvals við vondan draum. Búið var að sökkva tveimur skipum og vinna mikil skemmdarverk á starfsstöð Hvals í Hvalfirði.

Spjótin beindust fljótt að Sea Shepard og viðurkenndi Paul Watson, formaður samtakanna, að samtökin hefðu sent Breta og Bandaríkjamann til landsins til að gera sem mestan skaða. „Við höfum skaðað efnahag fyrirtækisins sem stendur að baki hvalveiðunum og náð heimsathygli," sagði Watson í samtali við Þjóðviljann sem kom út þriðjudaginn 11. nóvember.

Hann sagði jafnframt við blaðið að mennirnir sem staðið hefðu að skemmdarverkunum væru komnir til lands sem myndi ekki framselja þá.

Watson var harðorður í garð Íslendinga í viðtalinu. Hann sagði hvalveiðar þeirra glæpsamlegar og sagðist hæstánægður ef samtökin yrðu lögsótt fyrir athæfi sitt.

Grænfriðungar fordæmdu þó aðgerðir Sea Shepard og töldu að samtökin hefðu skaðað málstað hvalfriðunarsinna.

Rannsóknarlögregla ríkisins og dómsmálaráðuneytið unnu að rannsókn málsins. Steingrímur Hermannsson, þáverandi forsætisráðherra, sagði í samtali við Þjóðviljann að athugað yrði með kröfu um framsal mannanna en ekki hefur enn komið til þess.

Steingrímur sagðist vera óánægður með hvernig brugðist hefði verið við af hálfu lögreglunnar og sagði: „Manni hlýtur að detta handvömm í hug." **– bb**



**Lífið brosir svo sannarlega við Eric Damgaard þessa dagana. Hann átti eitt sinn fjölmarga milljarða eftir að Microsoft keypti af honum hugbúnað en tapaði þeim öllum í hruninu. Nú er hann kominn aftur og verður með fyrirlestur í dag.**

# Tölvugúrúinn sem varð fjárfestir en tapaði öllu

**Danski hugbúnaðarverkfræðingurinn og frumkvöðullinn Erik Damgaard verður aðalgestur á ráðstefnu um bókhaldskerfið Uniconta, sem haldin verður í dag. Erik er stofnandi og aðalhönnuður Uniconta en ferill hans í hugbúnaðarþróun spannar rúm 30 ár.**

Erik Damgaard er stofnandi og aðalhönnuður Uniconta en ferill hans í hugbúnaðarþróun spannar rúm 30 ár, þar sem skipst hafa á skin og skúrir. Hann hannaði bókhaldskerfin Dynamics AX og Dynamics C5 og varð milljarðamæringur á nánast einni nóttu þegar Microsoft keypti hugbúnaðarlausnir hans árið 2002.

Í kjölfarið starfaði Erik um stund í höfuðstöðvum Microsoft í Seattle, áður en hann sagði skilið við hugbúnaðarbransann. Hann hellti sér í ýmiss konar fjárfestingar, með báða vasa fulla fjár, og var sérstaklega stórtækur í fasteignaviðskiptum.

Hrunið fór illa með Erik, eins og hann hefur oft talað opinberlega um, og tapaði hann gífurlegum fjármunum á stuttum tíma. Það má segja að frumkvöðullinn í Erik hafi vaknað af dvala þegar hann stóð andspænis erfiðleikum, en reglulega var fjallað um fjármálaraunir hans og skrautlegt einkalíf í dönskum fjölmiðlum. Þannig fæddist nýjasta frumkvöðlaverkefni Danans, bókhaldskerfið Uniconta – bókhaldskerfi í skýinu sem byggt er á nýjustu fram- og bakendalausnum Microsoft.

> Ég var með of mikinn eldmóð til að sitja bara og fjárfesta. Ég var 48 ára gamall þegar ég byrjaði á ný. Ég elska enn að gera það sem ég geri.

„Þetta er ekki í fyrsta sinn sem ég kem til Íslands. Langt í frá. Þessi heimsókn er bara vinnutengd – síðast tók ég konuna mína með mér og við vorum heila viku að lifa og njóta. Það var frábær heimsókn. En núna er kalt og dimmt þannig ég verð aðallega við vinnu," segir Erik sem býr á Spáni og því kannski eðlilegt að honum finnist vetrarkuldinn svolítið yfirþyrmandi.

„Ég byrjaði að skrifa forrit um 1984 og sýndi mitt fyrsta forrit skömmu síðar. Síðan var ég 18 ár í því fyrirtæki þangað til við seldum það til Microsoft. Ég vann aðeins í Seattle en kúplaði mig fljótt út úr forritageiranum og gerðist fjárfestir. Það gekk ekki svo vel því ég lenti illa í kreppunni og tapaði miklum peningum. Það er líka ekki jafn gaman að vera fjárfestir og að eiga sitt eigið fyrirtæki."

Eftir að hafa verið á hliðarlínunni í nokkur ár skrifaði hann Uniconta sem sló í gegn. Þá var hann búinn að skoða póker á netinu og hafði skrifað forrit fyrir banka. Hann segir margt jákvætt við að vera í skýinu með forritið og með alla þá reynslu sem hann hefur er það mjög lausnarmiðað. „Engir vilja breyta því sem þeir eru vanir að gera heldur vill fólk breytingar því að það vill eitthvað meira með því sem er vant að gera."

Ingvaldur Thor Einarsson, framkvæmdastjóri og stofnandi Uniconta á Íslandi, segir það mikinn feng fyrir Íslendinga að fá Erik Damgaard til landsins.

„Hann er án efa einn fremsti sérfræðingur veraldar í viðskiptalausnum og bókhaldskerfum og það er mikill heiður að hann vilji sækja Ísland heim til að fræða okkur um þá fjölmörgu möguleika sem Uniconta býður upp á," segir Ingvaldur, sem hefur miklar mætur á Erik.

„Hann er ekki aðeins fagmaður fram í fingurgóma heldur einstaklega skemmtilegur maður sem er hokinn af reynslu. Saga hans er mjög áhugaverð, svo vægt sé til orða tekið, og hægt að draga af henni ýmsan lærdóm. Það er einnig mjög gefandi að vinna með frumkvöðli sem er að nálgast sextugt, en gefur sér yngra fólki ekkert eftir þegar kemur að orku, ástríðu og sköpunargáfu."

Erik segir að það séu enn not fyrir gamla frumkvöðla. „Ég var með of mikinn eldmóð til að sitja bara og fjárfesta. Ég var 48 ára gamall þegar ég byrjaði á ný. Ég elska enn að gera það sem ég geri. Það vinna margir ungir hjá mér og unga fólkið er ágætt en það vill gera eitthvað annað en það sem skiptir máli. Gamla kynslóðin sér um það og það eru enn not fyrir okkur."

**benediktboas@365.is**


LÁTTU EKKI
SÍMANN
PLATA ÞIG
365 er á sama farsímakerfi
og Síminn en á mun lægra verði
365
11GB +
SMS
2.590 KR.
Veldu GSM hjá 365 og fáðu 11 GB af neti í símann
ásamt endalausum símtölum og sms á 2.590 kr.
Á mánuði
365.is | 1817
365

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Fimmtudagur

Hvöss norðvestlæg átt um landið austanvert, einkum á annesjum, en mun hægari breytileg átt annars. Él norðaustan til og einnig má gera ráð fyrir stöku éljum suðvestanlands, en víða bjartviðri í öðrum landshlutum. Hiti nálægt frostmarki við sjávarsíðuna, en annars 1 til 7 stiga frost.




## Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 3° | -2° | -2° |
| → 7 | ← 3 | ↘ 5 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| -3° | -1° | -7° |
| ↘ 7 | → 7 | ↗ 4 |

## Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 0° | -4° | -3° |
| ↙ 2 | ↗ 5 | ↓ 10 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| -4° | -2° | -7° |
| ↘ 13 | ↘ 16 | ↓ 9 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 8 | | 4 | | | 2 | | |
| | | | | 3 | 1 | | 8 | 4 |
| | | 5 | | 6 | | | 7 | |
| | | | | 1 | | 4 | | |
| | 7 | | 6 | 2 | | | | 5 |
| 4 | | 9 | | | 7 | 1 | 6 | |
| | | | | | | | | 1 |
| 5 | | 7 | | | | 9 | | |
| | 2 | 6 | | 5 | 3 | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | 5 | | 2 | | | | 3 |
| | 4 | | | | | 2 | | |
| 3 | | | 4 | 6 | 1 | | 7 | |
| | | | | | 5 | | | 6 |
| | | | 9 | 1 | | 7 | | |
| 5 | | 4 | | 8 | 2 | | | |
| | 5 | 2 | 1 | | 4 | 9 | | |
| | | | | | | 4 | 1 | |
| | | | | | 7 | 3 | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | | | | | | 6 | | |
| | | | | 2 | | | | 4 |
| | | 4 | | 7 | | | | |
| 5 | 4 | | | | | 3 | | |
| | | 2 | 8 | 9 | | | 5 | |
| 7 | | | 2 | | | 8 | | |
| 8 | | | 4 | | 6 | 1 | 9 | |
| | 9 | | 3 | | | | 7 | 6 |
| 3 | | | | | | | | |

## Skák Gunnar Björnsson

Ding Liren (2.774) tefldi að margra mati skák ársins gegn Jinshi Bai (2.553) á Meistaramóti Kína í sveitakeppni.
**Svartur á leik**
**15. … dxc3! 16. Hxd8 cxb2+ 17. Ke2 Hxd8 18. Dxb2 Ra4 19. Dc2 Rc3+ 20. Kf3.** Framhald skákarinnar skoðum við á morgun.

**www.skak.is.** Norðurljósamótið hefst á morgun.




| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 9 | 8 | 5 | 6 | 3 | 1 | 7 | 4 |
| 4 | 1 | 5 | 7 | 2 | 9 | 8 | 3 | 6 |
| 6 | 7 | 3 | 8 | 4 | 1 | 5 | 9 | 2 |
| 5 | 2 | 1 | 9 | 7 | 4 | 6 | 8 | 3 |
| 3 | 8 | 4 | 6 | 1 | 5 | 7 | 2 | 9 |
| 7 | 6 | 9 | 2 | 3 | 8 | 4 | 5 | 1 |
| 8 | 4 | 2 | 1 | 9 | 7 | 3 | 6 | 5 |
| 9 | 3 | 7 | 4 | 5 | 6 | 2 | 1 | 8 |
| 1 | 5 | 6 | 3 | 8 | 2 | 9 | 4 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 7 | 8 | 9 | 1 | 5 | 4 | 2 | 6 |
| 9 | 4 | 6 | 2 | 3 | 8 | 7 | 5 | 1 |
| 1 | 2 | 5 | 4 | 6 | 7 | 8 | 3 | 9 |
| 7 | 5 | 2 | 1 | 8 | 3 | 9 | 6 | 4 |
| 8 | 9 | 4 | 5 | 2 | 6 | 1 | 7 | 3 |
| 6 | 1 | 3 | 7 | 4 | 9 | 2 | 8 | 5 |
| 2 | 3 | 1 | 6 | 7 | 4 | 5 | 9 | 8 |
| 4 | 6 | 9 | 8 | 5 | 2 | 3 | 1 | 7 |
| 5 | 8 | 7 | 3 | 9 | 1 | 6 | 4 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 6 | 8 | 2 | 3 | 9 | 5 | 7 | 1 |
| 9 | 5 | 7 | 8 | 1 | 4 | 2 | 3 | 6 |
| 1 | 2 | 3 | 6 | 5 | 7 | 8 | 9 | 4 |
| 2 | 4 | 1 | 9 | 6 | 3 | 7 | 8 | 5 |
| 3 | 8 | 6 | 7 | 4 | 5 | 9 | 1 | 2 |
| 7 | 9 | 5 | 1 | 8 | 2 | 4 | 6 | 3 |
| 6 | 7 | 4 | 3 | 2 | 8 | 1 | 5 | 9 |
| 5 | 1 | 9 | 4 | 7 | 6 | 3 | 2 | 8 |
| 8 | 3 | 2 | 5 | 9 | 1 | 6 | 4 | 7 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. kirkjuleiðtogi
6. hæð
8. landspilda
9. lærir
11. í röð
12. rjála
14. gá
16. skóli
17. yfirbreiðsla
18. kærleikur
20. kvað
21. samtök

**LÓÐRÉTT**
1. helminguð
3. málmur
4. skóhljóð
5. svelg
7. ná í
10. atvikast
13. að
15. sáðjörð
16. blástur
19. drykkur




**LÁRÉTT:** 2. páfi, 6. ás, 8. lóð, 9. les, 11. tu, 12. fikta, 14. leita, 16. ma, 17. lak, 18. ást, 20. ku, 21. stef.
**LÓÐRÉTT:** 1. hálf, 3. ál, 4. fótatak, 5. iðu, 7. seilast, 10. ske, 13. til, 15. akur, 16. más, 19. te.






## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# VORRÚLLU-OFURTILBOÐ




**Iceland Vegetable Spring Rolls og Iceland Duck Spring Rolls**

**199 KR/PK.**

Verð áður ~~299~~ KR/PK




Tilboðið gildir til 15.11.2017 eða á meðan birgðir endast

OPIÐ 24 TÍMA

Jólareikningur Netgíró
VERSLAÐU Í DAG. BORGAÐU Í FEBRÚAR.
Netgíró

Iceland

ENGIHJALLI – VESTURBERG – ARNARBAKKI – GLÆSIBÆR – STAÐARBERG

# Listin að búa til myndir í huganum

**Blindrahundur, ný heimildarmynd um líf og list Birgis Andréssonar myndlistarmanns, eftir Kristján Loðmfjörð, fer í almennar sýningar í Bíói Paradís í kvöld.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Myndlistarmaðurinn Birgir Andrésson var um margt bæði einstakur listamaður og heillandi einstaklingur. Birgir lést árið 2007 aðeins 52 ára að aldri en þá lá þegar eftir hann mikið og heillandi höfundarverk. Kristján Loðmfjörð kvikmyndagerðarmaður heillaðist ungur af verkum Birgis en í kvöld fer í almennar sýningar í Bíói Paradís heimildarmyndin Blindrahundur, um list og ævi Birgis í leikstjórn Kristjáns.

Kristján segir að upphaflega hafi hann tekið viðtal við Birgi árið 2003. „Á þessum tíma var ég í myndlistarnámi í Hollandi en fór heim í jólafrí þrátt fyrir að hafa trassað eitthvað listasöguverkefni. Kennarinn bað mig því um að gera eitthvað á meðan ég væri heima og að það mætti þess vegna vera vídeóvinnsla þar sem ég var ekki kominn með hollenskuna á hreint. Ég hafði áður heillast af mörgum af verkum Birgis og fannst hann vera spennandi karakter. Hann hafði kennt vinum mínum einhverja kúrsa í Listaháskólanum heima og ég fékk þá til þess að kynna mig fyrir honum og það varð úr að ég hékk með honum eina helgi á vinnustofunni. Birgir var einstaklega skemmtilegur maður og ég átti alltaf þetta viðtal enda þótti mér vænt um hann eftir þessa stund á vinnustofunni. Þetta viðtal var svona kveikurinn að því að gera þessa heimildarmynd en síðan var snemma tekin ákvörðun um að nota það ekki heldur fara þá leið að Birgir birtist aldrei í mynd.“

Kristján segir ástæðuna fyrir því vera að myndin sé unnin mikið til í anda verka Birgis. „Það er mikið af myndmáli þarna sem rímar annars vegar við frásagnirnar hverju sinni eða þá stök myndlistarverk eftir Birgi. Það er þá myndmál sem ég bý til sjálfur en þetta byggir allt á þeirri nálgun sem var snemma ákveðin og miðar að því að stíga inn í myndheim Birgis og hugmyndaheim.“

> **ÞARNA VORU EINBÚAR OG ÝMSIR KYNLEGIR KVISTIR SEM FLUTTU Í ÞETTA HÚS ÚR SVEITINNI VEGNA BLINDU EÐA SJÓNSKERÐINGAR OG BIRGIR TÓK INN ALLA ÞESSA MENNINGU OG MANNLÍF SEM ÞVÍ FYLGDI.**

### Huglæg mynd

Birgir var fæddur í Vestmannaeyjum en móðir hans féll frá þegar hann var aðeins þriggja ára gamall. Andrés, faðir Birgis, var blindur og fluttu þeir feðgar þá í hús Blindrafélagsins við Hamrahlíð. Þar átti Birgir sín uppvaxtarár hjá föður sínum og stjúpmóður sem var einnig blind. Kristján segir að óneitanlega hafi þessar sérstöku aðstæður á uppvaxtarárum Birgis haft mikil áhrif á að móta hann sem listamann. „Birgir nýtti þetta og vann til að mynda mikið með lýsingar í sínum verkum. Stór hluti hans verka eru textaverk sem ganga aðallega út á lýsingar eins og t.d. textar sem hann fann í gömlum bókum um mannlíf, íslenska þjóðhætti og sitthvað fleira í þeim dúr. Hann sótti mikið í efni á borð við þetta og sagði sjálfur að honum þætti miklu einfaldara að búa til mynd með texta og leyfa síðan áhorfendunum að ákveða hvernig hún liti út. Þannig að það að búa til myndir í huganum var stór þáttur í hans myndlist og þess vegna vildi ég fremur gera slíka mynd. Mynd sem væri í raun frekar huglæg en efnislæg.“

### Sveit í borg

Þó svo ferill Birgis hafi um margt verið farsæll, hann var til að mynda fulltrúi Íslands á Feneyjatvíæringnum 1995, þá var hann á einhvern hátt alla tíð á jaðrinum ef svo má segja. „Já, hann skar sig úr. Hann gerði það á marga vegu og viðfangsefni verkanna áttu sinn þátt í því. En þegar Birgir byrjaði í myndlist þá gekk hann eiginlega SÚM kynslóðinni á hönd og tók upp það verklag og form.

En síðan þroskast hann og fer að öðlast meira sjálfstæði og það var ekki síst fyrir þann sagnfræðilega vinkil sem birtist svo víða í hans verkum. Þetta reyndar leiddi til þess að hann náði til mjög breiðs hóps listunnenda vegna þess að hann var að vinna með íslenskan menningararf þar sem hann dró fram þetta sérvitra og sérstaka. Eitthvað sem hafði í raun verið reynt að sópa undir teppið af sagnfræðingum síðustu aldar þegar það var verið að móta ímynd Íslands út á við.

Hús Blindrafélagsins og það samfélag sem þar var að finna var svo einmitt að miklu leyti þetta gamla Ísland sem var að hverfa í uppgangi borgarasamfélagsins í Reykjavík. Þarna voru einbúar og ýmsir kynlegir kvistir sem fluttu í þetta hús úr sveitinni vegna blindu eða sjónskerðingar og Birgir tók inn alla þessa menningu og mannlíf sem því fylgdi.“ Kristján segir að einstök verk vísi mjög skýrt í þennan bakgrunn en einskær áhugi hans á menningararfinum hafi þó verið lykilatriði. „Hann var heillaður af þessari gömlu sveitamennsku og þessum hverfandi menningararfi sem má eflaust rekja til þessa bakgrunns. Til þess að alast upp í gamalli sveit en inni í miðri borg á sama tíma.“



Kristján Loðmfjörð, leikstjóri heimildarmyndarinnar Blindrahundur, sem sýnd er í Bíói Paradís. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA



Stilla úr myndinni Blindrahundur sem segir frá ævi og list Birgis Andréssonar.

### Ein saga

En eiga verk Birgis mikið erindi í dag? „Já, tvímælalaust. Það er ekki hægt að segja að hann hafi verið alþýðulistamaður vegna þess að hann vinnur innan lögmála samtímamyndlista. Hann er einn af fremstu listamönnum síns tíma en um leið tekur hann inn þessi element sagnfræðinnar á myndrænan hátt og leiðir þar fram þetta gamla samfélag með einstökum hætti. Þetta er list sem á eftir að eiga erindi við okkur um ókomna tíð.“

En hvort skyldi Kristján þá leitast við að segja sögu Birgis eða verkanna? „Upprunalega kom ég til Birgis til þess að ræða um verkin hans en hann var sjálfur gríðarlega mikill sagnamaður. Það sem var heillandi við þessa heimsókn var að það voru alltaf einhverjar sögur, ýmist fyndnar eða alvörugefnar á bak við hvert einasta verk sem höfðu svo reyndar ekkert með lokaútkomuna að verkinu að gera. Þannig að það sem heillaði mig er hvað þetta tvinnast mikið saman, karakterinn og verkin, hugmyndin með myndinni er því að segja það sem eina sögu.“

# Kúkabrandarar geta verið alvörumál

**BÆKUR**

**Amma best**
★★★☆☆

**Höfundur:** Gunnar Helgason
**Útgefandi:** Mál og menning
**Prentun:** Bookwell, Finnlandi
**Síðufjöldi:** 192
**Kápuhönnun:** Rán Flygenring

Á nýafstöðnu barnabókaþingi í ráðhúsi Reykjavíkur var rætt um hve lítið er gefið út af barnabókum hér á landi og rithöfundar sjái sér ekki hag í að skrifa slíkar bækur. Þá var margbent á að íslensk börn lesi ekki nógu mikið – að sumu leyti vegna þess að það eru ekki skrifaðar og gefnar út nógu margar bækur. Gunnar Helgason hefur svo sannarlega lagt sitt af mörkum til að stækka hinn smáa íslenska barnabókamarkað og hefur alls sent frá sér 12 barnabækur, þar af 9 hnausþykkar á síðustu sjö árum. Geri aðrir betur!

Hans nýjasta bók, Amma best, er fjórða sagan um fermingarstúlkuna Stellu, sorgir hennar og sigra. Fyrstu tvær bækurnar hafa notið mikilla vinsælda en ég er hrædd um að margir hafi misst af þriðju bókinni, Stráklakefanum, sem hægt er að lesa ókeypis á vef Menntamálastofnunar. Amma best er beint framhald fyrri bókanna þriggja og hefst rúmum þremur vikum fyrir fermingu Stellu. Auk þessa stórviðburðar fjallar bókin um kærastavandamál og fjölskylduvandamál, sem einkum tengjast ömmu best sem kemur alla leið frá Köben til að vera við fermingu Stellu. Yfir öllu þessu svífur svo bráðfyndinn kúkabrandari – sem er líka dauðans alvara, í orðsins fyllstu merkingu, og gerir Stellu ákaflega skelkaða.

Vandræðin sem Stella glímir við eru vandamál sem langflestir unglingar kannast við, jafnvel þótt vandræði Stellu séu ýktari og farsakenndari en gengur og gerist og meira að segja þótt Stella sé með klofinn hrygg og ferðist í hjólastól. Stella er, þegar öllu er á botninn hvolft, alveg eins og aðrir vandræðalegir unglingar og því eiga lesendur auðvelt með að spegla sig í henni. Stella sjálf er viðkunnanleg persóna sem tekur út mikinn þroska í bókunum en hún er hins vegar langt í frá fullkomin. Fyndin er hún en alls ekki jafn fyndin og aukapersónur á borð við Hanna granna, ömmu snobb og Siggu litla bróður sem á bágt með að segja r. Lesandi getur hreinlega átt á hættu að fá harðsperrur í brosvöðvana við lesturinn. Hins vegar eru brandararnir oft svo yfirþyrmandi að sagan sjálf týnist í öllum húmornum. Til dæmis finnst mér sá hluti sögunnar sem snýr að vandamálum tengdum kúk – svo ekki sé of mikið gefið upp hér – mjög áhugaverður en húmorinn leikur þar of stórt hlutverk og gerir söguna hreinlega ótrúverðuga. Á þetta til að mynda við um samskipti Stellu og fjölskyldunnar við læknastéttina.




Amma best er skemmtileg bók en ekki sú besta í bókaflokknum um Stellu en bæði finnst mér Mamma klikk og Pabbi prófessor betur skrifaðar og fléttan úthugsaðri. Engu að síður óska ég þess innilega að Gunnar haldi áfram að skrifa um Stellu. Íslensk börn þurfa sárlega á góðum bókaflokkum að halda, skemmtilegum og vel skrifuðum doðröntum sem halda athygli þeirra og fá þau til að flykkjast í bókasöfnin og athuga hvort höfundurinn sé ekki búinn að skrifa meira. **Helga Birgisdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Ágæt viðbót við sérlega vel lukkaðan bókaflokk. Haltu áfram að skrifa, Gunnar!


MIÐNÆTUROPNUN
Í ÚTILÍF KRINGLUNNI
20%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM
30% AFSLÁTTUR
AF VÖLDUM NIKE SKÓM
SÉRFRÆÐINGAR VERÐA Á STAÐNUM
OG VEITA GÓÐ RÁÐ
ÚTILÍF
síðan 1974
KRINGLUNNI • SMÁRALIND
utilif.is
ÁRNASYNIR



„Ég lærði í Gautaborg en fór í skiptinám til Vilnius í Litháen, svo var ég heima í fjögur ár, vann í skóla og vaskaði upp á Argentínu með myndlistinni," segir Úlfur sem flutti til Strassborgar í vor en er í heimsókn á landinu. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Vill að fólk hugsi um boðskap verkanna þegar það fer heim

**Litríkar myndir Úlfs Karlssonar myndlistarmanns eru að ráðast á veggi Listasafns Reykjanesbæjar við Duusgötu. Sýningin Úlfur við girðinguna verður opnuð þar nú á laugardaginn.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Ég málaði þessar myndir hér heima síðasta vetur áður en ég flutti til Strassborgar í Frakklandi. Þar deili ég nú vinnustofu með öðrum og reyni að lifa af listinni," segir Úlfur Karlsson myndlistarmaður sem opnar sýninguna Úlfur við girðinguna á laugardaginn klukkan 14 í Listasafni Reykjanesbæjar. Það er 22. sýning hans og heitið vísar til staðsetningarinnar, nærri gömlu flugvallargirðingunni þar sem fyrrum mættust íslensk og bandarísk menning, Íslendingasögur og teiknimyndasögur, rímnastemmur og rokktónlist, sviðakjammar og Hershey's-súkkulaði.

Myndir Úlfs eru margslungnar og hafa sitthvað að segja, þær stærstu eru 3,20 m á breidd. „Ég er meðal annars að deila á það þegar menn etja öðrum saman eða út í einhverjar hættur en græða sjálfir á tiltækinu. Ég get nefnt umboðsmenn boxara og líka hershöfðingja sem láta aðra slást en standa sjálfir til hliðar. Svo geri ég hljóðverk og mála yfirleitt einn vegg svartan á bak við svo fólk upplifi að það sé í bíói. Ég vil að fólk hugsi um boðskap verkanna þegar það fer heim, stígur upp í bílinn eða röltir í burtu."



Ein myndanna sem Úlfur sýnir í Reykjanesbæ.

Úlfur kveðst hafa teiknað frá því hann man eftir sér. „Ég var líka mikið í kvikmyndagerð þegar ég var yngri. Gerði stuttmynd sem hét Piroat þegar ég var krakki, hún fór á stuttmyndahátíð í Bandaríkjunum 2003, ég held að það hafi birst viðtal við mig í Fréttablaðinu þá. Á Akureyri byrjaði ég í myndlist en langaði að prófa eitthvað nýtt og dreif mig í skóla til Gautaborgar. Það var gaman. Þar gat ég búið í vinnustofunni og þá gat ég unnið nótt sem dag. Tók gömul málverk sem aðrir höfðu hent í ruslagáma og spreyjaði þau eins og ég vildi. Nú er ég kominn í meiri fínvinnu. Er reyndar enn með hráan stíl en það eru komin meiri smáatriði."

Sýningin hans Úlfs stendur til 14. janúar og safnið er opið alla daga frá klukkan 13 til 17. Sýningarstjórinn, Aðalsteinn Ingólfsson, og Úlfur sjálfur verða með leiðsögn á sunnudaginn 12. nóvember klukkan 16.

Mundir þú eftir að bursta og skola í morgun?
GUM eru hágæða tannvörur
tannlæknar mæla með GUM tannvörum



... fæst í næsta apóteki og helstu stórmörkuðum
allar upplýsingar á www.icecare.is

MARGIT BRANDT COPENHAGEN
DRANELLA
PULZ JEANS



MOMO
TÍSKUVÖRUVERSLUN
Garðatorgi 1 | www.momo.is | S: 588-2880

K371 sófi
Fáanlegt í leðri og tauáklæði, margir litir
3ja sæta 2ja sæta og stólar



Komið og skoðið úrvalið
Opið virka daga 11-18
laugardaga 11-15
NÝFORM
HÚSGAGNAVERSLUN
Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is

Njóttu þess að fara í sund / sjósund
Verndaðu eyrun með Ear Band-It Ultra eyrnaböndum og eyrnatöppum



Fyrirbyggjandi vörn gegn eyrnabólgu og nauðsynlegt fyrir þá sem eru með rör í eyrum eða viðkvæm eyru.
Til í þremur stærðum.
Dreifing:
Ýmus ehf. - Sími 5331700
Dalbrekku 2, 200 Kópavogur
ymus@ymus.is - www.ymus.is

SAKRAMENTIÐ EFTIR ÓLAF JÓHANN ÓLAFSSON

# STÓRBROTIN SKÁLDSAGA!



★★★★★ PÁLL BALDVIN BALDVINSSON, FT UM MÁLVERKIÐ

„FRAMÚRSKARANDI HÖFUNDUR.“ BOSTON GLOBE




**SAKRAMENTIÐ EFTIR ÓLAF JÓHANN ÓLAFSSON ER ÁHRIFAMIKIL SKÁLDSAGA UM SEKT OG SAKLEYSI, ÁST OG EFTIRSJÁ, YFIRHYLMINGU OG LEYND.**

Nemandi í Landakotsskóla verður vitni að því þegar séra Ágúst Frans skólastjóri hrapar niður úr turninum á Kristskirkju. Tveimur áratugum síðar vill drengurinn hitta nunnuna sem í aðdraganda þessa atburðar var fengin til að rannsaka framkomu skólastjórans við nemendur.

## KEMUR Í VERSLANIR Í DAG!

VERÖLD

BÍÓ

# Fjölmennt á mynd um Reyni sterka

Það var margt um manninn á forsýningu heimildarmyndarinnar Reynir sterki á þriðjudaginn. Myndin segir frá lífshlaupi Reynis Arnar Leóssonar sem á heimsmet í heimi aflrauna en átti átakanlega ævi. „Ég hef verið með Reyni á heilanum í 32 ár. Ég hef vitað í 20 ár að ég myndi gera þessa mynd og það tók 10 ár að gera hana,“ segir Baldvin Z, leikstjóri myndarinnar.


Baldivin Z og Einar Örn Reynisson, sonur Reynis sterka. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK


Andri Már, Þorsteinn Grétar, Hafþór Júlíus og Andri Reyr.


Eva Vala Guðjónsdóttir og Bergur Þór Ingólfsson.


Fríða Arnalds og Ólafur Arnalds.


Ásgrímur Sverrisson og Sverrir Kr. Bjarnason.


Pétur Óli, Margrét Jónasdóttir, Arnbjörg og Þórhallur.


Alda Karen og Antonía Lárusdóttir.




VIKING
HVERNIG SEM VIÐRAR
TAX FREE
AF VIKING SKÓM OG STÍGVÉLUM
DAGANA 9-12. NÓVEMBER
VIKING Playtime
stærðir 21-30
VIKING Totak
stærðir 21-31
VIKING Istind
stærðir 25-40
VIKING Frost Fighter
stærðir 21-39
VIKING Nordlys
stærðir 25-40
VIKING Jade
stærðir 31-41
VIKING Sludd
stærðir 28-41
VIKING Eagle
stærðir 33-43
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

ÞÚ FÆRÐ Coca-Cola Í LAUGARÁSBÍÓI
LAUGARÁS BÍÓ – bara lúxus –
AUKAKRÓNUR 5%
midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
A BAD MOMS CHRISTMAS – SÝND KL. 5.30, 8, 10.15
THE FOREIGNER – JACKIE CHAN, PIERCE BROSNAN – SÝND KL. 8, 10.25
HAPPY DEATH DAY – SÝND KL. 10
Hneturánið 2 – SÝND KL. 5.30
UNDIR TRÉNU – Lífið er stríð og heimilið vígvöllur – SÝND KL. 8

SAMBÍÓIN SAMbio.is
KAUPTU BÍÓMIÐANN Í SAMBÍÓ APPINU

ONLY THE BRAVE – Josh Brolin, Miles Teller, Jeff Bridges, James Badge Dale, Taylor Kitsch, Jennifer Connelly – Based on the true story of the Granite Mountain Hotshots – Variety, Cinemablend, The Hollywood Reporter – 90%
THOR RAGNAROK – Chris Hemsworth, Tom Hiddleston, Cate Blanchett, Idris Elba, Jeff Goldblum, Tessa Thompson, Karl Urban, Mark Ruffalo, Anthony Hopkins – Total Film, The Telegraph, The Hollywood Reporter, Empire, Cinemablend – 93% – Marvel Studios – Lenovo

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | |
|---|---|
| THOR:RAGNAROK 3D | KL. 6 - 9 |
| THOR:RAGNAROK 2D | KL. 5 - 8 - 10:50 |
| THOR:RAGNAROK 2D VIP | KL. 5 - 8 - 10:50 |
| ONLY THE BRAVE | KL. 5 - 8 - 10:50 |
| GEOSTORM | KL. 8 - 10:30 |
| THE SNOWMAN | KL. 8 - 10:30 |
| LEGO NINJAGO ÍSL TAL | KL. 5:40 |
| SKRÍMSLAFJÖLSKYLDAN ÍSL TAL | KL. 5:50 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | |
|---|---|
| THOR:RAGNAROK 2D | KL. 5:15 - 8 - 9 - 10:45 |
| ONLY THE BRAVE | KL. 6 - 7:45 - 10:30 |
| GEOSTORM | KL. 8 - 10:20 |
| HOME AGAIN | KL. 5:50 |
| LEGO NINJAGO ÍSL TAL | KL. 5:30 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | |
|---|---|
| THOR:RAGNAROK 3D | KL. 5:10 - 8 - 10:50 |
| ONLY THE BRAVE | KL. 8 - 10:50 |
| LEGO NINJAGO ÍSL TAL | KL. 5:40 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI – NÚMERUÐ SÆTI | |
|---|---|
| THOR:RAGNAROK 3D | KL. 4:45 - 7:30 - 10:15 |
| THOR:RAGNAROK 2D | KL. 6 - 9 |
| ONLY THE BRAVE | KL. 6 - 9 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | |
|---|---|
| THOR:RAGNAROK 3D | KL. 8 - 10:50 |
| ONLY THE BRAVE | KL. 8 |
| A BAD MOMS CHRISTMAS | KL. 10:50 |

Frá þeim sömu og færðu okkur Independence Day
Hörkuspennandi hamfaramynd
SOME THINGS WERE NEVER MEANT TO BE CONTROLLED
GEOSTORM – Gerard Butler, Jim Sturgess, Abbie Cornish, Ed Harris, Andy Garcia
REESE WITHERSPOON Home Again – Entertainment Weekly, New York Post
Besta rómantíska gamanmynd ársins!
Byggð á metsölubók Jo Nesbø
THE SNOWMAN
THE LEGO NINJAGO MOVIE – USA Today, IndieWire
Sýnd með íslensku tali

# Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is



Moses Hightower spilar í Garðabæ í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## 9. NÓVEMBER 2017

### Tónlist

**Hvað?** lowercase nights special
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu
Jarþrúður Karlsson, Nicolas Kunysz, Sindri Geirsson og Þóranna Dögg Björnsdóttir spinna af fingrum fram við kvikmynd að eigin vali á sérstöku lowercase-kvöldi (lágstafakvöldi) í Mengi. Viðburðurinn hefst klukkan 21 og miðaverð er 2.000 krónur.

**Hvað?** Hljómsveitin Vio & Teitur Magnússon
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Gaukurinn, Tryggvagötu
Hljómsveitin Vio & Teitur Magnússon halda saman tónleika á Gauknum. Aðgangseyrir er 1.000 krónur.

**Hvað?** Frönsk kaffihúsastemning í Petersen svítunni
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Petersen svítan, Ingólfsstræti
